allt

Halldóra Þorsteinsdóttir:

*Lýsir eftir einkaþjálfara*

• heilsa



Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Betsson.com:

*Tugir veðjuðu um úrslitin í Idol*

• íslenskur veðbanki á netinu



SÍÐA 38 ▶

Kúrekaklappstýrur:

*Heimsóttu Ísland*

• kíktu í kirkju



SÍÐA 38 ▶

Úrslitakeppni Intersportdeildarinnar:

*Keflvíkingar burstuðu ÍR-inga*

• jöfnuðu einvígið í 1–1



SÍÐA 26 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. mars 2005 – 79. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## ÞRIÐJUDAGUR



**ÞYNGRI REFSING** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir höfuðpaurnum í Skeljungsráninu. Fangelsisdómur er þyngdur um sex mánuði enda ekkert komið fram sem rýrði sönnunargildi játningar mannsins hjá lögreglu. **Sjá síðu 2**

**DEILT UM LEIKSKÓLA** Fjármálaráðherra gagnrýnir að borgin ætli að nota fjármuni frá ríkinu til að greiða niður leikskólagjöld. Verið sé að setja þrýsting á önnur sveitarfélög. Borgarstjóri segist ekki kippa sér upp við það þó fjármálaráðherra taki geðvonskukast. **Sjá síðu 4**

**LÆGRI SEKTIR** Forystumenn Samtaka iðnaðarins segja bullandi mismunum felast í nýju olíugjaldi og undirbúa kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA. Samtökin vinna að lögfræðilegri úttekt og kanna hvort lögin standist jafnræðisreglu. **Sjá síðu 2**

### VEÐRIÐ Í DAG




**FREMUR HÆG SUÐLÆG ÁTT EN GÆTI** blásið af norðri um tíma norðanlands. Yfirleitt úrkomulítið og nokkuð hlýtt. **Sjá síðu 4.**

### DAGURINN Í DAG



**BARIST Í ÚRSLITAKEPPNI** Keflavíkurstúlkur fá ÍS í heimsókn í úrslitakeppninni í körfubolta kvenna klukkan 19.15. Klukkan 20 hefst svo leikur Fjölnis og Snæfells í karlaflokki.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 32 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |




**Fjöldi lesenda á þriðjudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.




FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HEIL Á HÚFI**
Ekkert amaði að ungmennunum þremur sem bjargað var með þyrlu Gæslunnar í gærkvöldi. Báru þau sig vel og ætluðu að fara að fá sér í svanginn um leið og lent var.

Þremur ungmennum bjargað af hálendinu:

# Vonuðum að einhver væri að leita

**BJÖRGUN** „Við vonuðum að einhver væri að leita að okkur undir það síðasta en okkur skorti hvorki vatn né mat og okkur var aldrei kalt,“ sagði Ragnar Þór Georgsson eftir að þyrla Landhelgisgæslunnar flutti hann og tvo ferðafélaga hans til byggða í gærkvöldi. Þegar þau fundust á áttunda tímanum í gærkvöldi hafði ekkert spurst til þeirra í rúman sólarhring.

Ungmennin þrjú; Stefán Pálsson, Sesselja Antonsdóttir og Ragnar Þór, lögðu upp frá Dalvík á tveimur bílum um hádegisbil í fyrradag og var ætlunin að keyra suður til Reykjavíkur um Kjöl. Varhugavert er að fara þar um á þessum tíma enda krapi mikill og veðurfar mjög breytilegt. Annar bíllinn festist fljótlega í krapa en þau héldu engu að síður áfram á hinum bílnum þar til hann varð olíulaus um svipað leyti og þyrlan fann þau. Þá var enn tveggja tíma akstur til byggða.

Ungmennin voru björguninni fegin en sagði Ragnar að aldrei hefði væst um þau þann tíma sem leit stóð yfir.

„Það var farið að skyggja þegar við loks fundum þau og líklega ekki nema 20 mínútur áður en við hefðum orðið að hætta leit,“ sagði Björn Brekkan, þyruflugmaður hjá Landhelgisgæslunni. Þyrla Gæslunnar var þá nýlent á Reykjavíkurflugvelli með ungmennin þrjú sem leitað var í allan gærdag. **- aöe**

# Fá verkið aldrei á sínum forsendum

## Aðstoðarvegamálastjóri segir enga von til þess að tilboð þau sem gerð voru í útboði vegna Héðinsfjarðarganga fyrir tveimur árum verði látin gilda. Niðurstaðan úr yfirstandandi dómsmáli skipti þar engu.

**SAMGÖNGUR** „Það verður aldrei svo að þeir fái verkið á þeim forsendum sem þeir vilja jafnvel þó að þeir vinni dómsmálið,“ segir Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri. Íslenskir aðalverktakar hafa stefnt Vegagerðinni fyrir dómstóla og vilja að fyrra tilboð í framkvæmd Héðinsfjarðarganga, sem fram fór fyrir tveimur árum, verði áfram látið gilda.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tilkynnti fyrir skömmu að gangagerðin yrði aftur boðin út nú í haust en það eru forsvarsmenn ÍAV ekki ánægðir með. Fyrirtækið átti lægsta boð í göngin í fyrra útboði og vill að það verði látið standa jafnvel þótt því hafi verið hafnað af hálfu Vegagerðarinnar á sínum tíma.

Gunnar segir niðurstöðu dómsmálsins í raun engu skipta. „Jafnvel þó að dómurinn yrði þeim í vil liggur það fyrir að farið verður í annað útboð en vera má að ÍAV verði dæmdar skaðabætur af einhverju tagi.“ Hann segir tilboðinu hafa verið hafnað af ýmsum ástæðum sem enn séu í fullu gildi. „Tilboð þeirra var of hátt að okkar mati þó það hafi verið það lægsta sem fram kom. Einnig lék vafi á að okkur væri heimilt að taka tilboði þeirra þar sem þar væri mögulega brotið jafnræði á bjóðendum enda gerði ÍAV ráð fyrir að hefja framkvæmdir ekki fyrr en árið 2006. Aðrir bjóðendur settu engin slík skilyrði og hefðu þá mögulega getað lækkað tilboð sín.“

Hjá samgönguráðuneytinu fengust þær upplýsingar að málið væri alfarið á könnu Vegagerðarinnar. Engar hugmyndir eru uppi um afskipti af málinu enda sé það enn fyrir dómstólum og engin niðurstaða fengin. Vegagerðin þurfi að hafa frjálsar heimildir til að hafna eða taka tilboðum sem berist og stofnunin verði að standa og falla með ákvörðunum sínum án þess að ráðuneytið komi þar að. **- aöe**

Bobby Fischer:

# Fékk ríkisborgararétt

**ALÞINGI** Bobby Fischer er kominn með íslenskan ríkisborgararétt. Þréttán mínútur liðu frá upphafi fyrstu umræðu um ríkisborgararétt Fischers á Alþingi í gær þar til þingmenn höfðu samþykkt að veita honum ríkisborgararétt.

Ákveðið var að veita Fischer ríkisborgararétt eftir að japönsk yfirvöld sögðu að það yrði til að honum yrði sleppt úr haldi og leyft að koma hingað.

40 þingmenn greiddu atkvæði með lögunum. Framsóknarþingmennirnir Dagný Jónsdóttir og Birkir Jón Jónsson sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. ■



**KOFI ANNAN**
Kynnti tillögur að róttækum breytingum.

Kofi Annan:

# Róttækar breytingar

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur kynnt Allsherjarþingi samtakanna róttækar breytingartillögur á stefnu og skipulagi þeirra. Þær fela meðal annars í sér að öryggisráðið verði stækkað, sérstöku mannréttindaráði verði komið á fót og nýr sáttmáli gegn hryðjuverkum verði samþykktur.

„Finni leiðtogarnir til ábyrgðar sinnar mun endurfæðing og endurnýjun Sameinuðu þjóðanna vera innan seilingar og þar með munu vonir glæðast um frjálsari, réttlátari og öruggari heim,“ segir Kofi Annan í grein sinni í Fréttablaðinu í dag.

Sjá síður 10 og 22.






## SPURNING DAGSINS

*Runólfur, verða ekki nýju göngin kölluð Stelpnagöng?*

**„Því ekki það. Það er ekki verra en margt annað.“**

Ákveðið hefur verið að hefja útboð á Héðinsfjarðargöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Siglfirðingar eiga nú þegar ein göng sem nefnd eru Strákagöng. Runólfur Birgisson er bæjarstjóri á Siglufirði.

Refsingar fyrir brot gegn fiskveiðilögum:

# Lægri sektir fyrir fyrsta brot

**STJÓRNMÁL** Sektir við brotum gegn fjórum lagabálkum um fiskveiðar geta lækkað verulega eftir að Alþingi samþykkti frumvarp Örlygs Hnefils Jónssonar, varaþingmanns Samfylkingar, um að fella niður lágmarkssektir fyrir fyrsta brot gegn lögum um fiskveiðar.

Lágmarkssekt var áður 400 þúsund krónur á hvert brot og verður það áfram fyrir ítrekuð brot. Fyrir fyrsta brot má eftir lagasetninguna dæma menn til lægri sektargreiðslu.

„Það er réttarbót að opna refsirammann og fella lágmarkið niður þannig að dómendur geti skoðað hvert einstakt tilvik og ákveðið refsingu í samræmi við brotið, hvernig það bar að og þá hagsmuni sem voru í húfi,“ segir Örlygur Hnefill.

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, segir lagasetninguna stórt skref í rétta átt en telur þó margt ógert til að draga úr óréttlæti laganna. „Ég hlýt að gera þá kröfu til refsilaga að þau miði við eðli hvers brots fyrir sig en ekki númer hvað í röðinni það er,“ segir hann og vísar til þess að við annað brot er lágmarkssekt 400 þúsund krónur.

- bþg



**ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON**
Frumvarp Örlygs Hnefils er fyrsta stjórnarandstöðufrumvarpið sem verður að lögum frá því að frumvarp Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, um að lækka virðisaukaskatt á hljóðbókum var samþykkt 12. desember 2003.

Bondevik um ESB:

# Evrópumál í brennidepli

**NOREGUR** Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, virðist vera að mildast í afstöðu sinni til Evrópusambandsins en hann hefur hingað til þvertekið fyrir að Noregur sæki um aðild fái hann einhverju ráðið. Í samtali við norska ríkisútvarpið í gær kvaðst hann búast við því að næsta kjörtímabil myndi öðru fremur snúast um Evrópumálin og að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin á næstu árum um aðild.

Stækkun Evrópusambandsins til austurs og aðildarumræður á Íslandi eru nefndar sem ástæður fyrir þessari stefnubreytingu. Íhaldsflokkurinn, sem er samstarfsflokkur Kristilegra jafnaðarmanna í ríkisstjórninni, er jafnframt hlynntur aðild og sennilega hefur það sitt að segja. ■

Herdís Þorgeirsdóttir:

# Kjörin varaforseti

**SAMTÖK** Dr. Herdís Þorgeirsdóttir lagaprófessor var kjörin varaforseti EWLA (European Women Lawyers Association), sem eru Evrópusamtök kvenlögfræðinga. Kjörið fór fram á þingi samtakanna sem haldið var í höfuðstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.



**DR. HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR**

Samtökin voru stofnuð árið 2000 en meðal stofnfélaga var Cherie Blair, eiginkona Tonys Blair. EWLA hefur aðsetur í Brussel og var upphaflega stofnað af kvenlögfræðingum í aðildarríkjum Evrópusambandsins en síðan hafa fulltrúar frá ríkjum sem er eru aðilar að EES-samningnum bæst í hópinn.

- jse



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÖGREGLULEIT ÁRIÐ 1995**
Hæstiréttur komst að því að ýmis atriði styrktu mál ákæruvaldsins gegn sakborningi í Skeljungsmálinu svokallaða og þyngdi dóm hans um sex mánuði.

# Refsing þyngd í Skeljungsráninu

**Hæstiréttur þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir höfuðpaurnum í Skeljungsráninu. Fangelsisdómur er þyngdur um sex mánuði.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir höfuðpaurnum í Skeljungsráninu svokallaða árið 1995. Maðurinn áfrýjaði dómi undirréttar og bar fyrir sig að framburður vitna í málinu hefði verið ómarktækur. Dómurinn komst að öfugri niðurstöðu og þyngdi refsivist mannsins um sex mánuði, í tvö og hálft ár.

Maðurinn var fundinn sekur um að hafa árið 1995 við annan mann ráðist á og rænt tvo starfsmenn olíufélagsins Skeljungs sem voru á leið í banka að leggja inn fjármuni í eigu fyrirtækisins. Mennirnir flýðu í bíl þriðja mannsins með tæplega sex milljóna króna ránsfeng.

Fyrir héraðsdómi neitaði maðurinn sök þrátt fyrir að hafa tvívegis áður játað sök við yfirheyrslur lögreglu. Sagðist hann hafa gefið skýrslu í bæði skiptin af ótta við varðhald en dómurinn tók skýringar mannsins ekki gildar.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekkert sem fram hefði komið rýrði sönnunargildi játningar mannsins nema síður væri og þyngdi dóm héraðsdóms því. Þótti sannað fyrir Hæstarétti eins og í héraði að glæpur mannsins hefði verið þaulskipulagður og ránið að öllu leyti ófyrirleitið auk þess sem gjörningsmennirnir hefðu beitt annað fórnarlambið ofbeldi.

Átti maðurinn sér því engar málsbætur að mati Hæstaréttar enda áður hlotið fjórum sinnum dóma vegna fíkniefnabrota og var dómurinn því þyngdur um sex mánuði.

albert@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjaness:

# Sex mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær mann til sex mánaða fangelsisvistar, tímabundna sviptingu ökuleyfis og greiðslu skaðabóta vegna margvíslegra brota. Voru ákærur á hendur manninum einar sextán talsins en hann á að baki umtalsverðan brotaferil og hefur fimm sinnum áður verið dæmdur til fangelsisvistar.

Meðal þess sem maðurinn játaði og var dæmdur fyrir voru margvísleg fíkniefnamál, skjalafals og fjársvik, nokkur innbrot auk nytjastulds og akstur undir áhrifum. ■



**VIÐ ÖLLU BÚNIR**
Mikill viðbúnaður hefur verið við sendiráð Jórdaníu í Bagdad eftir að sjíar réðust þar inn á fimmtudaginn.

Átök í Írak:

# 26 skæruliðar fallnir

**BAGDAD, AP** Til átaka kom milli bandarískra hermanna og íraskra uppreisnarmanna skammt utan við Bagdad í gær sem lyktaði með því að 26 skæruliðar voru felldir. Ekki hefur komið til svo mannskæðrar orrustu í landinu síðan kosningar voru haldnar í janúarlok.

Þá fórust fjórar konur og þrjú börn í sprengjutilræði í þorpi 35 kílómetra frá höfuðborginni.

Jórdanar og Írakar hafa kallað diplómata sína heim frá löndum hvor annars. Írakar saka Jórdana um að styðja hryðjuverkum í Írak. ■

Gengið rétt fyrir lokun 21. mars
USD 58.63
JPY 0.56
EUR 77.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú ~~2.590.000~~
Verð nú 2.460.000

=330.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 28.396,-*

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
*Bílasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ísraelsmenn brjóta gegn Vegvísinum:

# Frekari landnemabyggðir boðaðar

**RAMALLAH, AP** Stjórnvöld í Jerúsalem tilkynntu í gær að á næstunni yrðu 3.500 hús reist fyrir landnema á Vesturbakkanum. Allar líkur eru á að ákvörðunin spilli fyrir friðarumleitunum á svæðinu.

Byggingarnar munu tengja Jerúsalem og fjölmenna landnemabyggð á Vesturbakkanum. Palestínumenn eru æfir yfir ákvörðuninni enda brýtur hún í bága við svonefndan Vegvísi til friðar sem kveður á um að Ísraelsmenn hætti húsbyggingum sínum á svæðum Palestínumanna. Qureia forsætisráðherra sagði ákvörðun ísraelskra stjórnvalda vera tilræði við friðarferlið.

Í samræmi við sínar skuldbindingar hófu palestínsk stjórnvöld í gær formlega afvopnun uppreisnarmanna með því að gefa út tilskipun um að vopnaburður á almannafæri væri stranglega bannaður.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**GENGIÐ Í TAKT Í TULKAREM**
Palestínskir lögreglumenn sem starfa munu í Tulkarem æfðu nokkur spor í gær. Ísraelar búast við að afhenda Palestínumönnum valdataumana í bænum í dag.

Ekki varð af valdaskiptum í borginni Tulkarem í gær eins og ráð var fyrir gert. Ísraelskir embættismenn sögðu að nægilegar öryggisráðstafanir hefðu ekki verið gerðar en þeir bjuggust þó við að Palestínumenn gætu tekið við stjórn borgarinnar í dag. ■

KB BANKI



# ÞAÐ ER SVO FLOTT AÐ VERA NÁMSMAÐUR

Árlega veitir KB banki **15 styrki** til námsmanna í Námsmannalínunni. Hver styrkur nemur **200.000 krónum**.

Styrkir eru veittir til námsmanna á háskólastigi innanlands og erlendis.

Nánari upplýsingar og umsóknarform má finna á *www.namsmannalinan.is.*

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 58,79 | 59,07 |
| Sterlingspund | GBP | 111,91 | 112,45 |
| Evra | EUR | 77,66 | 78,10 |
| Dönsk króna | DKK | 10,43 | 10,49 |
| Norsk króna | NOK | 9,54 | 9,60 |
| Sænsk króna | SEK | 8,50 | 8,55 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,56 |
| SDR | XDR | 89,70 | 90,24 |

*Gengisvísitala krónunnar*

106,42 -0,17%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Hafísinn hopar:

# Siglingaleið fyrir Horn vel fær

**HAFÍS** Siglingaleiðin fyrir Horn hefur opnast á ný, segir Þór Jakobsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Landhelgisgæslan flaug yfir Hornstrandir og Norðurland á sunnudag og var þá meginísinn 15 sjómílur norðan af Horni. Þór segir að fara þurfi með varúð, þar sem víða séu ísdreifar upp við land norðan við Horn og Kögur og stakir jakar á siglingaleið.

Þór segir að vindáttin hafi verið hagstæð að undanförnu og líkur á áframhaldandi austlægum áttum. Hann telur því ólíklegt að bætist við ísinn úr Grænlandssundi.

Á sunnudag fékk Veðurstofan tilkynningar frá skipum um staka jaka sex mílur norðaustur af Straumnesi og einstaka jaka við Aðalvík. Þór segir þetta ekki stjóra jaka en þeir geti verið varasamir fyrir litla báta.

Þór segir að viðvörun um að ófært væri fyrir Horn hafi verið aflétt á mánudagsmorgun. Leiðin fyrir Horn hafi verið lítið farin síðustu daga en frést hefði af skipi fyrir helgi sem dokaði við Horn og sigldi vesturúr í björtu en þurfti þá að fara í gegnum ísspöng.

- sgi



**HAFÍS**
Þó að siglingaleiðin fyrir Horn sé opin verður að fara með gát vegna ísdreifa og stakra jaka.

Hafrannsóknastofnunin:

# Truflun á togararalli

**RANNSÓKNIR** Hafísinn við norðanvert landið hefur hamlað togararalli Hafrannsóknastofnunarinnar, segir Jón Sólmundsson fiskifræðingur.

Ár hvert leigir Hafrannsóknastofnunin fjóra togara til að toga á 560 mismunandi stöðum í kringum landið. Farið er í mars og alltaf togað á sömu togstöðum. Er þetta gert til að fylgjast með breytingum í fiskistofnum, segir Jón. Þetta árið hefur hafísinn sett strik í reikninginn og eru enn eftir um tíu prósent stöðvanna norður af Horni, frá Hala og langleiðina að Kolbeinsey. Jón vonast þó til að takast megi að klára verkefnið stuttu eftir páska.

- sgi

# Borgin klessir sveitarfélögum upp við vegg

**Fjármálaráðherra gagnrýnir að borgin ætli að nota fjármuni frá ríkinu til að greiða niður leikskólagjöld. Verið sé að setja þrýsting á önnur sveitarfélög. Borgarstjóri segist ekki kippa sér upp við það þótt fjármálaráðherra taki geðvonskukast.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde fjármálaráðherra gagnrýndi harkalega þau áform meirihluta R-listans í Reykjavík að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla innan fárra ára. Hann sagði að með ákvörðun sinni hefðu borgaryfirvöld sett óþarfa þrýsting á öll önnur sveitarfélög og í raun klesst þeim upp við vegg. Þrýstingurinn gæti leitt til stóraukinna útgjalda fyrir sveitarfélög sem þegar stæðu illa fjárhagslega.

Gagnrýnin kom fram á Alþingi í gær þegar Arnbjörg Sveinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði ráðherrann hvort gert hefði verið samkomulag við borgaryfirvöld um að ríkið kæmi sérstaklega að því að greiða niður leikskólagjöldin. Arnbjörg sagði nauðsynlegt að fá þetta á hreint því í fjölmiðlum hefði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sagt að fjármunir frá ríkinu yrðu nýttir til að greiða leikskólagjöldin niður.

Geir svaraði því til að ekkert samkomulag um þetta hefði verið gert. Borgin hygðist nýta þá fjármuni sem hún fengi samkvæmt breyttri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að greiða niður leikskólagjöldin. Hann sagði að borgarstjóri hefði komið í bakið á ríkisstjórninni með yfirlýsingum sínum í fjölmiðlum. Ef sveitarfélög hefðu efni á að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla væri það ágætt. Hugsunin með breyttri tekjuskiptingu og einhliða tilfærslu fjár frá ríkinu til sveitarfélaga hefði hins vegar verið að hjálpa þeim sveitarfélögum sem verst væru sett fjárhagslega en ekki borginni til að greiða niður leikskólagjöldin.

Steinunn Valdís segir viðbrögð ráðherra einkennast af pirringi yfir því að Reykjavíkurborg hafi tekið frumkvæði í leikskólamálum. Hún segir að næsti áfangi rúmist innan fjárhagsáætlunar borgarinnar. Það samkomulag sem þegar hafi verið samþykkt milli ríkis og sveitarfélaga skili borginni það miklum tekjum að borgin geti notað þær í þetta verkefni.

„Ég kippi mér ekki upp við það þó fjármálaráðherra taki eitthvert geðvonskukast,“ segir Steinunn Valdís. „Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvaða þjónustu þau bjóða upp á. Hafnarfjörður bauð til dæmis börnum upp að tíu ára aldri upp á ókeypis íþróttastarf. Önnur sveitarfélög hafa ekki tekið upp á því.“

trausti@frettabladid.is



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA**
Geir H. Haarde segir að áform Reykjavíkurborgar geti leitt til stóraukinna útgjalda annarra sveitarfélaga, fylgi þau fordæmi R-listans eftir.



**BORGARSTJÓRI**
Steinunn Valdís Óskarsdóttir segir viðbrögð ráðherra einkennast af pirringi.



**TERRI SCHIAVO**
Schiavo varð fyrir varanlegum heilaskemmdum árið 1990 þegar hjarta hennar stöðvaðist um stund.

Mál Terri Schiavo:

# Líf í höndum dómara

**FLÓRÍDA, AP** Vandamenn Terri Schiavo bíða milli vonar og ótta eftir að alríkisdómari skeri úr um hvort fjarlægja megi næringarslöngur sem halda lífinu í þessari 41 árs heilaskemmdu konu. Málið er orðið stórpólitískt eftir að Bandaríkjaþing samþykkti lagafrumvarp sem felur alríkisdómara úrskurðarvald í málinu. Bush forseti kom skyndilega úr fríi sínu til að undirrita lögin.

Terri Schiavo hefur verið án meðvitundar í 15 ár en getur þó andað hjálparlaust. Foreldra hennar og eiginmann greinir á um hvort hún eigi að lifa eða deyja. ■

Vélamiðstöðin:

# Undirbúa söluna

**BORGARRÁÐ** Borgarráð samþykkti tillögu um að fela verkefnisstjórn um sölu fyrirtækja að undirbúa sölu Vélamiðstöðvarinnar ehf. Áður en ráðist verður í sölu fyrirtækisins er gert ráð fyrir að söluskilmálar verði lagðir fyrir borgarráð til samþykktar. Lögð er á það áhersla að litið verði til hagsmuna starfsmanna Vélamiðstöðvarinnar. Einnig á að selja hlut borgarinnar í Malbikunarstöðinni Höfða hf. ■



**SLIPPURINN Á AKUREYRI**
Slippstöðin á Akureyri átti næstlægsta tilboð í endurbætur á varðskipunum Tý og Ægi. Olli það fjaðrafoki þegar samið var við pólska skipasmíðastöð um verkið.

Slippstöðin:

# Sækir styrk til Póllands

**IÐNAÐUR** Slippstöðin á Akureyri á von á tíu til fimmtán Pólverjum til starfa.

Anton Benjamínsson, verkefnastjóri hjá Slippstöðinni, segir að auglýst hafi verið eftir mönnum til að sjá um suðu á stáli austur í Fljótsdal vegna Kárahnjúkavirkjunnar en nægilega margar umsóknir hafi ekki borist. „Ef okkur vantar mannskap þá reynum við fyrst að fá undirverktaka hér í bænum,“ segir Anton en það hafi ekki gengið eftir í þetta sinn.

Hjá Slippstöðinni starfa um eitt hundrað manns og bætast mennirnir við hópinn með vorinu.

- gag

Hæstiréttur:

# Ríkið skaðabótaskylt

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í gær dæmt til að greiða tæpar sjö milljónir króna í skaðabætur vegna læknamistaka við meðferð á karlmanni á Sjúkrahúsi Akraness 1997.

Voru mistökin talin hafa valdið því að beinsýking greindist seint hjá manninum og varð síðar að eyða hálslið hans, sem leiddi til varanlegrar örorku. Var Hæstiréttur sammála mati Héraðsdóms Reykjavíkur frá maí á síðasta ári þar sem talið þótti sannað að mistökin hefðu átt sér stað fyrir gáleysi lækna á Akranesi. ■


Páskadekur á Hótel Örk

*Bjóddu elskunni þinni upp á ljúfa kvöldstund og dekur á Hótel Örk yfir páskahátíðina.*

*Gisting í tvíbýli*
*Þriggja rétta hátíðarkvöldverður hússins*
*Ljúf harmonikkutónlist yfir borðhaldi*
*Morgunverður af hlaðborði*
*Sundlaug, gufa og heitir pottar*

**6.900 krónur** *(á mann í tvíbýli)*

**Kaffihlaðborð**
*Alla daga páska milli 14.00 og 16.00*

Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is HÓTEL ÖRK


## Veðrið

**SUÐLÆGAR ÁTTIR!** Það verða suðlægar áttir fram eftir vikunni og fremur milt í veðri. Þetta er jú ávísun á vætutíð sunnan- og vestanlands með einhverjum tilbrigðum. Í dag má reikna með hægum vindi á landinu og lítilsháttar vætu norðvestanlands en annars verður úrkomulítið. Á morgun verður heldur meiri vindur og rigning sunnan- og vestanlands. Á skírdag er útlit fyrir sunnan kalda og lítilsháttar vætu vestanlands.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Austan strekkingur eða allhvasst. Víða rigning, sérstaklega austanlands.

### Skírdagur




Sunnanátt, kaldi og jafnvel strekkingur sumstaðar. Lítilsháttar væta vestanlands.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Moskva | -4°C | léttskýjað | Lissabon | 17°C | sk.m.köflum | San Francico | 14°C | léttskýjað |
| Osló | 2°C | léttskýjað | Tenerife | 9°C | sk.m.köflum | Miami | 29°C | skýjað |
| London | 15°C | skýjað | Aþena | 14°C | heiðskýrt | New York | 6°C | léttskýjað |
| París | 14°C | skýjað | Kiev | 3°C | sk.m.köflum | Denver | 11°C | skýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Páskalamb Jóa Fel

**Jói FEL** **Úrbeinað og fyllt með**
**piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar**





**Nýtt**
**í Hagkaupum**

**Risa fjölskyldu-páskaegg 1,4 kg**
– flottasta eggið sem framleitt hefur verið!

**Gott verð**
**3.999** kr/1,4 kg

**Jóa Fel** sósur
- 3 tegundir




Dijon hunangs sósa | Rósapipar sósa | Basil & hvítlauks sósa




**Jói Fel** ís 3 tegundir
- vinsælasti ís Hagkaupa




**Gott verð**
**1.985** kr/kg

**Ferskt Kalkúnaskip** smjörsprautað
- frábært í ofninn


Gildir til 28. mars eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ferðu í ferðalag um páskana?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 27,5% |
| Nei | 72,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú að sækja um lóð í Lambaseli?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Óundirbúnar fyrirspurnir á Alþingi:

# Fundarstjórn forseta gagnrýnd harðlega

**ALÞINGI** Fundarstjórn Halldórs Blöndal, forseta Alþingis, og skipulag óundirbúinna fyrirspurna var gagnrýnd harðlega í gær.

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði algjörlega óþolandi að Frjálslyndi flokkurinn skyldi ekki hafa fengið að koma með óundirbúna fyrirspurn um lífeyrissjóðina á þinginu. „Mér er misboðið," sagði Sigurjón.

Fjórir þingmenn voru með óundirbúnar fyrirspurnir, þar af tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins spurði meðal annars Geir H. Haarde fjármálaráðherra út í það hvort ríkið væri að greiða niður gjaldfrjálsan leikskóla Reykjavíkurborgar. Helgi Hjörvar sagðist hafa viljað spyrja Geir út í þetta mál en ekki fengið það. Hann sagði það undarlegt þegar þingfundir væru orðnir framhald á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins og báðst undan innanflokksleikritum Sjálfstæðisflokksins.

Halldór Blöndal sagði Frjálslynda flokkinn ekki hafa óskað eftir því að vera með fyrirspurn og því væri lítið sem hann gæti gert. Sigurjón mótmælti þessari staðhæfingu. Halldór sagði að ef þingmenn væru ósáttir við skipulag óundirbúinna fyrirspurna gæti hann látið gera úttekt á því hvort hann væri sérstaklega að hygla sínum flokksmönnum undir dagskrárliðnum óundirbúnar fyrirspurnir. - th



**FORSETI ALÞINGIS**
Halldór Blöndal bað Sigurjón Þórðarson að þegja og gæta velsæmis þegar hann greip fram í.

Hæstiréttur:

# Héraðsdómur óhaggaður

**DÓMSMÁL** Dómur Héraðsdóms Reykjaness yfir manni sem sakfelldur var fyrir kynferðisbrot gegn tveimur ungum stúlkum stendur óhaggaður eftir dóm Hæstaréttar. Maðurinn var dæmdur til átján mánaða fangelsis auk þess að greiða báðum stúlkunum skaðabætur.

Krafa mannsins um að milda refsingu héraðsdóms og lækka skaðabætur var að engu virt og var honum gert að greiða annarri stúlkunni 800 þúsund krónur auk vaxta og hinni hálfa milljón króna auk vaxta. Var honum enn fremur gert að greiða allan sakarkostnað. - aöe



**NÝTT Í EIGU SAMSKIPA**
Ekkert flutningaskip í millilandaflutningum er skráð hér á landi.

Alþjóðleg skipaskrá:

# Reglurnar ekki klárar

**FLUTNINGASKIP** Nefnd sem skoðar tilhögun breyttra reglna um kaupskip, svo fyrirtæki sjái hag í að skrá þau hér, hefur ekki lokið störfum.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis, segir störfum nefndarinnar miða hægt en ákveðið. „Hópurinn sem var falið að vinna áfram hefur verið að fara yfir málið og kanna verklag og er niðurstaða ekki fengin," segir Ragnhildur. Nefndin skoðar stofnun alþjóðlegrar skipaskrár hér á landi.

Ekkert kaupskip í millilandaflutningum er hér skráð. - gag

## BRETLAND

**CAMILLA GETUR ORÐIÐ DROTTNING** Þrátt fyrir yfirlýsingar Karls Bretaprins um hið gagnstæða verður Camilla Parker-Bowles sjálfkrafa drottning þegar Karl tekur við veldissprotanum. Lagabreytingu þarf til að koma í veg fyrir þetta en ekki er vitað hvort stjórnvöld beiti sér í málinu.

## BANGLADESS

**31 FERST Í HVIRFILBYLJUM** Tveir öflugir hvirfilbyljir gengu yfir Bangladess með þeim afleiðingum að 31 maður týndi lífi. Byljirnir mynduðust svo að segja á sama tíma og eirðu engu á ferð sinni. Næstum 900 manns slösuðust alvarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR




**DÍSILOLÍU DÆLT Á BÍLINN**
Í sumar munu eigendur dísilökutækja þurfa að greiða 45 króna olíugjald á hvern lítra af dísilolíu. Þungaskattur verður samhliða því lagður niður.

# Undirbúa kvörtun til ESA vegna olíugjalds

**Forystumenn Samtaka iðnaðarins segja bullandi mismunum felast í nýju olíugjaldi. Þann 1. júlí verða 45 krónur lagðar á hvern lítra af dísilolíu og þungaskattur aflagður. ESB stefnir í aðra átt, segir Sveinn Hannesson.**

**OLÍUGJALD** Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, segir að ný lög um olíugjald, sem taka gildi 1. júlí næstkomandi, feli í sér ólögmæta mismunun á skattlagningu ökutækja. Samtök Iðnaðarins muni væntanlega vísa málinu til eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir að verið sé að vinna lögfræðilega úttekt og kanna hvort lagasetningin standist jafnræðisreglu EES samningsins. Niðurstöðu hennar sé að vænta fljótlega.

Með lagabreytingunni sem samþykkt var síðastliðið vor verða 45 krónur lagðar á hvern lítra af dísilolíu. Skattlagningin byggist þá ekki á sérstökum þungaskatti heldur er öll olía sem nothæf er á ökutæki skattlögð, nema gerð sé sérstök undanþága. Eru dísilbílar þá skattlagðir með svipuðum hætti og bensínbílar. Hafa mörg samtök atvinnurekenda mótmælt þessari leið og segja skattbyrði rekstraraðila aukast við þessa breytingu.

„Að auki verður lagt sérstakt kílómetragjald á bifreiðar og vagna sem eru þyngri en tíu tonn. Með öðrum orðum verða þessar atvinnubifreiðar komnar í tvöfalt kerfi skattlagningar um mitt þetta ár," sagði Vilmundur á iðnþingi á föstudaginn. Í sumum tilvikum hækki álögur um 10-20% en margfaldist í öðrum tilvikum. Bílar sem aka stuttar vegalengdir yrðu þá harðast úti.

Sveinn Hannesson segir að verið sé að færa skattbyrðina meira á eigendur þyngri ökutækja. Samtök iðnaðarins vilji ekki tvöfalt kerfi. Í því felist bullandi mismunun og að auki séu líkur á því að þetta fyrirkomulag verði aflagt eftir nokkur ár. Evrópusambandið stefni að því að innheimta notkunargjöld af bifreiðum fyrir hvern ekinn kílómetra en ekki með olíugjaldi. Þetta sé auðveldara með nýrri tækni og muni koma til framkvæmda á árunum 2008-2009. Í kjölfarið verði væntanlega farin sama leið hér á landi.

bjorgvin@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**EFNAVERKSMIÐJA**
Fyrirtækið Mjöll Frigg flutti til Akureyrar eftir að því var hafnað um starfsleyfi í Kópavogi.

Mjöll Frigg:

# Starfsleyfi framlengt

**KLÓRVINNSLA** Starfsleyfi efnaverksmiðju Mjallar Friggjar á Akureyri hefur verið framlengt.

Alfreð Schiöth, sviðstjóri mengunarvarnasviðs Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, segir að ákveðið hafi verið að framlengja eldra leyfi verksmiðjunnar en ekki endurnýja. Hann segir það gert þar sem eftirlitsaðilar sem og eigendur verksmiðjunnar skoði að gera breytingar á verksmiðjunni sem auki enn öryggi hennar umfram þær kröfur sem gildandi reglugerðir kveða á um. - gag

Sveitarstjórnarmenn:

# Lofa að tjá sig ekki

**SKIPULAG** Bæjarfulltrúar Reykjavíkur og Garðabæjar hafa skrifað undir samkomulag við Háskólann í Reykjavík um að tala ekki um hugsanlega staðsetningu Háskólans við fjölmiðla, að sögn Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa. Bæði sveitarfélögin hafa boðið skólanum lóðir undir nýja byggingu skólans en stjórn hans ætlar að taka ákvörðun um miðjan apríl. Dagur segir að með þessu séu sveitarfélögin að gefa Háskólanum frið til að vinna faglega að staðarvalinu. ■


# Tilboð
## Glæný smálúðuflök
## 1.290,- (áður 1.890,-)

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


Strangari reglur um úthlutun lóða við Lambasel:

# Sjaldan jafn mikil aðsókn í lóðir

**LAMBASEL** Alls bárust 136 umsóknir um þrjátíu einbýlishúsalóðir í Lambaseli í Breiðholti á fyrsta umsóknardegi sem var í gær.

Vagnbjörg Magnúsdóttir, deildarfulltrúi á skrifstofu framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir aðsókn í lóðirnar rétt eins og um síðasta dag úthlutunar væri að ræða. Fólk feli ekki að það sæki um fyrir ættingja og vini: „Fjölmargir hafa komið og sótt gögn. Við höfum vart undan."

Fjölskylda auglýsti eftir að kaupa lóð í Lambaseli á átta milljónir króna af þeim sem fengi úthlutað og væri hagnaður þess síðarnefnda þá rúmar þrjár milljónir. Er það andstætt reglum, sem Vagnbjörg segir skýrar og strangari en áður. Hún segir ekki nægilegt að byggja sökkla áður en selt sé heldur verði húsið að vera fullklárað.

„Brjóti lóðarhafinn gegn þessari reglu má hann vænta þess að fá ekki aftur úthlutaði lóð í Reykjavík á næstu árum," segir Vagnbjörg.

Síðasti umsóknardagur er 7. apríl. - gag

FRÉTTABLAÐIÐ/REYKJAVÍKURBORG



**LÓÐIRNAR ÞRJÁTÍU VIÐ LAMBASEL**
Mikil ásókn er í lóðirnar þrjátíu við Lambasel í Breiðholti. Ættingjar og vinir þeirra sem vilja byggja sækja um lóðir til að auka möguleikann á að fá úthlutaðri lóð.



500 kr. SMS inneign
ef þú fyllir rafrænt á Frelsi

**500 kr. SMS inneign* fylgir öllum 2.000 kr. rafrænum áfyllingum.**
Tilboðið gildir til 1. maí 2005.

*Gjafainneign gildir innan kerfis Símans í 4 vikur.

„Ég fylgdi bara tískunni og
var í vínrauðum jakkafötum“

Sveppi



Góður myndasími með miklum möguleikum

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980kr.**
**og 1.250 kr. á mán. í 12 mán.**

Sony Ericsson K500

**Verð aðeins:**
**16.980 kr.**

- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- POP3 og IMAP tölvupóstur

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Glæsilegur sími með myndavél

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980kr.**
**og 1.750 kr. á mán. í 12 mán.**

Sony Ericsson K700

**Verð aðeins:**
**22.980**

- VGA myndavél
- 41 MB innbyggt minni
- Tekur og spilar hreyfimyndir
- Ljós f. myndatöku
- Íslensk valmynd
- POP3 og IMAP tölvupóstforrit
- Pólýtónar og MP3 tónar
- MP3 spilari og útvarp
- Music DJ

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

Með símunum* fylgir 3.000 kr. inneign hjá retro

## ADSL tilboð



**Verð á búnaði:**
**2.490 kr.**

ÞRÁÐLAUST INTERNET**

Stofngjald m.v. 12 mánaða áskrift

### Kaupauki

- Þráðlaus USB tenging fyrir borðtölvu
- Spilun á Jewel Quest á netinu í einn mánuð án endurgjalds



**Innifalið í Internetáskrift hjá Símanum er m.a.:**

- 5 netföng – 50 MB
- 50 MB heimasíðupláss
- Öflugar vírus- og ruslpóstvarnir
- Tilboð á tölvuleikjum á siminn.is/leikir og hugi.is/leikir
- Verðþak

**Mánaðargjald frá 4.820 kr.

Flottur sími með miklum möguleikum

**Léttkaupsútborgun:**
**2.980 kr.**
**og 1.000 kr. á mán. í 12 mán.**

Motorola V300

**Verð aðeins:**
**14.980 kr.**

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Nú getur síminn þinn öskrað eins og ljón

Náðu þér í furðulega rauntóna á **siminn.is**

- 5 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- Handfrjáls hátalari
- Pólýtónar og MP3 tónar
- Samkeyranlegur við Outlook

800 7000 - **siminn.is**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM15708



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver hefur reiknað út að þjóðveldið hafi verið stofnað 17. júní?*

2 *Hver vann í Malasíukeppninni í Formúlu 1?*

3 *Leikarar úr hvaða leikriti gáfu páskaegg og geislaplötur á Barnaspítala Hringsins í fyrradag?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Óvenjumargir sauðir hafa týnst nærri höfuðborginni:

# Skilja ekkert í sauðfjárhvarfi

**SAUÐFÉ** Búfjáreigendur í nágrenni höfuðborgarinnar furða sig á því hversu mikið hafi verið um að sauðfé hafi týnst síðustu ár.

„Þetta er ekkert eðlilegt. Maður sleppir þessu að vori og það skilar sér ekki að hausti,“ segir Jónas Guðmundsson, búfjáreigandi í Fjárborgum nálægt Rauðavatni.

Einar Hallfreðsson, sem á líka búfé þarna, segir að fyrir tveimur árum hafi átta hrútar horfið og í haust vantaði töluvert af búfénaði. Hann telur að tuttugu ær eða fleiri hafi horfið síðastliðin þrjú ár. Hafa búfjáreigendur gert ítarlega leit á svæðinu en hvorki fundið tangur né tetur af fénu. Einar segir ekki undarlegt að örfá lömb hverfi en öðru máli gegni með hrúta, sem séu frekar staðbundnir.

Fram hefur komið að íbúar í grennd við Réttarholtsskóla hafa ítrekað fundið kindahræ þar á opnu svæði. Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, segir nær öruggt að slík hræ komi ekki frá sláturhúsum né sorpeyðingarstöðvum. Ekki er þó vitað til að tengsl séu milli hvarfanna í Fjárborgum og kindahræanna sem fundist hafa í Reykjavík. **- jse**



**SAUÐFÉ Í FJÁRBORG**
Mikið af sauðfé hefur horfið í nágrenni Reykjavíkur að undanförnu. Búfjáreigendur í Fjárborgum hafa gert ítrekaða leit en ekkert fundið.

## ERLENT

**BÝÐUR SIG FRAM GEGN BLAIR** Faðir bresks hermanns sem féll í Írak ætlar að bjóða sig fram gegn Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í þingkosningum landsins í maí. Maðurinn ætlar að bjóða sig fram í heimahéraði Blair, Sedgefield, í norðausturhluta Englands. Verði hann kjörinn mun hann kalla breska herliðið heim frá Írak.

**ENGIN MESSA HJÁ PÁFANUM** Jóhannes Páll Páfi II lét sjá sig í stutta stund í glugga íbúðar sinnar í fyrradag. Páfinn, sem hefur átt við veikindi að stríða, hefur ekkert mátt tala samkvæmt læknisráði. Fyrir vikið gat hann ekki haldið messu á pálmasunnudag í fyrsta sinn í 26 ár.

Hafnarfjörður:

# Klippt af ótryggðum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði klippti bílnúmer af fimmtán ótryggðum bílum í fyrrinótt. Lögreglan fær lista frá Umferðarstofu yfir ótryggða bíla og voru tugir bíla komnir á þennan lista. Því var ákveðið að bregðast við.

Þeir bíleigendur sem enn hafa ekki tryggt bíla sína mega því fara að vara sig, að sögn lögreglu.

Þeir sem sakna bílnúmeranna eiga ekki von á sektum, að sögn lögreglu. Þeir geta sótt númerin þegar þeir hafa tryggt bíla sína. **- jse**



**KLIPPING BÍLNÚMERA**
Lögreglan í Hafnarfirði klippti fimmtán bílnúmer í fyrrinótt.

Tvær stúlkur dæmdar:

# Lugu nauðgun upp á hermann

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands komst að þeirri niðurstöðu að tvær stúlkur væru sekar um að bera mann röngum sakargiftum og dæmdi þær til samtals fimmtán mánaða fangelsisdóms. Fékk önnur þeirra níu mánaða dóm, þar af sjö mánuði skilorðsbundna, en hin sex mánaða dóm sem að öllu leyti var bundinn skilorði.

Komst dómurinn að því að stúlkurnar hefðu sammælst um að greina ranglega frá því að hinn ákærði hefði nauðgað annarri þeirra í hlíðum Akrafjalls síðasta sumar en ákærði hélt því fram að kynmökin hefðu átt sér stað með fullu samþykki stúlkunnar.

Í dóminum er gagnrýnt að lögregla hafi ekki rannsakað sérstaklega hagi ákærðu með tilliti til alvarleika kærunnar en fyrir hafi legið að báðar hafi átt erfitt uppdráttar í ýmsu tilliti. **- aöe**



**FRÁ AKRANESI**
Stúlka sem kærði mann fyrir nauðgun síðasta sumar bar ljúgvitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FORSETINN ER ÓVINSÆLL**
Mótmælendur í Osh í Kirgisistan brenndu myndir af Askar Akajev, forseta landsins, í gær.

Flauelsbylting í uppsiglingu:

# Afsagnar Akajevs forseta krafist

**KIRGISISTAN, AP** Forseti Kirgisistans hefur fyrirskipað opinbera rannsókn á meintum svikum í þingkosningum landsins í febrúarlok. Þúsundir manna flykktust út á götur stærstu borga landsins í gær og kröfðust afsagnar forsetans.

Kirgiskir stjórnarandstæðingar hafa sakað Askar Akajev, forseta landsins, um að hafa hagrætt úrslitum kosninganna svo að þingmenn hliðhollir honum næðu kjöri. Með því gæti hann framlengt veru sína á forsetastóli um eitt kjörtímabil enn, en samkvæmt núgildandi lögum á Akajev að láta senn af embætti. Akajev hefur verið forseti lýðveldisins síðan á dögum Sovétríkjanna.

Mótmæli hafa farið stigvaxandi í landinu síðustu vikur og náðu þau hámarki í gær þegar ríflega 17.000 manns í stærstu borgum landsins kröfðust afsagnar Akajevs enda þótt hann hefði fyrirskipað rannsókn á kosningunum. Um helgina lögðu mótmælendur undir sig stjórnarbyggingar en lögregla rak þá á dyr.

Stjórnmálaskýrendur þykjast sjá í mótmælunum hliðstæðu við hinar friðsamlegu byltingar sem urðu í Úkraínu og Georgíu á síðasta ári og spá því að Akajev muni senn víkja úr embætti. ■






Nýjar aðgerðir á Landspítalanum:

# Hjartasjúklingar sleppa við utanferð

**HEILSA** Þeir sjúklingar sem eru með op á milli hjartagátta geta nú farið í aðgerð á Landspítalanum í stað þess að þurfa að fara í aðgerð til útlanda.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur tryggt Landspítalanum fé svo framkvæma megi aðgerðirnar hér á landi. Spítalinn fær tæplega fimm milljóna króna tímabundið stofnframlag og sérstakt framlag á árinu svo hægt verði að veita þeim sjúklingum þjónustu, sem þurfa að fara í aðgerðina nú.

Kostnaðurinn við að senda sjúkling í sambærilega aðgerð til útlanda er talinn fjórfalt meiri en að framkvæma aðgerðina hér samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir á Landspítalanum. Gert er ráð fyrir að um sex sjúklingar þurfi að fara í aðgerðir af þessu tagi árlega, fyrir utan þá sem beðið hafa eftir aðgerð upp á síðkastið. **-th**



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA**
Jón Kristjánsson hefur tryggt Landspítalanum aukið fé til að standa straum af kostnaði vegna hjartaaðgerða.

Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór.  Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina.  Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt i Leuven í Belgiu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir.  Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar.  Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis bjórinn ekki lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum.  Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fáanlega hráefni.  Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.




0,0%



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÁTÖK UM STÚDENTARÁÐIÐ**
Þessa dagana fara fram stúdentaráðskosningar í Al-Quds-háskólanum í Hebron í Palestínu. Þessir menn styðja Fatah-hreyfinguna en Hamas-samtökin hafa velgt henni undir uggum í sambærilegum kosningum að undanförnu.

Stór hluti aldraðra notar að líkindum óæskileg lyf:

# Semja verður íslensk viðmið

**HEILBRIGÐISMÁL** „Um 16 prósent aldraðra á Íslandi sem njóta heimahjúkrunar nota að öllum líkindum einhver óæskileg lyf. Þetta getur leitt til aukaverkana, sjúkrahúsinnlagnar og aukins kostnaðar,“ segir Pálmi V. Jónsson, öldrunarlæknir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Pálmi er einn af höfundum greinar sem birtist í þekktu bandarísku læknatímariti, The Journal of the American Medical Association, og fjallaði um lyfjanotkun aldraðra.

„Þessar niðurstöður staðfesta að lyfjameðferð aldraðra er vandasöm og krefst góðrar útfærslu,“ segir Pálmi. Hann segir niðurstöðu rannsóknarinnar vísbendingu um að skoða þurfi gráu svæðin í lyfjagjöf aldraðra til að fyrirbyggja aukaverkanir, kostnað og hugsanlega sjúkrahúsvist en um tíu prósent allra innlagna á sjúkrahús tengjast óæskilegri lyfjanotkun.

Pálmi segir æskilegt að semja íslensk viðmið um það hvað sé gæða lyfjameðferð fyrir aldraða á Íslandi en nú sé verið að innleiða matstæki fyrir heimaþjónustu heimahjúkrunar og félagsþjónustunnar. - sgi



**ALDRAÐIR**
Engin evrópsk viðmið eru til um það hvað séu æskileg og óæskileg lyf fyrir aldraða.

Sænska lögreglan:

# Ungur maður skotinn

**SVÍÞJÓÐ** Sænskur lögreglumaður skaut tuttugu og tveggja ára gamlan mann til bana í íbúðarhúsi í bænum Lindesberg við Örebro í Mið-Svíþjóð í gær.

Samkvæmt fréttavef Dagens Nyheter kölluðu foreldar mannsins lögregluna á vettvang. „Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn var ráðist á þá,“ er haft eftir Torbjörn Karlsson, talsmanni lögreglunnar í Örebro. Hann segir unga manninn hafa verið mjög æstan og dregið fram hníf. Lögreglumaðurinn hafi skotið er maðurinn réðst að honum. Maðurinn hafi látist á staðnum. Rannsókn stendur yfir. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KANNABISFRÆ FUNDUST Á ESKIFIRÐI** Lögreglan á Eskifirði gerði húsleit þar í bæ aðfaranótt sunnudags og fann áhöld til fíkniefnaneyslu og nokkuð af kannabisfræjum. Tveir menn hafa verið kærðir vegna málsins. Þeir eru aðkomumenn og hafa dvalist á Eskifirði til skamms tíma.

**ÁREKSTUR VIÐ BÆJARMÖRK AKRANESS** Tveir bílar lentu í árekstri á vegamótum Akranessvegar og Akrafjallsvegar í gærmorgun. Bílarnir eru talsvert skemmdir en engin slys urðu á fólki. Ökumaður annars bílsins beygði af Akrafjallsvegi inn á Akranessveg og virti ekki biðskyldu og keyrði í veg fyrir hinn með fyrrgreindum afleiðingum.

# Róttækustu breytingar í sögu Sameinuðu þjóðanna

**Róttækar á skipulagi og starfi Sameinuðu þjóðanna voru formlega kynntar á Allsherjarþingi samtakanna í gær. Meðal annars er búist við að sætum í öryggisráðinu verði fjölgað umtalsvert.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, kynnti hugmyndir sínar um breytingar á skipulagi og stefnu samtakanna fyrir Allsherjarþinginu í gær. Um er að ræða róttækustu breytingar á samtökunum síðan þau voru stofnsett árið 1945. Nái breytingarnartillögur Annan fram að ganga er ljóst að áherslur SÞ á sviði mannréttinda, þróunarmála og öryggismála munu skerpast og breytast verulega.

Fyrirhugaðar kerfisbreytingar á öryggisráðinu hafa vakið einna mesta athygli af tillögum Annan. Þær eru afrakstur vinnu sérfræðinganefndar sem skipuð er gamalreyndum stjórnmálamönnum á borð við Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og voru kynntar í vetrarbyrjun. Tvær tillögur eru einkum til skoðunar og miða báðar að því að láta ráðið endurspegla íbúadreifingu heimsins betur. Önnur tillagan gerir ráð fyrir að sex þjóðir fái fast sæti í ráðinu til viðbótar við þær fimm sem þegar búa við slíkt þó án neitunarvalds, en hin felur í sér að átta veigamikil ríki skiptist á að sitja í ráðinu með reglulegu millibili.

Annan stingur upp á að innan vébanda SÞ verði komið á fót sérstöku mannréttindaráði sem mun leysa af hólmi mannréttindanefndina í Genf. Ráðinu yrðu færð umtalsverð völd þannig að vægi þess yrði svipað og öryggisráðsins.

Baráttan gegn hryðjuverkum er fyrirferðarmikil í tillögum Annan. Hann skorar á þjóðir heims að hætta hártogunum um skilgreiningu á hryðjuverkum og fallast á að dráp á óbreyttum borgurum geti ekki undir neinum kringustæðum verið réttlætanlegt. Á grundvelli þeirrar skilgreiningar hvatti hann til að nýr sáttmáli gegn hryðjuverkum yrði samþykktur á næsta ári.

Tillögur Annan eru settar fram rétt áður en skýrsla um meinta spillingu SÞ í Írak verður kynnt. Kofi Annan og Kojo, sonur hans, liggja undir ámæli um að hafa misnotað aðstöðu sína þegar Írökum var leyft að selja olíu fyrir mat og lyf á árunum 1996-2003.

Búist er við þjóðarleiðtogar heimsins taki ákvörðun um tillögur annan á fundi sínum í september á þessu ári.■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KOFI ANNAN**
Í tillögum Annan er drepið á mannréttindum og þróunarmálum. Meðal annars er lagt til að ríkar þjóðir heimsins einsetji sér að leggja 0,7 prósent þjóðarframleiðslu sinnar til þróunarverkefna fyrir 2015.


MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 11: 14.03. - 20.03.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | mbl.is | 164.927 | 1.206.110 | 5.974.208 |
| 2. | visir.is | 161.062 | 594.647 | 5.459.700 |
| 3. | hugi.is | 111.229 | 206.661 | 1.097.726 |
| 4. | leit.is | 95.732 | 412.395 | 1.542.504 |
| 5. | blog.central.is | 82.434 | 360.605 | 2.523.335 |
| 6. | eve-online.com | 58.596 | 234.603 | 3.261.675 |
| 7. | barnaland.is | 53.023 | 226.808 | 5.138.809 |
| 8. | rsk.is | 45.887 | 105.232 | 443.624 |
| 9. | ruv.is | 38.523 | 106.423 | 444.340 |
| 10. | shopusa.is | 15.992 | 31.508 | 90.602 |
| 11. | bt.is | 15.424 | 28.735 | 206.614 |
| 12. | visindavefur.hi.is | 14.567 | 19.106 | 78.491 |
| 13. | kvikmynd.is | 14.400 | 24.068 | 376.006 |
| 14. | reykjavik.is | 13.604 | 23.533 | 206.852 |
| 15. | doktor.is | 12.419 | 21.738 | 212.694 |
| 16. | humor.is | 11.888 | 32.523 | 175.686 |
| 17. | textavarp.is | 11.518 | 21.149 | 28.163 |
| 18. | femin.is | 10.723 | 25.593 | 311.089 |
| 19. | vikurfrettir.is | 9.079 | 26.812 | 91.355 |
| 20. | althingi.is | 7.660 | 18.517 | 103.208 |
| 21. | flugfelag.is | 6.824 | 11.669 | 47.459 |
| 22. | sport.is | 6.713 | 24.169 | 147.125 |
| 23. | tonlist.is | 6.552 | 9.824 | 64.556 |
| 24. | spamadur.is | 6.512 | 15.073 | 109.866 |
| 25. | habil.is | 6.304 | 13.175 | 116.054 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS






Úrvalið er hjá okkur!
KODDI
50x70 SM.
VERÐ ÁÐUR
6.990,-
VERÐ NÚ
5.990,-
4001650
sparið
10.000,-
„TUSINDFRYD"
GÆSADÚNSSÆNG
Þessi sæng er fyrir kónga, greifa, prinsessur og já, þig! Það er hreint ævintýri að sofa undir þessari sæng. Fylling: snjóhvítur gæsadúnn. Þyngd 800 gr. 10 ára ábyrgð. Aklæði er bómullarsatín. Má þvo við 60°C. Stærð 135x200 sm.
DÖNSK GÆÐAVARA
VAREFAKTA
SEGIR ALLT UM GÆÐIN
ÁÐUR 29.900,-
19.900,-
3676402
sparið
1.000,-
ÁÐUR 4.990,-
3.990,-
„JASON" TÖLVUBORÐ
Tölvuborð sem hentar vel þar sem pláss er lítið. Stærð 80x75x60 sm.
UPPBLÁSIÐ GESTARÚM
Nú er lítið mál að taka á móti gestum. Glæsileg, sterk og góð dýna sem hægt er að blása upp og nota sem gestarúm. Innbyggð pumpa sem stungið er í samband. Tekur einungis 3 mínútur að blása upp gestarúmið!
4734400
INTEX
6.990,-
„JASMINE" SÆNGURVERASETT
Mjög fallegt og vandað bómullarsængurverasett með útsaumi. Sængurver 140x200 sm, koddi 50x70 sm.
1114580
1.990,-
3920537
590,-
PLASTKASSI
Flottur í ferðalagið! Tekur 30 lítra.
81200098
ÁÐUR 2.490,-
1.990,-
„MOUNTAIN TECH" FLÍSPEYSA
Þessi er tilvalin í útivistina! Extra þykkar og góðar flíspeysur sem "anda". Stærðir S-XL
68010005
3 TÖSKUR:
3.990,-
TÖSKUSETT - 3 SAMAN
Þrjár vandaðar og góðar töskur saman í setti á hreint ótrúlega góðu verði!
8120011
ÁÐUR 299,-
199,-
FLÍSHÚFUR OG HANSKAR
Mikið úrval af flíshúfum og hönskum fyrir dömur og herra. Margir litir. Frábært verð!
81200032
299,-
„BOOT" SOKKAR
Þykkir og góðir sokkar fyrir útivistarfólkið. Tveir litir.
GÖNGUSTAFIR - 2 STK.
Virkilega vandaðir og góðir göngustafir. Fínir í sumarbústaðinn! Eru með góðum handföngum ásamt öryggisbandi.
3700004
PARIÐ:
1.290,-
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
81200094
PR. STK.
990,-
FLÍSNÆRFATNAÐUR
Hlýr og þægilegur nærfatnaður úr flísefni. Tilvalið fyrir útivistina. Buxur 990,- Bolur 990,-

Lektor í opinberri stjórnsýslu:

# Opinber embætti eign þjóðarinnar

**STJÓRNMÁL** Pólitískum ráðningum hefur fjölgað undanfarin ár, mögulega vegna langrar valdasetu núverandi stjórnvalda. Þetta sagði Ómar H. Kristmundsson, lektor í opinberri stjórnsýslu, á fundi Félags stjórnmálafræðinga á laugardag um pólitískar stöðuveitingar.

„Það er hugsanlegt að þeir gleymi því að opinber embætti eru ekki eign þeirra, heldur þjóðarinnar,“ sagði Ómar.

Ómar sagði þetta gerast þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum og tilvist eftirlitsaðila. Hann kallaði því eftir hugarfarsbreytingu og umræðu um siðbót stjórnmálamanna. Þrátt fyrir að reglur væru til um auglýsingar um opinber störf sagði Ómar að ekki væri unnið að auglýsingunum á faglegan máta og oft á tíðum væru þær mjög óljósar.

Hann sagði að of óljós mörk væru á milli embættismanna og pólitískra aðstoðarmanna ráðherra. Þegar hinir síðarnefndu væru ráðnir sem embættismenn væri það pólitísk spilling því forsendur fyrir ráðningunni væru ekki skýrar. Slíkir embættismenn hyrfu heldur ekki á braut þegar ráðherrar segðu af sér.

- ss



**SVANUR KRISTJÁNSSON** Svanur var einn ræðumanna á fundi Félags stjórnmálamanna. Þar sagði hann pólitískar stöðuveitingar geðþóttaákvarðanir ráðamanna, þar sem fagleg sjónarmið fengju ekki að ráða. Þeim hefði fjölgað á síðustu árum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**JÓHANN RAGNAR BENEDIKTSSON** Segir íslenska tollverði sýna frammistöðu á heimsmælikvarða.

Frumlegar aðferðir fíkniefnasmyglara:

# Eiturlyf falin í dósum, leikföngum og hárkollum

**FÍKNIEFNAMÁL** Jóhann R. Benediktsson sýslumaður á Keflavíkurflugvelli segir frammistöðu tollvarða sem handtóku 64 ára gamla konu með 800 grömm af kókaíni í hárkollu þann 12. mars vera framúrskarandi og á heimsmælikvarða.

„Ég hef heyrt á tali manna að gengið hafi verið frá hárkollunni með þeim hætti að vera áberandi, en því fór fjarri. Þetta blasti ekki við, enda má nærri geta hvort menn hefðu gert þetta með viðvaningslegum hætti. Þarna eru miklir fjármunir í húfi og án efa fagmanneskja sem bjó um efnin á þeim stað sem þau voru,“ segir Jóhann, sem telur smygltilraunina þá frumlegustu og djörfustu í langan tíma.

„Öllum ráðum er beitt við smygl fíkniefna. Menn hafa sett fíkniefni í brauðbretti, niðursuðudósir, leikföng, sælgætisumbúðir, leyst þau upp í vökvaform og geymt þau innvortis, svo dæmi séu tekin. Við gætum ekki sinnt þessu nema að hafa álíka gott, ef ekki fjörugra, ímyndunarafl og þeir sem við glímum við og þurfum að hugsa eins og þeir til að átta okkur á hverju við eigum næst von. En við upplýsum aldrei hvað leiðir til þess að við tökum fólk í skoðun, sem eru ótal þættir og þar á meðal sjötta skilningarvit starfsmannanna,“ segir Jóhann.

- þlg












Stórslysaæfing hjálparsveita og læknanema:

# Læknanemi fékk páskaegg fyrir leik sinn

**STÓRSLYSAÆFING** Tæplega hundrað manns tóku þátt í stórslysaæfingu hjálparsveita og læknanema úr Háskóla Íslands sem fram fór á Malarhöfða í Reykjavík á laugardaginn.

Sett var á svið neyðarástand sem átti að hafa skapast í kjölfar jarðskjálfta. Fyrsta árs nemar fengu það hlutverk að leika sjúklingana og voru því meðal annars ataðir kindablóði. Sá sem skilaði hlutverki sínu best fékk páskaegg í verðlaun. Að sögn Davíðs Þórs Þorsteinssonar, sem situr í kennslu- og fræðslunefnd læknanema, var leikur þess besta nokkuð sannfærandi ef frá er talinn púls og blóðþrýstingur.

Annars og þriðja árs nemar fengu þjálfun í fyrstu viðbrögðum og sjúkraburði en fjórða, fimmta og sjötta árs nemar sáu um aðhlynningu og greiningu. Hjálparsveitir víðs vegar að sáu um gæslu á svæðinu og skipulögðu æfinguna.

Davíð sagði að æfingar sem þessar væru haldnar annað hvert ár. Læknanemar voru ánægðir með þessa æfingu og afar þakklátir hjálparsveitunum, sem skipuleggja þær af miklum myndarskap. – jse



**STÓRSLYSAÆFING** Læknanemar á fimmta og sjötta ári gerðu að ímynduðum meiðslum fyrsta árs nema sem fóru með hlutverk sjúklinganna.

Kynferðisbrot:

# Dómurinn mildaður

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær um fjóra mánuði dóm Héraðsdóms Suðurlands frá júlí síðastliðnum yfir kynferðisbrotamanni sem dæmdur hafði verið til þriggja ára fangelsis.

Var það mat Hæstaréttar að ákæruvaldið hefði ekki fært nægar sönnur á öll ákæruatriði málsins fyrir héraði og því bæri að milda dóminn um fjóra mánuði. Var maðurinn að öðru leyti sakfelldur fyrir þrjú kynferðisbrot gagnvart dóttur sinni á árinum 1995 til 1997 og var enn fremur dæmdur til greiðslu miskabóta. ■



**STOFUBLÓMIÐ** Til stendur að rækta stofublómið Nertera Granadensis í gróðurhúsi á Flúðum.

Íslensku sumrin:

# Nógu köld til ræktunar

**BLÓMARÆKT** Hollenska fyrirtækið PJ Kooij hefur fest sér lóð á Flúðum með það að augnamiði að byggja 2.400 fermetra gróðurhús til að rækta stofublómið Nertera Granadensis.

Blóm þetta blómstrar aðeins á vetrum í Hollandi og er því aðeins fáanlegt um nokkurra mánaða skeið í blómabúðum þar. Fyrirtækið vill snúa á náttúruna með því að rækta blómið hérlendis þar sem íslenska sumarið hefur flest einkenni hollensks vetrar og því þrífst nerteran hér á sumrin sem hávetur væri í Hollandi. Þannig er hægt að hafa blómið blómstrandi í sölu allt árið um kring. ■

Stríðsglæpadómstóllinn:

# Bosníu-Serbi framseldur

**SERBÍA, AP** Vinko Pandurevic, sem var háttsettur hershöfðingi í her Bosníu-Serba í Bosníustríðinu 1992-1995, verður framseldur til stríðsglæpadómstólsins í Haag í vikunni, að því er yfirvöld í Serbíu greindu frá.

Pandurevic sætir ákæru fyrir aðild að þjóðarmorði vegna fjöldamorðsins á um 8.000 Bosníumúslimum í Srebrenica sumarið 1995. Hann er meðal þeirra sem efst eru á lista eftirlýstra meintra stríðsglæpamanna úr Bosníustríðinu. Stjórnvöld í Belgrad hafa sætt miklum þrýstingi að framselja þá menn á þessum lista sem vitað er að dvelja í Serbíu. ■

NASA:

# Vinna ferskt vatn úr svita

**WASHINGTON, AP** Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, hefur fundið nýstárlega leið til vatnsframleiðslu sem verður tekin í gagnið á næstu mánuðum. Stofnun á hennar vegum hefur fundið upp aðferð til að vinna ferskt og hreint vatn úr svita, andardrætti og jafnvel þvagi geimfara. Dýrt er að flytja vatn til geimstöðva og því var þessi tækni þróuð.

Áður en búnaðurinn verður tekinn í notkun út í geimnum verður hann hins vegar prófaður á svæðum þar sem hreint vatn er af skornum skammti, til dæmis á flóðasvæðunum við Indlandshaf, þar sem vatnsból á stóru svæði skemmdust. ■

*Markmið mitt* **er að verða forseti**



2741

**Fermingarglaðningur:**
Þegar þú gefur fermingarbarninu 5.000 kr. eða meira í inneign á Framtíðarreikning bætir Íslandsbanki 2.000 kr. við.

*Gefðu fermingargjöf sem vex*

- *hæstu vextir bankareikninga*
- *bundinn til 18 ára*
- *verðtryggður*
- *fyrir 15 ára og yngri*
- *engin þjónustugjöld eða þóknun*

Inneign á **Framtíðarreikningi Íslandsbanka** er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Peningagjöf inn á Framtíðarreikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.

ÍSLANDSBANKI | 100%


VERÐSTRÍÐ
Verð getur lækkað án fyrirvara!
GSM sími
NOKIA
Nokia 1100
• Dual band 900/1800
• Ending rafhlöðu allt að 400 klst í biðstöðu og allt að 4 klst í tali
• 250 númera minni
• Innbyggt vasaljós
• Stærð: 106x46x20 mm
• Þyngd: 86 gr.
• ATH: Án Íslensks Stýrirkerfis
• NOKIA hálsól fylgir!
ódýr
6.999
Hátalarakerfi
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara
Dolby Digital/DTS
Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!
Fjölkerfa DVD spilari
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/ DVD-R/DVD-R W/JEPG og MP-3
SONY
DAV SB100
Heimabíókerfi
Útvarp
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum
DVD spilari
8.999
BELSONIC
DVD spilari sem spilar allt nema páskaegg
40 kvikmyndir fylgja
Svona virkar heimbíó
Að hafa hljóðið í lagi þegar horft er á bíómynd skiptir öllu máli!
Með því að hafa DVD spilara , stafrænt útvarp og netta en öfluga hátalara með sér bassa er heimabíóstæðan orðin að heildar hljómtæki heimilisins.
1-4. Hátalarar
5. Miðjuhátalari
6. Bassahátalari
SURROUND
FYLGIR
VIDEO CD
DVD VIDEO
mp3
DIGITAL dts SURROUND
2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
Vaxtalaust heildarverð: kr. 31.883
**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Ódýrasta tækið
21"
DENVER
Denver 21" Sjónvarp
DTX-2128
• 21" Black Matrix myndlampi
• Textavarp • Fjarstýring
• Sjálfvirk stöðvainnsetning
• Svefnrofi • Scart-tengi
14.999
16.999
Ódýrasta 21" tækið á Íslandi!
Stafræn tökuvél
Panasonic
NVGS17B
NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
CCD Myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast
Takmarkað magn
BT Bestu kaupin
3.299**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.588 STAÐGREITT
Flatsjónvarp
JDV
LC-27M65 JDV 27" LCD
• 27" LCD Skjár
• Upplausn 1280x720
• Birta 500cd/m2 Mynd í Mynd (PIP) +
• Textavarp Magnari 2x 10W RMS
• Magnari 2x 7W RMS SRS • Fjarstýring
• Tengi:2 Scart / RGB / S-VHS/ Component
• DVI / PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól
27" FLATUR SKJÁR
**9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
119.988
Vaxtalaust heildarverð: kr. 122.332
digital ísland
FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI
Bættu við 999 kr. aukalega á mánuði þegar þú kaupir JDV 27" LCD og þú færð skemmtipakkann í heilt ár.
25.080
*Gildir aðeins á höfuðborgarsvæðinu
Örþunnt tæki!
FYLGIR
Alltaf ÓDÝ
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni

# ALLA DAGA




Takmarkað magn

12.000 kr. lækkun

**4.111***

## MEDION® XXL²

**MEDION V8 Grantsdale 6600 SE3**
- Intel Pentium 530 Prescott
- nVidia Geforce 6600 PCIe 16x, 128 MB, DirX9
- 160 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (JD)
- 512 MB DDR-RAM PC3200(400 MHz)
- DVD drif
- DVD Skrifari - Dual Layer
- LAN 10/100 Mbit
- IEEE1394/Firewire
- Medion Media Bay

DVD R/RW · CERTIFIED USB · POWERED BY DDR MEMORY · FireWire

**Bættu við 999 kr.****

Bættu við 999 kr. á mánuði í 12 mánuði og fáðu vélina með sjónvarpskorti, fjarstýringu og þráðlausu netkorti.

Wi Fi · TV OUT

**12.000 kr. afsláttur**
af tölvu með 12 mánaða áskrift af BTnet

BTnet fleiri bitar • meiri hraði

| | |
|---|---|
| VÍS 4.111* | Tölvukaupalán 48 mán. |
| Heildarverð: kr. 197.282 | |
| 11.999** | Vaxtalaust 12 mán. |
| Heildarverð: kr. 146.453 | |
| 143.988 | Staðgreitt |

## MP3 spilari



256 MB

Botn verð

MEDION®

**Medion USB minnislykill**
MD40838
- 256 MB USB Minnislykill
- MP3 spilari

**9.999**

## Myndavél



**16.999**

21.999

SONY®

4.1 megapixlar

**Cybershot DSC-P43**
Vönduð 4,1 megapixla myndavél með 1,5" litaskjá og 3x digital aðdrætti. Tekur einnig upp hreyfimyndir með hljóði, frábær fermingargjöf!

## Playstation2 tilboð



NET TENGI · DVD · COMPACT disc · DOLBY DIGITAL · USB

**Playstation2 vélin plús Gran Turismo4 á frábæru tilboði!**

FYLGIR 5.299

**14.999**

## Páskaafþreying



| | | | |
|---|---|---|---|
| 4.799 (5.999) | 2.499 | 2.999 | 5.299 (5.799) |

## Draumavélin



Hvít á lit

## MEDION® C6

**Medion C6 Centino W1**
MD95280
- Intel® Pentium® M processor 735 (1.7GHz)
- 14.1" W-XGA TFT (1280x768)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRRAM 333MHz
- 80 GB Harður diskur
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)
- Þyngd 2.2kg

intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY · CERTIFIED USB · POWERED BY DDR MEMORY · TV OUT

*Létt og nett aðeins 2,2kg*

**4.349**

| | |
|---|---|
| 155.988 | Staðgreitt |
| VÍS 4.349* | Tölvukaupalán 48 mán. |
| Heildarverð: kr. 211.459 | |
| 12.999** | Vaxtalaust 12 mán. |
| Heildarverð: kr. 158.513 | |

RARI BT

BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON GARÐYRKJU- OG BLAÐAMAÐUR

# Undirbýr fermingu sonarins




„Það sem er helst að frétta af mér er að sonur minn, Fannar Freyr, verður fermdur á skírdag og ég hef verið að undirbúa veisluna að undanförnu," segir Magnús Hlynur Hreiðarsson, garðyrkju- og blaðamaður á Selfossi. „Undirbúningi miðar vel, eins og sagt er, og það er mjög gaman að standa í þessu."

Fannar Freyr er elsti sonur Magnúsar og konu hans Önnu og þau því að standa í fermingarstússi í fyrsta sinn. Fjörs er að vænta í veislunni, sem haldin verður í blómaskálanum í gamla Garðyrkjuskólanum í Ölfusi, en þar nam Magnús á sínum tíma. „Ég er að klippa saman myndband sem sýnir ævi drengsins og hann mun svo troða upp með hljómsveitinni Casio frá Selfossi. Þetta er rokksveit sem sló meðal annars eftirminnilega í gegn á þorrablóti á Selfossi í janúar og það fór skjálfti um mig þegar þeir tóku Fjöllin hafa vakað," segir Magnús Hlynur, sem er mikill rokkari í sér. Í veislunni verður matur á borðum, íslenskt lamb og íslenskt svín og svo fermingarísterta frá Kjörís í eftirrétt.

„Það er annars vorhugur í okkur Sunnlendingum enda ekki annað hægt eins og tíðin hefur verið," segir Magnús, sem er mikill pabbi í sér eins og sést vel á einkanúmerinu á bílnum hans.

## SVONA ERUM VIÐ



**SEX JARÐGÖNG ERU Á ÍSLANDI** Þau elstu frá 1948 og liggja milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Eru þau 30 metra löng.

## SJÓNARHÓLL

**HÉÐINSFJARÐARGÖNG**



SIGRÚN GRENDAL

### Samgleðst Siglfirðingum

„Mér finnst ágætt að landsbyggðin sé styrkt með þessu hætti," segir Sigrún Grendal, píanókennari og formaður Félags tónlistarskólakennara, um ákvörðun stjórnvalda að ráðast í gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Áætlað er að framkvæmdir við göngin hefjist í júlí á næsta ári og þau svo opnuð umferð fyrir árslok 2009.

„Það er alltaf erfitt að forgangsraða í mikilvægum málaflokkum eins og þessum en mér finnst þetta jákvætt," segir Sigrún. „Það kreppir að í atvinnulífi og fleiri geirum samfélagsins á landsbyggðinni og þetta er því afar gott fyrir þetta svæði og ég samgleðst íbúunum þarna."

Sigrún hefur einu sinni komið til Siglufjarðar og og man að leiðin var löng. „Það er mikill karakter í bænum og hann fallegur og þetta verður eflaust til þess að hann styrkir sig og eflir."

Sigrún segist alls ekki gráta það að næstum sjö milljörðum króna af almannafé skuli varið til framkvæmdarinnar en einhverjir hafa lýst þeirri skoðunn sinni að gangagerðin sé sóun á peningum. „Samgöngumál eru dýr og einhverjum hættir kannski til að horfa á málið út frá íbúafjölda Siglufjarðar og fá út að háum fjárhæðum sé varið til fárra. Það er hins vegar stefna að halda landinu í byggð og þá er þetta fórnarkostnaður sem ekki þýðir að sýta," segir Sigrún Grendal.

1.400 manns búa á Siglufirði en íbúarnir voru yfir 3.000 þegar mest var um og upp úr miðri síðustu öld.

# Þú fullkomnar mig og Ást vinsælust

**Undirbúningur sumarbrúðkaupanna er í fullum gangi og meðal þess sem fólk þarf að huga að er tónlistin í athöfninni. Tvö lög virðast öðrum vinsælli.**

Fólk sem í sumar ætlar að játast hvort öðru frammi fyrir Guði og mönnum er nú í óðaönn að undirbúa athöfn og veisluhöld þótt enn sé mars. Að mörgu þarf að hyggja enda stundin stór í lífi fólks. Margir eiga í mesta basli við að velja lögin sem flytja á í athöfninni því óteljandi falleg lög hafa verið samin og flutt í gegnum árin.

Samkvæmt athugun Fréttablaðsins verða dægurlögin Ást og Þú fullkomnar mig mest leiknu lögin í brúðkaupum sumarsins en bæði þykja undurfögur og innileg og margir elskendur hafa gert þau að „sínum" eins og sagt er.



**NÝ BRÚÐKAUPSLÖG** Myndin var tekin þegar efnt var til kynningar á nýjum léttum og þægilegum lögum sem voru sérstaklega samin fyrir brúðkaup.

Ragnheiður Gröndal söng Ást inn á plötu árið 2003 en lagið er eftir Magnús Þór Sigmundsson við ljóð Jóns Nordal.

Guðmundur Jónsson samdi Þú fullkomnar mig og Stefán Hilmarsson textann. Lagið kom út árið 2002 og er í kvikmyndinni Maður eins og ég.

Sumir prestar hafa lengi haft horn í síðu dægurlaga í brúðkaupum og vilja að einungis sálmar og kirkjuleg tónlist sé flutt í athöfnum. Engu að síður hefur dægurlögunum vaxið ásmegin með árunum og vanalega flutt að minnsta kosti eitt slíkt í hverju brúðkaupi.

bjorn@frettabladid.is

**VIÐLAGIÐ Í ÞÚ FULLKOMNAR MIG:**

**Þú fullkomnar mig.**
**Ég finn að ég er annar en ég var.**
**Þú ert við spurnum mínum lokasvar.**
**Þú lyftir mér upp, lýsir mér leið.**
**Ég vegsama þig.**
**Og vonir mínar bind ég aðeins þér.**
**Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér í huga og hér, ævinnar skeið.**





**VIÐLAGIÐ Í ÁST:**

**Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð, til að styrkja mig**
**Ég fann ei hvað lífið var fagurt fyrr en ég elskaði þig.**
**Ég fæddist til ljóssins og lífsins, er lærði ég að unna þér.**
**Ást mín fær ekki fölnað, fyrr en með sjálfri mér.**



**ALLT TALIÐ FRAM** Bændur þurfa vitaskuld að telja fram búpening sinn og styðjast við leiðbeiningar Ríkisskattstjóra í þeim efnum.

Skattframtalið:

# Kjúklingur á 150 kall

Margir landsmenn eru nú í óðaönn að ganga frá skattframtölum sínum og sitja sumir sveittir yfir útreikningunum. Leiðbeiningar Ríkisskattstjóra auðvelda mörgum erfiðið en þar má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Bændur treysta á töfluna Eignamat í landbúnaði en í henni kemur fram hvert bókfært virði hverrar skepnu er.

Þar má sjá að virði eins kjúklings er 150 krónur en hænan leggur sig á 750 kall. Endur eru metnar á 680 krónur, gæsir á 1.200 og kalkúnar á 1.700.

Virði galta er 45.000 en gyltna 30.000. Grísinn er aðeins talinn 5.000 króna virði.

Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. til 13. vetri eru verðmætastir samkvæmt leiðbeiningum Ríkisskattstjóra og metnir á 320 þúsund krónur. Mjólkurkýr skal hins vegar meta á 85 þúsund krónur.

Virði minkahvolpa er krónur 0 en karlminka 4.000 og kvenminka 2.500 krónur.

- bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KISUR Í MOSKVU** Söngleikurinn Cats var frumsýndur í Moskvu á dögunum. Fáir, ef nokkrir, söngleikir hafa notið jafn mikilla vinsælda og Cats og viðbúið að Moskvubúar og gestir þeirra fjölmenni í leikhúsið næstu mánuði og misseri.

Skífunafnið aflagt í hljómplötuútgáfu:

# Portami via með Kristjáni Jó síðasta Skífuskífan

Síðasta platan sem kom út á vegum hinnar fornfrægu hljómplötuútgáfu Skífunnar var Portami via með Kristjáni Jóhannssyni. Í takt við almennar nafnabreytingar á fyrirtækjum hefur Skífunafnið verið aflagt og önnur tekin upp í staðinn. Móðurfyrirtækið heitir nú Dagur Group en afþreyingarsviðið Sena. Fyrsta platan undir merkjum Senu kom út í síðustu viku og geymir tónlistina úr barnasöngleiknum Ávaxtakörfunni.

Skífunafnið er þó ekki aflagt með öllu, þrjár verslanir í eigu Dags Group munu áfram heita Skífan.

Eiði Arnarssyni, útgáfustjóra íslenskrar tónlistar hjá Senu, telst til að um 315 plötur hafi komið út undir Skífumerkinu á þeim 22 árum sem liðin eru frá stofnun þess. Sú fyrsta var með listamanni sem nefndi sig Nicole en Eiður kann ekki nánari deili á þeirri ágætu konu. Poratmi via féll í heldur grýttan jarðveg gagnrýnenda, sem sögðu Kristján langt frá sínu besta. Verður hennar því varla minnst sem tónlistarlegs afreks en hugsanlega sem síðustu plötunnar sem kom út undir merki Skífunnar.

- bþs



**SÍÐASTA SKÍFAN** Portami via kom út 1. desember.



**JÓN Í SKÍFUNNI** Jón Ólafsson stofnaði Skífuna og gaf út fjölda hljómplatna undir hennar merkjum.

# Vaxtalaus verðsprengja

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og Akureyri

COLCHON DUPEN



- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

**TILBOÐ**

**Vaxtalaust 12. mán.**

| Rúmstærð | verð frá á mánuði* | stgr. |
|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999 kr | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999 kr | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.999 kr | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999 kr | 71.988.- |
| Stillanleg rúm | 5.999 kr | 71.988.- |

*Stimpilgjald ekki innifalið í verði

# Úrval af rúmgöflum







Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

360 gráður

**SPURT OG SVARAÐ:** VERKTAKAR MISSA AF HAGNAÐINUM

# Bankarnir beggja megin við borðið

Íbúðaverð hækkaði um 25 prósent á síðasta ári og búist er við hækkun upp á 20 prósent á þessu ári. Þrátt fyrir þetta sýna fyrirtæki í byggingariðnaði aðeins hagnað upp á 2-5 prósent að meðaltali. Samtök iðnaðarins óttast að verktakar fái ekki eðlilegan hlut til sín. Hreiðar Hermannsson rekur fyrirtækið Sandfell.

Þetta er rosalega misjafnt. Fyrirtæki sem hafa þokkalega eiginfjárstöðu hafa ágætan hagnað af sínum framkvæmdum núna en aðilar sem hafa takmarkað eiginfé nota dýra fjármögnun frá lánastofnun.

Þegar lánastofnanir veita framkvæmdalán þá er algengt að vextirnir séu á bilinu 10-16 prósent.

Þessir verktakar verða í flestum tilfellum af hagnaðinum.



**Hvað finnst þér um þetta?**
Það er erfitt að segja. Framkvæmdalánin eru dýr og reksturinn erfiður hjá þeim sem hafa lítið eiginfé. Nýjasta dæmið er að það sóttu 4.000 um 50 lóðir sem voru auglýstar á Selfossi. Ef allir fengju lóð þá flyttu 16 þúsund aðilar á Selfoss. Menn halda að það sé óhætt að kaupa lóð á nánast hvaða verði sem er en það er algjörlega óraunhæft.

**Hvað er til ráða?**
Lánastofnanir veita lán á háum vöxtum og bjóða um leið í lóðirnar í samkeppni við sína viðskiptavini. Þeir úthluta bæði lóðum og lána fyrir framkvæmdum. Fjármálastofnanir hegða sér illa á markaðnum því að þær eru beggja megin við borðið. Mér finnst að þetta ætti að vera algjörlega bannað. Allt viðskiptasiðferði mælir algjörlega gegn þessu.




Hraðbátar

www.velasalan.is
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.

VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is




**SAMÞYKKT SKIPULAG LAUGAVEGARINS** Snarpar umræður urðu á fjölmennum borgarafundi sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir skömmu.

# Í átthagafjötrum á Laugaveginum

**Stærri verslanir vantar við Laugaveginn til að draga að sér viðskiptavini. Það mun bjarga minni kaupmönnum við götuna, en rekstur verslana þeirra hefur verið í járnum. Þetta er álit kaupmannanna, eins og fram kom á borgarafundi um verndun og uppbyggingu við Laugaveginn.**



FRÉTTASKÝRING
SKIPULAGSMÁLIN Á LAUGAVEGINUM

ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

„Eigi að koma Laugavegi aftur á stall sem einu alvöru verslunargötunni þarf aðkomu stærri verslana en nú er," segir Bolli Kristinsson, kaupmaður í Sautján. Fram kom í máli hans á borgarafundi um verndun og uppbyggingu við Laugaveginn að ekkert annað en dauði biði verslunar við Laugaveginn ef ekki væri gripið til aðgerða sem fyrst. Margvísleg sjónarmið komu fram á fundinum sem yfir 200 borgarbúar sóttu.

Til hans var boðað af borgaryfirvöldum og fór Steinunn Valdís Óskarsdóttir yfir þá vinnu sem skilaði sér í því deiliskipulagi fyrir götuna sem samþykkt var fyrir skemmstu. Hófst sú vinnu fyrir margt löngu en að mörgu var að hyggja og taka þurfti tillit til fjölmargra aðila.

### Kaupmenn þreyja þorrann

Bolli er einn þeirra kaupmanna sem haldið hafa tryggð við Laugaveginn þrátt fyrir að tap hafi verið á stórverslun hans þar frá upphafi að hans sögn. „Það sem ég átti við með dauða Laugavegarins var að hingað þarf að fá þessar vinsælu stóru verslanir sem hafa það aðdráttarafl sem til þarf. Ég er til dæmis viss um að ef verslun á borð við Zöru opnaði á Laugavegi myndi það eitt og sér draga um 300 þúsund manns í miðborgina til viðbótar á ári hverju. Slíkar verslanir hafa það aðdráttarafl sem þarf, þær auglýsa meira og aukin umferð er grunnforsenda þess að verslun aukist og gatan hljóti aftur þann sess sem hún hafði áður en Kringlan eða Smáralind komu til. Núverandi staða er sú að viðskipti eru svo dræm að margir minni kaupmenn eru í átthagafjötrum og verða sjálfir að standa vaktina í verslunum sínum í tólf til fjórtán klukkustundir á dag."

Aðrir kaupmenn sem tóku til máls á fundinum tóku undir með Bolla að rekstur verslana við Laugaveg væri og hefði verið í járnum. Var það samdóma álit þeirra að á meðan Reykjavíkurborg leggði ekki sitt af mörkum til að breyta þeirri stöðnun sem ríkti, meðal annars með því að rífa einhver af þeim gömlu húsum sem við götuna standa, væri lítil von til að almenningur sækti miðbæinn heim með sama hætti og var þegar Laugavegurinn var upp á sitt besta.

Erla Þórarinsdóttir, verslunarmaður í Bankastræti, hvatti einnig borgaryfirvöld til að gera samkomulag við kaupmenn við götuna um að fella niður gjöld með einhverjum hætti gegn því að fjármagni verði varið til uppbyggingar og fegrunar þeirra húsa og verslana sem þar standa.



**LAUGAVEGURINN** Fullkomin samstaða mun aldrei nást um skipulag Laugavegarins að mati borgarstjóra en það skipulag sem samþykkt hefur verið tekur tillit til allra sjónarmiða sem fram hafa komið.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sagði að borgin hefði engar lagaheimildir til að lækka eða fella niður opinber gjöld með þeim hætti sem Erla fór fram á. Hins vegar efldu borgaryfirvöld verslun og þjónustu með öðrum hætti eins og að styðja vel við bakið á samtökum hagsmunaaðila sem markaðssetja miðborgina auk þess sem átak hafi verið gert í fegrun umhverfis miðbæjarins.

### Öllum aldrei gert til hæfis

Í máli borgarstjóra að loknum fyrirspurnum á fundinum kom fram að framtíðarhugmyndir fyrir miðbæinn og Laugaveginn sérstaklega yrðu aldrei með þeim hætti sem allir óskuðu. Sá fjöldi sem tók til máls á fundinum sýndi og sannaði að hennar mati að öllum þætti vænt um götuna og væri ekki sama hvað um hana yrði. Það væri hins vegar niðurstaða borgaryfirvalda að það skipulag sem hefði nýverið verið samþykkt væri farsælasta lausnin og með henni væri komið til móts við allflestar hugmyndir sem fram hafa komið á undanförnum árum.

Aðspurð að fundinum loknum sagði Steinunn Valdís að fundurinn hefði verið afar gagnlegur en viðurkenndi að ekkert nýtt hefði komið þar fram og ekkert sem gæti haft áhrif á það skipulag sem þegar var samþykkt þegar að fundinum kom.

Páll V. Bjarnason, formaður Torfusamtakanna, sem barist hefur hvað harðast gegn niðurrifi þeirra gömlu húsa sem til stendur að rífa samkvæmt nýsamþykktu skipulaginu, sagði dapurt til þess að hugsa að jafna þyrfti allar þessar sögulegu byggingar við jörðu í þeim tilgangi einum að skapa um 5.000 þúsund fermetra verslunarpláss. Taldi hann betri kost að breyta húsunum og bæta en að rífa niður. ■




Arcade aðalréttargaffall og hnífur

TUNGLIÐ RV2030D

REKSTRARVÖRULISTINN
BORÐBÚNAÐUR



Sími 520 6666 • www.rv.is • Réttarháls 2

Express þýskunámskeið
Æfing #4



Nein, Bratwurst kenne ich nicht, meinst du Brad Pitt?

Nei, ég þekki ekki Bratwurst, áttu nokkuð við Brad Pitt?

Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á www.icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.* Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Fíton/SÍA

# FYLGIST MEÐ OKKUR - VIÐ FYLGJUMST MEÐ VERÐINU!




ALI með beini
**Hamborgar HRYGGUR**

**30% afsláttur** við kassann

ALI HAMBORGARHRYGGUR
**979** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

Reyktur lax og grafinn
**959** kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599kr.

**40% afsláttur** við kassann

**grafinn & LAX reyktur**



ERAN/Landlist

# Bónus býður betur!

FIESTA pitsur
frosnar: 280-400g




280-400g PITSA
**149** KR.




EMMESS 1,5 lítri
**149** KR.

# Verðöryggi frá upphafi!

MACH3 POWER
EKKERT BRUÐL
RAKVÉL GILLETTE
**999** KR.



GRILL SVÍNALÆRISSNEIÐAR
**799** kg KR.

GRILL SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
**799** kg KR.

KRYDDAÐ OG KLÁRT
# Bónusgrill SVÍNAKJÖT

GRILL KÓTELETTUR
**899** kg KR.






# Allt að 40% lægra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna ræddi um helgina við kínverska ráðamenn um Norður-Kóreu og Taívan.

## Kína, Taívan og Bandaríkin

Löngum var grunnt á því góða milli Bandaríkjamanna og Kínverja, en söguleg umskipti urðu í þeim málum þegar Henry Kissinger, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fór á laun til Peking í júlí 1971 til viðræðna við kínverska ráðamenn. Skömmu síðar gerði Nixon, þáverandi Bandaríkjaforseti, leyniför þessa opinbera og tilkynnti jafnframt að hann ætlaði að hitta kínverska ráðamenn í Peking árið eftir. Í kjölfar þessarar leynifarar og heimsóknar Nixons fóru samskipti landanna að þróast á eðlilegan hátt, en Taívan hefur alltaf verið ásteytingarsteinninn milli þeirra og er enn.

**Kínverjar segja í skýringum sínum við setningu laganna að þau séu til að viðhalda friði og jafnvægi á sundinu milli meginlands Kína og hinnar umdeildu eyjar, og verja hagsmuni kínversku þjóðarinnar.**

Í síðustu viku samþykkti kínverska þingið sérstök lög varðandi Taívan, þar sem enn á ný er áréttað að það sé aðeins eitt Kína í heiminum og þá eiga kínversk stjórnvöld að sjálfsögðu við að Taívan tilheyri kínverska alþýðulýðveldinu. Þetta gerðist í sömu viku og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom í fyrstu heimsókn sína til Peking sem utanríkisráðherra. Lög þessi eru mjög afdráttarlaus og yfirskrift þeirra endurspeglar vel innihaldið, að Kínverjar séu á móti aðskilnaði og Taívan sé hérað í Kína. Þar segir að kínversk stjórnvöld muni aldrei líða sjálfstæði Taívans. Ef Taívan-búar lýsi yfir sjálfstæði ráðist kínverski herinn á eyna. Kínverjar segja í skýringum sínum við setningu laganna að þau séu til að viðhalda friði og jafnvægi á sundinu milli meginlands Kína og hinnar umdeildu eyjar, og verja hagsmuni kínversku þjóðarinnar.

Lagasetning þessi hefur ekki mælst vel fyrir hjá stjórnvöldum í Washington, og var hún til umræðu á fundi Rice með ráðamönnum í Kína nú um helgina. Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, er sagður hafa sagt Rice að hann vonaðist til að hún skildi ástæðurnar fyrir lagasetningunni og að þetta væri innanríkismál þar í landi.

Bandaríkjamenn hafa á undanförnum áratugum selt eða látið Taívan í té vopn og heitið ráðamönnum þar stuðningi í baráttu þeirra. Þetta hefur ekkert breyst og býr herinn á Taívan nú sem fyrr yfir mjög fullkomnum vopnum. Kínverjar hafa á undanförnum árum þrýst mikið á Evrópusambandið að aflétta vopnasölubanni sambandsins á Kína, en Bandaríkjastjórn hefur beitt vopnaframleiðsluþjóðir í sambandinu miklum þrýstingi svo að banninu verði ekki aflétt. Miklir peningahagsmunir eru í húfi fyrir mörg lönd í Evrópu og framþróun vopnaiðnaðar þar, því Kínverjar virðast reiðubúnir að kaupa margs konar tól og tæki til notkunar fyrir her sinn.

En þrátt fyrir ýmsa agnúa á sambandi Bandaríkjamanna og Kínverja eiga þeir eitt mikilvægt sameiginlegt áhugamál og það er að koma í veg fyrir að kjarnorkuvopnaframleiðslu í Norður-Kóreu. Eitt meginmarkmið ferðalags bandaríska utanríkisráðherrans til Asíu var að koma af stað á ný viðræðum nokkurra þjóða um kjarnorkuvopnaáætlun þeirra. Nýju lögin í Kína auðvelda kannski ekki samskiptin við Bandaríkjastjórn en sameiginlegt áhyggjuefni stjórnanna í Washington og Peking um Norður-Kóreu er í fyrirrúmi. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Músaholusjónarmið

Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur vandar úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda ekki kveðjurnar í viðtali við Morgunblaðið í gær. Hann er að hefjast handa um að skrifa ævisögu Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, en segir verkið hafa tafist þar sem honum hafi ítrekað verið synjað um starfslaun til verksins úr launasjóðnum. Honum finnst vinnubrögð nefndarinnar fyrir neðan allar hellur. „Það er með engum hætti hægt að kalla það fagleg vinnubrögð að hafna tvö ár í röð manni með mitt höfundarverk um styrk til að skrifa ævisögu Bjarna Benediktssonar og taka þannig samanlagt 120 umsóknir fram yfir umsóknir mínar um að skrifa ævisögu einhvers merkasta manns Íslandssögunnar.“ Jakob er sannfærður um að það séu ekki fagleg sjónarmið sem búi að baki. „Auðvitað ráða þarna auðvirðileg pólitísk músaholusjónarmið,“ segir hann.



### Ævisögur í bígerð

Fleiri ævisögur stjórnmálaforingja eru í vinnslu enda virðist þessi bókmenntagrein njóta vinsælda með þjóðinni. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur er að skrifa ævisögu Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi forsætisráðherra, og í haust mun væntanleg frá hendi Guðjóns Friðrikssonar ævisaga Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands. Guðjón hefur sem kunnugt er áður skrifað sögur Jónasar frá Hriflu, Einars Benediktssonar og Jón Sigurðssonar forseta. Fjörutíu ár eru frá því að Kristján Albertsson skrifaði ævisögu Hannesar Hafstein í þremur bindum. Beðið er eftir seinna bindi endurminninga Jón Baldvins Hannibalssonar og heyrst hefur að Svavar Gestsson, sendiherra í Svíþjóð, hafi verið að setja á blað einhverja pólitíska upprifjun, en ferill hans í blaðamennsku og pólitík hófst á á kaldastríðsárunum í lok sjötta áratugarins og byrjun hins sjöunda. Hefur hann áreiðanlega fróðlega sögu að segja.

gm@frettabladid.is

## Kolefnahlutleysi – hvað er nú það?

Í DAG
MENGUN OG TRJÁRÆKT



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Ásýnd höfuðborgarsvæðisins hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum, þótt ekki sé litið nema 20-30 ár til baka. Breytingarnar eru margþættar og snúa að samgöngukerfi, húsbyggingum, útþenslu og svo mætti lengi telja. Það er alltaf erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina og sjálfsagt hefðu forverar okkar átt erfitt með að sjá fyrir byggðaþróun landsins og vöxt og breytingar höfuðborgarinnar. Sumir hefðu kannski átt erfiðast með að sjá fyrir þann vöxt sem orðið hefur á skógi í borginni. Fyrir þrjátíu árum voru tré ekki sérlega áberandi þegar litið var yfir borgina en nú hafa þau vaxið húsum yfir höfuð víða.

Auk garðtrjáa, sem teygja sig stöðugt, bæði hærra til himins og víðar um, hafa íbúar höfuðborgarsvæðisins plantað fjölda trjáa á hverju sumri í reitum sem þeir hafa komið sér upp utan þéttbýlisins. Sjálfsagt má tala þar um tugþúsundir plantna á ári hverju ef allt er talið. Heiðmörkin hefur vaxið og gróið og í Esjuhlíðum er vaxinn upp myndarlegur skógur svo nokkuð sé nefnt. Sömu þróun má reyndar sjá um allt land og ástæður einkum tvíþættar. Annars vegar dugnaður frumkvöðlanna og í framhaldi af því sívaxandi áhugi fólks fyrir skógrækt og hins vegar hagstætt tíðarfar síðustu ára, mildir vetur og hlý sumur. Hitt er svo annað mál að sveitarfélög víða um land mættu standa sig betur í þessum málaflokki.

En hvað er svo fengið með allri þessari skógrækt og eftir hverju er fólk að sækjast? – Flestum þykir væntanlega skógur fallegur og skógi vaxið land fallegra en skóglaust, a.m.k. víða. Þá er óumdeilt að skógur veitir skjól, bæði fólki og öðrum gróðri og laðar til sín fjölbreyttara fuglalíf. En ótalið er þó það sem æ fleiri beina nú sjónum

**Til að bæta fyrir mengun frá einni bifreið þarf að planta skógi í 1-2 hekturum lands.**

sínum að. Nú er nefnilega almennt talið að skógrækt og aukin notkun skógarafurða í stað orkufrekari afurða, svo sem áls, stáls og steypu, geti unnið gegn gróðurhúsaáhrifum.

Flestir gera sér orðið grein fyrir því að íbúar jarðarinnar ógna tilveru sinni með mengun, gróðurhúsaáhrif virðast greinilegri með hverju árinu sem líður og veðurfarsbreytingar eru orðnar umtalsverðar. Þá þarf að huga að því að snúa vörn í sókn. Ein leiðin er að planta trjám, eitthvað sem margir eru að gera nú þegar og enn fleiri hafa hug á. Því hefur verið slegið fram að til að bæta fyrir kolefnisnotkun einnar fjölskyldubifreiðar þurfi að planta í u.þ.b. einn til tvo hektara lands. Aðeins þarf að planta einu sinni og þar með hefur fjölskylda í raun bætt fyrir þá mengun sem bifreiðarnotkun hennar veldur – tryggt ákveðið „kolefnahlutleysi“ eins og það hefur verið kallað. Einn bíll er þó auðvitað bara hluti af mengun hvers heimilis. Vaxandi gasnotkun við eldamennsku er til dæmis mengunarvaldandi, sorpið sem til fellur, ekki síst ef það er ekki flokkað með réttum hætti og svo mætti lengi telja. Það hefur verið reiknað út að hver Íslendingur þurfi við núverandi aðstæður að rækta skóg á tæpum fjórum hekturum lands til að vera kolefnishlutlaus alla sína ævi.

Mörg fyrirtæki hafa lagt sig fram um að styrkja skógræktarfélög og bæta þannig fyrir kolefnamengun sína og nú er að fara af stað verkefni á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur þar sem fyrsta fyrirtækið á Íslandi stefnir að kolefnahlutleysi. Þar verður skoðað sérstaklega hversu mikilli mengun þetta fyrirtæki veldur og hvað þarf að planta mörgum trjám til ná kolefnahlutleysi. Þetta geta væntanlega fleiri fyrirtæki gert, sem og einstaklingar, því þótt ekki hafi allir aðgang að skógræktarlandi er víða um land hægt að fá skika til skógræktar á vegum skógræktarfélaganna, jafnvel endurgjaldslaust

Er þá hægt að „bæta fyrir“ alla þessa mengun með trjárækt? Auðvitað er málið ekki svo einfalt. Við getum ekki bara plantað fleiri trjám og þar með aukið mengun á okkar vegum með góðri samvisku. En við getum dregið úr áhrifum þeirrar mengunar sem við völdum nú þegar eða öllu heldur unnið á móti henni með skógrækt. Nokkrar vefsíður bjóða fólki nú þegar að reikna út í sérstöku forriti hvað þarf að planta mörgum trjám til að bæta fyrir mengun heimilisins og setja þá inn ýmsa þætti í rekstrinum. Benda má á ru.is/co2 og futureforests.com. En skógrækt dregur þó ekki úr þeirri ábyrgð okkar að minnka eins og kostur er og vinna gegn allri mengun því ekki megum við gleyma þeim alkunnu sannindum að við eigum ekki jörðina, við höfum hana aðeins að láni og okkur ber skylda til að láta hana ganga til afkomenda okkar í eins góðu ástandi og kostur er, helst betra en við tókum við henni. Við þekkjum nú betur afleiðingar gjörða okkar en forfeður okkar gerðu og það eykur ábyrgð okkar. ■







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 7.21 | 13.35 | 19.50 |
| AKUREYRI | 7.05 | 13.19 | 19.36 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heilsa o.fl.

Offita minnkar lífslíkur barna

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er þriðjudagur 22. mars, 81. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halldóra var algjör nammigrís en hefur minnkað slíka neyslu síðan hún hóf að stunda líkamsrækt.

# Auglýsir eftir einkaþjálfara

***Halldóra Þorsteinsdóttir, fjölmiðlakona og fyrrum ritstjóri Vamm, segist ekki hafa verið þekkt fyrir heilbrigt líferni en hefur snúið blaðinu við og gerir ýmislegt til að halda sér í formi.***

„Ég er kannski ekki sú efnilegasta í þessum málum en ég er að byrja aftur í líkamsrækt núna. Ég held ég hafi ekki æft íþróttir í tíu ár. Ég reyni að vera dugleg og fer í Sporthúsið eða Baðhúsið þrisvar sinnum í viku en endist yfirleitt ekki nema tuttugu mínútur,“ segir Halldóra og skellihlær. „Ég fer mest á bretti og geri magaæfingar en ég kann bara ekkert á tækin eða æfingarnar. Því auglýsi ég hér með eftir einkaþjálfara. Ef einhver þarna úti er á ferli og vill taka að sér eina erfiða þá getur hann talað við mig. Annars hef ég aldrei verið neitt sérstaklega hrifin af líkamsræktarstöðvum og fer stundum ein í göngutúr á kvöldin til að róa hugann og fá vítamín úr náttúrunni.“

„Ég fer alltaf í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð einu sinni í viku. Svo fer ég líka í nudd einu sinni í viku og mín líkamlega og andlega heilsa er tekin rækilega í gegn þar,“ segir Halldóra, sem er líka að stíga fyrstu skrefin í átt að betra mataræði. „Ég er þekkt fyrir það í mínum vinahópi að borða svakalega mikið nammi. Það er eiginlega til skammar. En fyrst ég er byrjuð í líkamsrækt er ég að reyna að borða ekki nammi fyrir fimm hundruð krónur á dag eins og ég gerði hér áður fyrr. Það var hrikalegt og fólk horfði á mig með hryllingi. En ég held að þegar fólk byrjar í líkamsrækt og hættir að borða allt sem er óhollt falli það um sjálft sig. Ég ætla bara að taka því rólega og taka eitt skref í einu við að hætta að borða nammi.“

# LIGGUR Í LOFTINU

## *í heilsu*

**Fleiri kvartanir** Á vefsíðu Landlæknisembættisins er vakin athygli á nýjum upplýsingum um kvartanir og kærur sem bárust Landlæknisembættinu árið 2004. Alls bárust 244 kvartanir og kærur til embættisins í fyrra, nokkru fleiri en árin á undan, en fjöldinn var 220 árið 2003 og 224 árið 2002. Af kvörtunum, sem bárust árið 2004, var 1. mars 2005 lokið við að afgreiða 106 mál, en afgreiðslu var enn ólokið í 38 málum.

**Ný meðferðarmiðstöð** Teigur, ný meðferðarmiðstöð vímuefnadeildar LSH, var opnuð með viðhöfn í endurnýjuðu húsnæði á jarðhæð geðdeildarbyggingarinnar við Hringbraut í síðustu viku, að viðstöddum heilbrigðisráðherra og fjölda annarra gesta. Um leið fékk almenn dag- og göngudeild geðsviðs endurnýjað viðbótarhúsnæði á sömu hæð þar sem taugadeild var áður til húsa. Húsnæðið var endurnýjað með sérstöku framlagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Nálægð þessarar nýju dagdeildar við göngudeild, bráðamóttöku, legudeildir og iðjuþjálfun býður nú upp á betri samnýtingu og samhæfingu meðferðarúrræða og mannafla.



**Actavis** mun verða aðalstyrktaraðili Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, árin 2005 og 2006. Í styrknum felst m.a. að fjármagnað verður að hluta stöðugildi sálfélagslegs sérfræðings, sem er ný staða hjá Umhyggju. Er sérfræðingnum m.a. ætlað að veita fjölskyldum barna sálfélagslegan stuðning í því langa og flókna ferli sem langvinn veikindi eru.

*heilsa@frettabladid.is*



Tilvalin fermingargjöf

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

**allt atvinna**

Þar sem Fréttablaðið kemur **ekki út á sunnudag**, Páskadag, verða atvinnusíður í **Alltinu** á fimmtudag og þriðjudag.

**Þökkum mjög góðar undirtektir.**



Vinsamlega hafið samband við **Ámunda Steinar:** ami@frett.is, í síma **515 7582** eða **Böðvar:** bodvar@frett.is, í síma **550 5697**



**Kalk**
Kalk er nauðsynlegt fyrir tennur og bein. Einfaldast er að fá kalk í gegnum mjólkurvörur en einnig er hægt að fá kalk úr ýmsu grænmeti eins og til dæmis brokkolí.

ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
Nýtt 5 vikna tímabil 29. mars – 30. apríl
Kennt verður 20 sinnum í viku !!!
Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

Splenda
Russel Stover
Sykurlaust sælgæti
Ótrúlega bragðgott kolvetnasnautt og sykurlaust sælgæti sem hefur unnið til verðlauna fyrir bragðgæði og vandaða framleiðslu
Fæst í apótekum og matvörubúðum
LowCarb

FRÁBÆR HEILSUDRYKKUR
heilsal
ALOE
Plús Kalsíum
Frískandi Aloe Vera drykkur með aldinkjöti úr Aloe Vera plöntunni og viðbættu kalki
Aloe Vera plantan þykir hafa góð áhrif á maga og meltingu.
Drykkurinn er sérlega bragðgóður og fæst í matvörubúðum og apótekum.
Hans má neyta að vild.

ROPE YOGA
Rope Yoga er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.
Rope Yoga bönd
kr. 19.900.-
Rope Yoga æfingastöð
kr. 59.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Heiðar Sigurðsson flytur inn handklæði og rúmföt úr lífrænt ræktaðri bómull.

# Lífrænt fer betur með okkur

***Við framleiðslu á bómull eru notuð eiturefni sem eru bæði ofnæmis- og krabbameinsvaldandi. Heildverslunin Safalinn flytur inn lífrænt ræktaða bómull sem unnin er án þessara eiturefna.***

„Við hefðbundna framleiðslu á einu kílói af bómull er notað eitt kíló af eiturefnum sem geta valdið alvarlegum heilsubresti,“ segir Heiðar Sigurðsson, framkvæmdastjóri heildverslunarinnar Safalinn sem flytur inn handklæði og rúmföt úr lífrænt ræktaðri bómull.

Enn sem komið er hefur þessi lífræna framleiðsla aðeins verið seld hótelum en til stendur þó að bjóða hana til sölu í almennum verslunum og jafnframt fara í herferð með Umhverfsstofnun til kynna kosti hennar.

„Vörur úr lífrænt ræktaðri bómull endast þrisvar sinnum lengur en vörur úr hefðbundinni bómull,“ segir Heiðar og segir það eina af ástæðunum fyrir því að hótel séu í auknum mæli farin að kaupa inn handklæði og lök úr lífrænu bómullinni og eru til að mynda flest hótel í Svíþjóð búin lífrænu líni. „Hérlendis hafa Bláa lónið og þvottahúsið Fönn áttað sig á gæðum þessarar vöru,“ segir Heiðar. Hann segir fólk vera að vakna til vitundar um skaðsemi eiturefna og þar sem bómull sé efni sem við erum í mikilli snertingu við er nauðsynlegt að vera meðvitaður um möguleg eiturefni í henni. Jafnframt segir hann mikilvægt að fólk gangi úr skugga um að vörur séu vottaðar lífrænt ræktaðar og sé Svanurinn merki sem Norðurlöndin noti saman og tryggi að vara hafi verið framleidd undir ströngustu gæðakröfum.

„Allt umhverfisvænt og lífrænt fer betur með okkur og umhverfi okkar og við verðum að vera meðvituð um það,“ segir Heiðar. ■



Margir koma til Hveragerðis til að baða sig í pottunum í baðhúsinu.

## Laugardagar eru heilsudagar

DEKUR Á HEILSUSTOFNUN NLFÍ.

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði fagnar hálfrar aldar afmæli á þessu ári. Af því tilefni geta gestir og gangandi notið aðstöðunnar í baðhúsi Heilsustofnunarinnar á laugardögum milli klukkan 10 og 18.

„Almenningi hefur ekki gefist kostur á að nýta baðhúsið á þennan hátt. Áður fyrr þurfti að panta tíma til að fara í baðhúsið en nú er það opið almenningi á laugardögum. Fólk getur komið í sundlaugina, blaut- og þurrgufu, potta og víxlböð, þar sem skiptast á heit og köld böð, en nudd, leirböð og heilsuböð þarf enn að panta fyrir fram,“ segir Anna Pálsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi stofnunarinnar.

„Afmælisdagurinn okkar er 24. júlí og þá verður eitthvað mikið um að vera en það er allt í undirbúningi,“ bætir Anna við en nánari upplýsingar um opna baðhúsið er að finna hjá stofnuninni í síma 483 0300.

## Jógagúru í Hollywood í dómssal

TELUR SIG EIGA HÖFUNDARRÉTT Á TILTEKINNI TEGUND AF JÓGA.

Einum þekktasta jógakennara Bandaríkjanna, Bikram Choudhury, hefur nú verið stefnt fyrir rétt vegna yfirlýsinga hans um að hann telji sig eiga einkarétt á vissri röð jógastellinga. Hann hefur sett saman 26 stellingar sem farið er tvisvar í gegnum í hverjum tíma í mjög heitu herbergi. Er kennurum gert að undirgangast ákveðna þjálfun og fá sérstök réttindi til að fá að kenna aðferð hans sem hann kallar Bikram-jóga. Choudhury, sem er á sextugsaldri, hafði sent harðorð bréf til um 100 Bikram-jógaskóla og kennara sem ekki höfðu hlotið sérstaka þjálfun hjá honum og ásakað þá um að brjóta á höfundarrétti hans. Þetta varð til þess að einn af umræddum jógaskólum svaraði honum með lögsókn. Í kæru forsvarsmanna skólans segir að Bikram hafi ekki fundið upp umræddar stellingar þar sem þær hafi verið til frá órófi alda og öllum aðgengilegar. Lögfræðingur Bikram svarar þessu svo til að hann sé ekki að krefjast einkaréttar á stellingunum sjálfum heldur samsetningu þeirra. Þetta sé að vissu leyti eins og höfundarréttur á lagi, sem snúist ekki um einkarétt á nótunum sjálfum heldur röð þeirra.

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

LowCarb
Splenda
SPLENDA er náttúrulegt sætuefni sem hefur eðlilegt sætubragð.
SPLENDA er kalóríufrítt og veldur ekki tannskemmdum.
Hægt er að baka, elda og sulta úr SPLENDA.
SPLENDA kemur í stað sykurs og er frábært fyrir sykursjúka.
Fæst í matvöruverslunum og apótekum

metasys
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys
Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.
Fyrir konur og karla
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

Mjólkuróþol
Lífrænt kalk + steinefni
Hylki og Duft
Vottað lífrænt
Natural CALCIUM
120 CAPSULES
LifeStream
Sérfræðingar í Lífrænni Næringu
Fæst í apótekum

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

## Hver máltíð er lítil æfing

Brenna allir jafn mikið (jafn mörgum hitaeiningum)? Svarið er einfaldlega nei! Brennsla/efnaskiptahraði er mismunandi milli einstaklinga. Það eru þrír þættir sem ráða því hversu mörgum hitaeiningum við brennum á dag.

Í umsögn sjóðsins segir að Friðrik hafi hér verið í fararbroddi í hugbúnaðargerð og náð glæsilegum árangri erlendis og þannig stuðlað að vexti og framþróun íslensks upplýsingatækniiðnaðar. „Friðrik [...] var einn helsti hvatamaður að stofnun Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og formaður samtakanna fyrstu árin. Þá hefur Friðrik verið mikilvirkur á sviði staðlastarfs, meðal annars sem formaður fagráðs í upplýsingatækni og staðlaráðs Íslands, en margir minnast baráttunnar fyrir því að íslenskir stafir féllu ekki út úr tölvustafatöflu alþjóðlegu staðlastofnunarinnar, ISO,“ segir þar og einnig áréttað að Friðrik hafi á vegum stjórnvalda gegnt fjölmörgum nefndar- og stjórnarstörfum sem snerta málefni upplýsingatækniiðnaðar. „Með verkum sínum hefur Friðrik skapað umtalsverð verðmæti byggð á þekkingu og þróunarstarfi. Fyrir það veitir Verðlaunasjóður iðnaðarins honum viðurkenningu.“




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FORSTJÓRI TM SOFTWARE** Friðrik Sigurðsson, forstjóri TM Software, var sæll og glaður á föstudaginn síðasta þegar honum höfðu verið afhent verðlaun á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins fyrir frumkvöðlastarf í hátækniiðnaði.

Friðrik sagði við afhendingu viðurkenningarinnar að þótt mikil uppbygging hefði einkennt upplýsingatækniiðnað hér á landi síðustu ár væri það skoðun hans og margra annarra að ævintýrið væri rétt að byrja. „Mér finnst það hafa verið nánast í gær, en það fer nú að halla í tuttugu árin, sem við vorum að berjast fyrir viðurkenningu sjálfstæðrar atvinnugreinar. Hún var einfaldlega ekki til á kortinu, hvorki til í atvinnugreinaflokkum né til nein tölfræði um umfang hennar. Hugarfarslega voru menn ekki til í að líta á hana sem sjálfstæða atvinnugrein,“ sagði hann og taldi ekkert hafa skipt meira máli í umhverfi fyrirtækja í upplýsingatækni en ein örlítil breyting á tryggingagjaldi, sem bjó til hvata fyrir forsvarsmenn að skrá félögin með öðrum hætti en verið hafði. „Skyndilega varð greinin til, hún varð sýnileg, hún eignaðist málsvara hjá Samtökum iðnaðarins og framhaldið þekkja allir,“ sagði hann. ■

## AFMÆLI

**Ingibjörg Pálsdóttir**, ættuð frá Sauðárkróki, til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík, er níræð í dag. Hún hélt upp á afmælið á sunnudaginn.



**Júlíus Sólnes** verkfræðiprófessor, fyrrum umhverfisráðherra, er 68 ára í dag.

**Sveinbjörn Rafnsson**, prófessor í sagnfræði, er 61 árs í dag.

**Páll Hersteinsson**, prófessor í spendýrafræði, er 54 ára í dag.

**Helga Jónsdóttir** borgarritari er 52 ára í dag.

**Magnús Tumi Magnússon** myndlistarmaður er 48 ára í dag.

## ANDLÁT

**Gréta Emilía Júlíusdóttir**, Helgamagrastræti 19, Akureyri, lést fimmtudaginn 17. mars.

**Reynir Gíslason**, Víðihlíð, Grindavík, lést fimmtudaginn 17. mars.

**Árný Hulda Steinþórsdóttir**, Freyjugötu 30, Reykjavík, lést föstudaginn 18. mars.

**Högni Sigurðsson**, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést föstudaginn 18. mars.

**Sveinn Þorvaldsson**, byggingafræðingur, Geitlandi 4, Reykjavík, lést föstudaginn 18. mars.

**Hervald Eiríksson**, Hraunbæ 79, Reykjavík, lést sunnudaginn 20. mars.

## JARÐARFARIR

13.30 **Stefán Valdimar Jóhannsson**, frá Hömrum, Hrísalundi 18, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Björn Ólafsson**, Krosseyrarvegi 9, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.

15.00 **Haraldur Gíslason**, múrari, Gullsmára 10, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.



*Ástkær faðir okkar, afi og langafi,*

**Jón Haukur Torfason**

Vatnsnesvegi 25, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að morgni 10. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1599** Anthony van Dyck, myndlistarmaður.

**1868** Robert Andress Millikan, vísindamaður.

**1923** Karl Malden, leikari.



**1923** Marcel Marceau, látbragðsleikari.

**1930** Stephen Sondheim, tónskáld.



**1931** William Shatner, leikari.

**1936** Roger Whittaker, tónlistarmaður.

**1948** Andrew Lloyd Webber, tónskáld.

**1959** Matthew Modine, leikari.

**1968** Damon Albarn, tónlistarmaður og Íslandsvinur.

**1976** Kellie Shanygne Williams, leikkona.



**VORINU FAGNAÐ Í ANKARA** Maður stekkur yfir bál í fagnaði sem kenndur er við Nowruz í Ankara í Tyrklandi á sunnudaginn. Nowruz er forn persnesk hátíð, en orðið er úr Farsi og þýðir „nýtt ár". Á hátíðinni tíðkast að hreinsa sálina með táknrænum hætti fyrir nýárið en Nowruz er fagnað í fjölda landa, þar á meðal Írak, Tyrklandi, Afganistan og Íran.



**TÖLVUNÁM.IS** Myndbandaskólinn hefur í tvö ár starfrækt námsvefinn Tölvunám.is, en þar er hægt að sækja á netinu gagnvirk tölvunámskeið.

# Tölvunám.is tveggja ára

Í tilefni tveggja ára afmælis Tölvunám.is verður í dag opinn aðgangur að öllum námskeiðum kennsluvefsins og því færi á að prófa nám á netinu án þess að þurfa að greiða fyrir.

Í tilkynningu Myndbandaskólans, sem á og rekur Tölvunám.is, kemur fram að á þessum tveimur árum sem vefurinn hefur verið starfræktur hafi hann fengið afar góðar viðtökur meðal bæði atvinnurekenda og einstaklinga. „Tölvunám.is hefur verið innleitt í starfsmannastefnu yfir 100 fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki eru ekki síður framsækin í fræðslumálum heldur en í sókn sinni á nýja markaði," segir þar.

Í námskeiðunum sem fara má í gegnum á netinu er margmiðlunartækni nýtt til fullnustu. „Nemandinn er leiddur áfram og framkvæmir allar aðgerðir sjálfur í gagnvirku kennsluforriti." Þannig ræður fólk sjálft efnistökum og hraða yfirferðar, en námskeiðin fara öll fram á íslensku.

Vefurinn er sagður hafa tekið talsverðum breytingum á þessum tveimur árum og námskeiðum fjölgað, hægt er að taka próf úr námskeiðunum og bætt hefur við námsstjórnarkerfi. „Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að bjóða tölvunám á Netinu í skólum landsins. Verið er að vinna að frekari þróun námsstjórnarkerfisins sem gerir kennurum kleift að fylgjast náið með námsframvindu einstakra nemenda," segir í tilkynningu. ■




HREINT SMEKKSATRIÐI

★★★★★
Opel Astra fékk fimm stjörnur fyrir öryggi hjá **EuroNcap**

Samkeppnin í „litlu millistærðinni" er ótrúlega hörð og að okkar mati eru nokkrir framúrskarandi bílar í boði í þessum flokki. Meðal þeirra er Opel Astra, einn mest seldi fólksbíll Evrópu 2004. Hann er endurhannaður frá grunni, sérstaklega vandaður og talsvert stærri en fyrri gerðir. Hann er lipur og skemmtilegur í akstri og sérlega þægilegur í umgengni. Okkur finnst hann fallegastur í sínum stærðarflokki. En það er náttúrulega smekksatriði.

*Skoðaðu Opel Astra hjá Ingvari Helgasyni og láttu þinn smekk ráða.*

NÝR OPEL ASTRA
AÐEINS 18.992 Kr. Á MÁNUÐI
Miðað við bílasamning Glitnis með 339.000 kr. útborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.
VERÐ FRÁ :1.695.000 Kr.

Glitnir

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Fíton/SÍA F1012122




*Viltu vinna risapáskaegg?*

Taktu þátt í skemmtilegum páskaleik á **isb.is** og þú gætir unnið eitt af hundrað páskaeggjum númer 4 frá Nóa-Síríusi eða **risaegg**.

*www.isb.is*

ÍSLANDSBANKI | 100%



## Aðal leikir dagsins

**Úrslitakeppnin í körfu**

Úrslitakeppnin í körfuboltanum er í fullum gangi, bæði hjá körlum og konum. Í Keflavík fer fram oddaleikur heimamanna og Stúdína þar sem sigurvegari fer í úrslitaleikinn. Í Grafarvogi tekur spútniklið Fjölnis á móti Snæfelli í karlaflokki.

# sport

sport@frettabladid.is

**EINAR ÞORVARÐARSON HJÁ HSÍ:** BÝR EKKI YFIR HÆFILEIKUM MIÐILS

# *Leikjaniðurröðunin var algjör tilviljun*



Eins og flestum íþróttaáhangendum ætti að vera kunnugt lauk deildarkeppninni í DHL-deild karla og kvenna í handbolta um nýliðna helgi. Haukar stóðu uppi sem sigurvegarar í báðum kynjaflokkum en bæði lið félagsins kepptu hreina úrslitaleiki um titilinn á Ásvöllum, kvennaliðið gegn ÍBV en karlaliðið gegn ÍR. Sú uppröðun deildarkeppna að um sé að ræða hreinan úrslitaleik í lokaumferð, bæði hjá körlum og konum, er mjög óalgeng og hjá körlunum var uppröðunin fyrir lokaumferðina með hreinum ólíkindum – liðin í 1. og 2. sæti leiddu saman hesta sína, en það gerðu einnig liðin í 3. og 4. sæti, sem og 5. og 6. sæti og 7. og 8. sæti.

Samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins er um einsdæmi í leikjauppröðun handboltasögunnar að ræða og því kannski ekki furða að blaðinu hafi leikið forvitni á að vita hvort stuðst hefði verið við miðilsstörf í uppröðun leikja hjá Handknattleikssambandinu í haust. „Nei, það er fjarri því," staðfesti Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, í samtali við Fréttablaðið og hló dátt. „Það er notast við svokallaðan töfludrátt þar sem hvert lið í deildinni fær ákveðið númer. Síðan erum við með tölvukerfi sem raðar upp samkvæmt ákveðnum formúlum og þetta var semsagt útkoman," segir Einar.

Fyrir tímabilið hefðu líklega einhverjir treyst sér til að leggja nokkrar krónur að veði um að bæði karla- og kvennalið Hauka yrðu í toppbaráttunni í ár, sem og kvennalið ÍBV og karlalið ÍR. Einhverjir hafa þannig haft á orði að sú staðreynd að þessi lið skyldu einmitt mætast í lokaumferðinni hafi kannski verið einum of mikil tilviljun. En Einar segir engin klækjum hafa verið beitt. „Um algjöra tilviljun er að ræða," segir hann og þvertekur fyrir að hann sé skygg „Nei, ég hef ekki fundið fyrir þeim hæfileikum ennþá."

## > Við hrósum ...



... Keflvíkingnum Magnúsi Gunnarssyni sem lét andlitsgrímuna ekkert á sig fá gegn ÍR í gærkvöldi og fann fjölina á nýjan leik. Magnús skoraði 15 stig, öll úr þriggja stiga skotum þar af fjögur í fyrri hálfleik.

## > Við hrósum ...

... Valsstúlkum í fótbolta sem gerðu frábæra ferð til Svíþjóðar og lögðu stórlið Kopparbergs/Gautaborg með tveimur mörkum gegn engu. Sænska liðið er eitt það sterkasta á landinu og ætti þetta að gefa leikmönnum Vals byr undir báða vængi fyrir Evrópukeppnina í sumar. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði bæði mörk Vals í leiknum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Keflavík í úrslitakeppni 1. deildar kvenna í körfubolta.
- 20.00 **Fjölnir** og **Snæfell** mætast í Grafarvogi í úrslitakeppni Intersport-deildar karla í körfubolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 17.30 **Olíssport** á Sýn.
- 18.45 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 19.15 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- 19.45 **Íslenski körfuboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Fjölnis** og **Snæfells** í úrslitakeppni Intersport-deildarinnar í körfubolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Íslenski körfuboltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Fjölnis** og **Snæfells** í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Bandarískir íþróttaspekingar eru iðnir við að velta vöngum yfir hver verði arftaki Johnny Davis sem var rekinn frá Orlando Magic í NBA-körfuboltanum á dögunum. Phil Jackson, Maurice Cheeks, Flip Saunders og Eric Musselman (fyrrum aðstoðarmaður Chuck Daly, fyrrverandi þjálfara Magic) hafa verið orðaðir við stöðuna en þó hefur ekkert fengist staðfest í þeim efnum. Gamla kempan Mark Jackson, sem gerði garðinn frægan með New York Knicks, hefur einnig verið nefndur sem eftirmaður Davis.



Það er mikil spenna í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta en báðar undanúrslitaviðureignirnar fóru í oddaleiki sem fara fram báðir á miðvikudagskvöldið. Blikar unnu 22 stiga sigur á Valsmönnum í Smáranum, 101-79, og liðin mætast í úrslitaleik á Hlíðarenda og Stjörnumenn tryggðu sér einnig úrslitaleik á Egilsstöðum með sjö stiga sigri á Hetti, 86-79, í Garðabæ. Liðin keppa í þessarri úrslitakeppni um tólfta og síðasta sætið í Intersportdeild karla en Þór frá Akureyri hefur þegar unnið sér inn sitt sæti sem deildarmeistarar. Þór og sigurvegari úrslitakeppninnar taka sæti Tindastóls og KFÍ í deildinni næsta vetur.

Örvhenta skyttan Ramunas Mikalonis hjá Selfossi hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við félagið. Mikalonis kom til Selfoss árið 2000 og hefur líkað dvölin vel ásamt því að hafa reynst liði Selfoss vel á sínum tíma hjá félaginu. Mikalonis er 26 ára gamall.

# Burst hjá Keflavík

**Keflvíkingar sýndu mátt sinn og megin í Austurbergi í gærkvöldi þegar þeir gjörsigruðu ÍR-inga, 72–97, úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta. Hvort lið hefur nú unnið einn leik í einvíginu.**

**KÖRFUBOLTI** Sigur Keflavíkur var afar öruggur, leikmenn ÍR sáu aldrei til sólar og voru gjörsamlega keyrðir í kaf af einbeittum Keflvíkingum sem voru greinilega staðráðnir í að hefna fyrir tapið á heimavelli um helgina.

Erlendu leikmennirnir hjá Keflavík, þeir Nick Bradford og Anthony Glover, áttu frábæran dag sem og Magnús Gunnarsson sem loksins sýndi sitt rétta andlit körfuboltalega séð, því andlitsgríman góða var enn á sínum stað. Þá má ekki gleyma þætti Sverris Þórs Sverrissonar og Jóns Nordal Hafsteinssonar, sem voru stórkostlegir í vörninni. Þeir drifu samherja sína áfram með aðdáunarverðri baráttu auk þess sem þeir skoruðu nokkrar góðar körfur á mikilvægum augnablikum. Bradford skoraði 29 stig og Glover 22 meðan Magnús Gunnarsson setti niður 5 þriggja stiga körfur úr átta tilraunum og skoraði alls 15 stig.

„Við vorum hauslausir í dag og örugglega aðeins of góðir með okkur eftir sigurinn í Keflavík," sagði Eiríkur Önundarson, fyrirliði ÍR, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. Nokkuð er til í orðum Eiríks því engu líkara var en að leikmenn íR héldu að sigurinn myndi koma af sjálfu sér. Þeir féllu í þá gryfju að ofmetnast – nokkuð sem Sigurður Ingimundarson og lærisveinar hans hjá Keflavík nýttu sér til hins ítrasta.

„Við mættum mjög vel stemmdir og spiluðum í botni allan tímann. Við spiluðum vörnina vel og þeir áttu bara ekki séns. Við ætlum að mæta svona stemmdir til leiks á laugardaginn," sagði Sigurður eftir leikinn en þá fer fram þriðji leikur liðanna. Ljóst er að ÍR-ingar þurfa heldur betur að taka sig saman í andlitinu ef ekki á illa að fara í þeim leik en þeim til varnar má geta þess að í þeim ham sem Keflavík var í gær er liðið illviðráðanlegt svo ekki sé meira sagt.



**MAGNÚS GUNNARSSON** Skoraði fimm þriggja stiga körfur í gær og átti sinn besta leik í nokkurn tíma.

Slátrunin hófst strax í fyrsta leikhluta, að fimm mínútum loknum var staðan 14-2 gestunum í Keflavík í vil og að honum loknum var staðan 14-23. Ekki batnaði ástandið í öðrum leikhluta, gríðarleg stemning var á meðal leikmanna Keflavíkur á meðan hvorki gekk né rak hjá ÍR. Keflavík skoraði fyrstu níu stigin í leikhlutanum og var staðan í hálfleik 28-52. Það var þannig nánast formsatriði fyrir Keflavík að klára leikinn. Mestur var munurinn 34 stig, 61-95, þegar þrjár mínútur voru eftir en lokatölur urðu á endanum 72-98.

„Það er í raun skammarlegt að mæta ekki betur til leiks með húsið stappfullt af áhorfendum og svaka stuð. Við vissum að þeir kæmu eins og grenjandi ljón en núna er þetta aftur á byrjunarreit. Við þurfum að vinna aftur í Keflavík og verðum að mæta klárir," sagði Eiríkur. Athygli vakti að leikmenn Keflavíkur voru flestir búnir að láta vaxa myndarlegt yfirvaraskegg á sér og segir Sigurður þjálfari hugmyndina fengna í smiðju Larry Bird, sem jafnan skartaði slíkum hárvexti. Hvort Keflvíkingar jafnist á við gullaldarlið Boston Celtics á tíma Bird er látið liggja milli hluta en ljóst er að með sömu spilamennsku standast fáir, ef nokkrir, Keflvíkingum snúning. ■

**ÍR–KEFLAVÍK 72–98**

**Stig ÍR:** Theo Dixon 16 (6 stolnir), Eiríkur Önundarson 12, Ólafur Sigurðsson 9 (6 stoðs., 3 stolnir), Ómar Sævarsson 6 (8 fráköst), Ólafur Þórisson 6, Grant Davis 6 (8 fráköst), Fannar Freyr Helgason 5, Sveinbjörn Claessen 4, Davíð Þór Fritzson 3, Gunnlaugur H. Erlendsson 3, Trausti Stefánsson 2.

**Stig Keflavíkur:** Nick Bradford 29 (11 fráköst), Anthony Glover 22, Magnús Þór Gunnarsson 15 (hitti úr 5 af 8 þriggja stiga skotum), Arnar Freyr Jónsson 10 (8 stoðs. á 19 mín.), Sverrir Þór Sverrisson 9, Jón Nordal Hafsteinsson 5 (4 varin, 4 sóknafráköst), Gunnar Einarsson 3, Halldór Örn Halldórsson 3, Davíð Þór Jónsson 1, Jón Gauti Jónsson 1.

Spænski körfuboltinn í fullum gangi þessa dagana:

# Damon að spila vel

**KÖRFUBOLTI** Damon Johnson átti góðan leik í öruggum sigri hans og félaga sinna í liði Lagun Aro Bilbao í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta um helgina.

Damon skoraði 17 stig og gaf 5 stoðsendingar á þeim 28 mínútum sem hann spilaði í leiknum og Lagun Aro Bilbao vann Casademont Girona með 22 stigum,78-56. Lagun Aro náði Girona-liðinu þar með á stigum og hoppaði upp í 12. sæti deildarinnar sem inniheldur alls 18 lið.

Lagun Aro Bilbao hefur unnið tvo af fjórum leikjum sínum síðan Damon gekk til liðs við liðið og töpin voru bæði með litlum mun þar af annað gegn toppliði deildarinnar. Auk stiganna og stoðsendinganna þá tók Damon 4 fráköst, stal 3 boltum, fékk 6 villur á leikmenn Girona og 7 af 14 skotum hans í leiknum rötuðu rétta leið. ■



**15,8 STIG AÐ MEÐALTALI** Damon Johnson hefur skorað 15,8 stig að meðaltali í fjórum leikjum með Lagun Aro en hann fékk lítið að spreyta sig með Caja San Fernando í sömu deild í upphafi tímabils.



**RALF SCHUMACHER** Er ekki hrifinn af hrokanum í bróður sínum.

Ralf Schumacher:

# Hroki kemur Ferrari í koll

**FORMÚLA** Ástæðan fyrir bágri byrjun heimsmeistarans Michael Schumacher og félögum hjá Ferrariliðinu í Formúlu 1 kappakstrinum er fyrst og fremst hroki. Þetta fullyrðir Ralf Schumacher, ökumaður Toyota og yngri bróðir Michael.

„Liðið hefur sjálft komið sér í þessa stöðu," sagði Ralf. „Hvernig geta menn þar á bæ verið svo hrokafullir að hefja tímabilið á gömlum bíl?" bætti hann við. Michael Schumacher, núverandi heimsmeistari, er í 11. sæti ökumanna eftir tvær keppnir. Hann er 14 stigum á eftir Fernando Alonso hjá Renault sem er í 1. sæti. ■

Alan Stubbs:

# Svona gerir maður ekki

**FÓTBOLTI** Alan Stubbs, varnarmaður Everton, segir að tæklingin sem hann varð fyrir frá Milan Baros hjá Liverpool í viðureign liðanna á sunnudag hefði getað bundið enda á feril sinn. Baros fékk að líta beint rautt spjald en Stubbs er ekki á þeim buxunum að fyrirgefa Baros.

„Maður fer ekki í svona tæklingar sem geta bundið enda á feril leikmanna. Ég er í algjöru sjokki yfir þessari tæklingu og svona framkoma er engan veginn ásættanleg. Ég náði augnsambandi við hann rétt fyrir samstuðið en samt lyfti hann löppinni og í átt að mér. Hann átti aldrei möguleika í boltann og ég sætti mig ekki við svona glæfraskap," segir Stubbs. ■

Ronaldo hjá Real Madrid:

# Dauðsér eftir flöskukastinu

**FÓTBOLTI** Brasilíski sóknarmaðurinn Ronaldo kveðst miður sín yfir framkomu sinni í sigurleik Real Madrid gegn Malaga á sunnudaginn en þegar hann var tekinn af leikvelli henti hann vatnsflösku upp í áhorfendastæðin fyrir aftan varamannabekkinn, öllum að óvörum. „Það voru tveir strákar sem hrópuðu ókvæðisorðum um móður mína og kynþátt okkar. Ég brást við á rangan hátt en móðganir strákanna voru slæmar." ■

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Hjá knattspyrnuliði Þróttar er um þessar mundir staddur stór og líkamlega sterkur framherji frá Króatíu sem forráðamenn liðsins binda vonir við að geti leikið með liðinu í Landsbankadeildinni í sumar. Settur var upp æfingaleikur fyrir leikmanninn í gærkvöldi en að sögn þeirra sem séð hafa til hans á æfingum lítur hann mjög vel út og ætti að koma til með að styrkja framlínu Þróttar til muna.

Ragna Ingólfsdóttir og Helgi Jóhannesson sigruðu í einliðaleik á opna LímtréVírnet.is mótinu sem fram fór nú um helgina í KR-heimilinu. Það er alveg ljóst að það verður erfitt verkefni fyrir aðra að koma í veg fyrir að þau vinni glæsta sigra á Íslandsmótinu sem fer fram eftir tvær vikur. Önnur úrslit urðu þau að í tvíliðaleik karla sigruðu Broddi Kristjánsson og Helgi, í tvíliðaleik kvenna sigruðu Ragna og Sara Jónsdóttir og í tvenndarleik sigruðu Helgi og Sara. Þá var keppt í A-flokki þar sigruðu í einliðaleik Reynir Guðmundsson og Anna M. Guðmundsdóttir. Í tvíliðaleik sigruðu Reynir og Óskar Bragason, Anna M. og Jórunn Oddsdóttir og í einliðaleik karla í B-flokki sigraði Sigurður Ingi Pálsson.

Sögur herma að Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, verði seldur til Chelsea í sumar. Gerrard hefur reyndar hlotið neikvæða umfjöllun í enskum fjölmiðlum upp á síðkastið vegna óvissu um framtíð hans hjá félaginu. Sjálfur hefur Gerrard ekki teljandi áhyggjur af þeirri pressu sem hefur verið á honum í vetur. „Ég er fyrirliði Liverpool og á að höndla þessa pressu. Gagnrýnin sem ég hef fengið á mig í fjölmiðlum er ósanngjörn að mínu mati en ég tek henni og horfi fram á við," sagði Gerrard, sem virðist vera að ná sér á strik fyrir Liverpool á nýjan leik eftir að hafa verið í lægð undanfarnar vikur.



Dean Richards, varnarmaður Tottenham í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, hefur ákveðið að hætta að leika knattspyrnu. Richards, sem er þrítugur að aldri, hefur átt við þrálát meiðsli að stríða og samkvæmt læknum sem hafa haft hann til rannsóknar gæti hann orðið fyrir varanlegum skaða ef hann héldi áfram knattspyrnuiðkun. „Það hefur náttúrlega verið hundleiðinlegt að sitja og bíða í stað þess að spila og fótboltinn hefur alltaf spilað stóra rullu í lífi mínu," sagði Richards og bætti við að vonbrigðin væru mikil. „Þetta er því miður óumflýjanleg ákvörðun og hef ég ráðfært mig við fjölskyldu og vini varðandi hana. Mig langar að nota tækifærið og þakka öllum félögum mínum og læknum fyrir stuðninginn varðandi meiðslin." Dean Richards sló í gegn hjá Southampton á sínum tíma og var keyptur til Tottenham árið 2003 fyrir 8 milljónir punda.

Brynjar Pétursson úr HK og Anna Pavliouk úr Þrótti Reykjavík voru valin bestu leikmenn fyrstu deildarinnar í blaki á lokahófi Blaksambands Íslands sem fram fór um helgina. Leikmenn velja einnig efnilegustu spilara í blakinu en að þessu sinni var það Kristín Salín úr Þrótti frá Neskaupstað og hinn ungi Subaru Takenaka úr Þrótti Reykjavík.

Einvígi Chelsea og Barcelona ætlar ekki að ljúka heldur betur að draga dilk á eftir sér því nú hefur UEFA ákveðið að leggja fram formlega kæru á hendur Jose Mourinho knattspyrnustjóra Chelsea, Steve Clarke, aðstoðarmanni hans, og Les Miles, yfirmanni öryggismála hjá Chelsea. Þremenningarnir eru kærðir fyrir það sem UEFA kallar „rangar yfirlýsingar" og vísað til ummæla Mourinho um að Anders Frisk, dómari leiksins, hafi átt samráð við Frank Rijkaard, stjóra Barcelona. „Þessar fullyrðingar Chelsea-manna voru rangar og áttu ekki við nein rök að styðjast. UEFA telur að Chelsea hafi með þessu uppátæki sínu verið að reyna að skapa neikvæða og eitraða umræðu um einvígið og setja þannig pressu á alla þá sem komu að dómgæslu í síðari leiknum," segir í tilkynningu sem UEFA sendi frá sér í gær.



Stjörnutilburðir LeBron James dugðu skammt:

# Silas rekinn frá Cleveland

**KÖRFUBOLTI** Það blæs ekki byrlega fyrir lið Cleveland Cavaliers í NBA-deildinni í körfubolta þessa dagana. Gengi liðsins hefur verið afar slakt undanfarið og þegar það tapaði níunda leik sínum af síðustu tólf í fyrrinótt þótti ráðamönnum félagsins nóg um og ráku Paul Silas, þjálfara liðsins.

Silas hafði verið hjá liðinu síðan í júní 2003, en hann var áður á mála hjá New Orleans Hornets við nokkuð góðan orðstír. Ljóst er að brotthvarf Silas gæti sett strik í reikninginn fyrir liðið, sem á í harðri baráttu um sæti í úrslitakeppninni sem hefst eftir um það bil mánuð. Eftir að hafa verið með vænlega stöðu um miðbik tímabils horfir Cavaliers fram á erfiðan lokasprett hjá. Silas hefur í vetur verið nokkuð iðinn við að komast upp á kant við leikmenn sína og hafa margir þeirra lent í hundakofann hjá honum í vetur.

Jim Paxon, framkvæmdastjóri Cleveland, hefur ákveðið að það verði Brendan Malone sem muni þjálfa liðið út þetta keppnistímabil, eða þar til annar maður fæst í starfið. Slæmt gengi Cavaliers verður ekki skrifað á LeBron James, sem hefur verið að leika afspyrnuvel fyrir liðið undanfarið og varð meðal annars yngsti leikmaður í sögu NBA til að skora yfir 50 stig í leik þegar hann sallaði 56 stigum á Toronto Raptors í fyrrinótt.

baldur@frettabladid.is




**PAUL SILAS** Hefur verið látinn taka pokann sinn hjá Cleveland eftir afleitt gengi liðsins undanfarið.







## STUÐ MILLI STRÍÐA | Þvottekta smáborgari

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON Á ÞVOTTAVÉL EN ER SAMT SVALUR.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég óttast fátt meira en að verða smáborgari og hef verið allt að því smáborgaralegur í endalausum tilraunum mínum til að binda bagga mína ekki sömu hnútum og samferðamenn mínir. Þetta er erfiðara en margan grunar þar sem markaðsmenningin hefur það eitt að leiðarljósi að gera okkur öll eins.

Sléttuúlfurinn eftir Hermann Hesse hefur verið mér mikilvægt leiðbeiningarrit um það hvernig maður á að hegða sér til að vera ekki smáborgari og á milli þess sem ég lita mikilvægar málsgreinar með áherslutússi og merki lykilsíður með gulum miðum horfi ég ekki á fótbolta í sjónvarpi, forðast Smáralind eins og heitan eldinn, horfi ekki á Spaugstofuna og Laugardagskvöld með Gísla Marteini, hlusta ekki á Júróvisjónlög og kýs ekki Framsóknarflokkinn.

Ég er sem sagt mjög svalur; drekk kaffið mitt í 101, kaupi í matinn í Melabúðinni og fer út fyrir borgarmörkin þegar ég þarf að kaupa salernispappír og annað plebbalegt dót sem er ekki töff að láta sjá sig með. Það var mér því mjög þungbært þegar ég þurfti að kaupa mér eitt stykki þvottavél.

Það að eiga þvottavél er nefnilega einhver gleggsta staðfestingin á því að maður hafi bundið sig á klafa borgaralífsins þar sem allt snýst um að sortera í vélar eftir lit og hitastigi, hengja upp hreina þvottinn, taka hann niður og brjóta saman. Það er ekki mikill tími aflögu til að vera djúphygginn níhilisti þegar líf manns fer að hverfast um maskínu sem er full af froðu og malar allan daginn. Og þó?

Ég hélt kúlinu með því að kaupa nýjustu og dýrustu AEG-vélina. Hún er með alls konar ljósum, rauðum og grænum, helling af tökkum, alls konar stillingum og svona stafrænum glugga sem sýnir hversu langan tíma hvert þvottakerfi tekur. Og svo telur hún mínúturnar niður. Nú stend ég andaktugur í þvottahúsinu á síðkvöldum, slekk ljósin og dáist að ljósadýrð þvottavélarinnar minnar sem er eins og mælaborð í geimskipi. Hún er töff og ég líka.


Páskamyndin í ár





## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott





FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
tilboð aðeins í 2 daga
NÝ SENDING!
Viðarútvarp með vekjara
AÐEINS 5.990,-
Hljómtækjasamstæða með CD spilara sem spilar MP3
AÐEINS 14.990,-
AÐEINS 15.900,-
Hljómtækjasamstæða með karaoke, 2 hljóðnemum og skjá
Andlitsgufa, hreinsar og fn'skar húðina
AÐEINS 2.490,-
Fermingargræjan í ár ódýr og flott hljómtækjasamstæða
AÐEINS 9.990,-
Glæsilegt ferðatæki með CD spilara og útvarpi
AÐEINS 4.990,-
Útvarpsvekjaraklukka
AÐEINS 1.990,-
Birt með fyrirvara um villur.
Andlitsnudd sem nuddar og hreinsar húðina
AÐEINS 990,-
Blásturskrullujárn
AÐEINS 1.990,-
Hárklippisett með nefhárasnyrti, rakvél og skærum.
AÐEINS 3.990,-
2000 Watta hárblásari
AÐEINS 2.990,-
Bíómiði á THE RING TWO
FYLGIR
öllum vörum í Expert í dag
expert
www.expert.is
Skútuvogi 2 • sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 • laugardaga kl. 10.00 - 18.00 • sunnnudaga kl. 13.00 - 17.00

**VEITINGASTAÐURINN** **SHALIMAR**

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




# Skemmtilega skrýtinn

**Hver og hvar:**
Veitingastaðurinn Shalimar, Austurstræti 4, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemmningin?**
Það er svolítið eins og maður sé kominn í annan heim þegar gengið er inn á veitingastaðinn Shalimar. Innréttingarnar eru dökkar í grunninn með tilheyrandi áhrifum frá áttunda áratugnum. Þær eru poppaðar upp með litríkum ljósum, dúkum og skrautmunum, sem gerir staðinn skemmtilegan. Kúnnahópurinn á Shalimar er afar fjölbreyttur, allt frá menntaskólakrökkum úr nágrenninu upp í eldra fólk sem þorir að prófa framandi rétti.

**Matseðillinn:**
Matseðillinn er pakistanskur eins og eigendur staðarins. Boðið er upp á ógrynni af kjúklingaréttum og nauta- og lambakjötsréttum þar sem indversk krydd fá að njóta sín. Allir réttirnir eru bornir fram með pílaf hrísgrjónum, fersku salati, mangóchutney og raitasósu.

**Vinsælast:**
Tikka masala kjúklingur er mjög vinsæll ásamt murgh vindaloo réttum sem eru mjög sterkir. Hægt er að fá alls konar kjöt í þessum sósum. Kjöt og grænmeti í Korma sósu er líka mjög vinsælt.

**Réttur dagsins:** Réttir dagsins eru mismunandi frá degi til dags. Í hádeginu er boðið upp á indverskan hádegisverð og kosta réttirnir 850 krónur. Innifalið í því er salat, sósa og chutney. Á matseðlinum eru einnig pönnukökur með fyllingu. Á kvöldin eru líka tilboð á réttum dagsins. Á kvöldin kostar skammturinn 1.090 krónur.



## COL DI SASSO:
# Vín vikunnar í Wine Spectator

Ítalska vínið Castello Banfi Col di Sasso hefur hlotið góða dóma gagnrýnenda og var meðal annars valið vín vikunnar í víntímaritinu Wine Spectator. Hlaut það 87 stig af 100 mögulegum. Col di Sasso þýðir á íslensku „grýtt hæð“. Vínið er blanda af þrúgunum cabernet sauvignon og sangiovese sem eru ræktaðar í mjög grýttum og þéttum jarðvegi í hæðum Banfi-landareignarinnar í Montalcino í Toskana-héraði. Ákóf angan af brómberjum og svörtum kirsuberjum einkennir vínið. Nokkuð mikil fylling með silkimjúku tanníni og löngu eftirbragði. Unglegt og ferskt vín sem hentar vel með grilluðu eða steiktu kjöti, kjötforréttum, ljósu kjöti og kjötpasta í basilíkum og tómatlöguðum sósum, eins frábært eitt og sér. „Yndislegt og ljúft ofur-Toskanavín með þroskaðan ávöxt og klassískan ítalskan stíl,“ segir vínrýnirinn Michael Franz í stórblaðinu Washington Post.

**Verð í Vínbúðum 1.190 kr.**


Páskadekur á Hótel Örk

Bjóddu elskunni þinni upp á ljúfa kvöldstund og dekur á Hótel Örk yfir páskahátíðina.

Gisting í tvíbýli
Þriggja rétta hátíðarkvöldverður hússins
Ljúf harmonikkutónlist yfir borðhaldi
Morgunverður af hlaðborði
Sundlaug, gufa og heitir pottar

6.900 krónur (á mann í tvíbýli)

Kaffihlaðborð
Alla daga páska milli 14.00 og 16.00

Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is HÓTEL ÖRK


Guðrún Margrét:

# Taílenskt þróunarverkefni

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, mannfræðingur og háskólakennari, er mikill matargúrú. Þegar hún var 16 ára flutti hún ásamt foreldrum sínum til Persaflóa. Þar bjó hún næstu tíu árin og neyddist til að læra að matbúa til að verða fullgild í samfélaginu. Guðrún Margrét kann vel að meta arabískan mat en indverskur, taílenskur og ítalskur matur á líka upp á pallborðið. Hún segist sjaldan elda alíslenskan mat. „Nýjasta æðið hjá mér er taílenskur matur og ætla ég að gefa uppskrift að honum. Uppskriftin af réttinum er upphaflega komin frá vini mínum sem bjó í Taílandi en ég bragðaði þennan rétt fyrir fimm árum. Ég fór svo að prófa mig áfram og reyna að búa þennan rétt til. Það heppnaðist svona svakalega vel og það má því segja að þessi réttur sé eins konar þróunarverkefni. Ég misskildi réttinn reyndar aðeins því þetta voru tveir réttir hjá vini mínum en ég setti þetta saman í einn rétt og notaði kjúkling en hann var með svínakjöt,“ segir Guðrún Margrét og bætir við: „Þessi réttur er alveg fáránlega góður. Hann er búinn til úr einföldu hráefni. Það er mjög frekt bragð af honum en ég er í miklu stuði fyrir það núna.“ Guðrún segist eyða töluverðum tíma í eldhúsinu og hafa gaman af eldamennsku. Maðurinn hennar er líka liðtækur í eldhúsinu og það kemur í hans hlut að elda íslenskan mat. „Ég hef yfirleitt tónlist á þegar ég er að elda. Ég fylgi uppskriftum alls ekki bókstaflega og á mjög auðvelt með að nota bara eitthvað annað í staðinn ef ég á ekki það hráefni sem upp er gefið. Eldhúsið er líka það lítið að ég rek yfirleitt alla út úr því meðan ég er að elda,“ segir hún og hlær.



**GUÐRÚN MARGRÉT** Kýs að vera ein í eldhúsinu þegar hún býr til mat.

- 4 laukur
- 10 hvítlauksrif
- 1 engifer (þumall að stærð)
- 1/2 chilli (má vera meira)
- 7-8 bitar af kjúkling.
- 4 tómatar (má líka nota tómata úr dós, en sleppa safanum)
- 3 msk kóriander í krukku eða 1/2 knippi fersk kóriander
- 3 limesafi
- 1 kókoshnetumjólk í dós
- 3 msk sykur
- (salt eftir smekk)
- 1bolli salthnetur
- 1 dós satay sósu

Laukurinn, hvítlauksrifin, engiferið og chillíið er sett í matvinnsluvél og hakkað í spað. Þetta er allt sett í pott ásamt smá olíu og steikt á mjög háum hita og látið brúnast vel. Síðan eru tómatarnir settir í matvinnsluvél og þeim bætt út í og allt steikt saman. Næst er kókóshnetumjólkinni, limesafanum, sykrinum, saltinu, kóríandernum (smátt skornum) og satay-sósunni bætt saman við grænmetið í pottinum. Að lokum eru salthneturnar settar í matvinnsluvélina og hakkaðar mjög smátt og þeim bætt út í pottinn. Kjúklingurinn er settur í nokkuð stórt eldfast mót og sósunni úr pottinum hellt yfir. Ofninn er stilltur á 200-220 gráður og rétturinn er látinn vera inni í ofninum í 45 mínútur.

Rétturinn dugir fyrir fjóra. Með réttinum hefur Guðrún Margrét eingöngu jasminhrísgrjón svo bragðið af réttinum fái að njóta sín. Hún er heldur ekki sérlega hrifin af taílensku salati og segir að það myndi ekki gera neitt fyrir þennan rétt. ■

**MATGÆÐINGURINN** **JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR MIÐBORGARPRESTUR**

# Gæti ekki verið án rjómaíss og súkkulaðis

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Það sem ég vildi síst af öllu missa af í lífinu er ís. Ég er mikill íssjúklingur og finnst fátt betra en rjómaís og súkkulaði. Það verður þó að borða þetta tvennt í hófi.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég hef aldrei fengið mat sem mér finnst vondur. Það vakti undrun mína sem barn þegar ég kom inn á önnur heimili þegar börn vildu ekki borða það sem var á boðstólum.

**Fyrsta minningin um mat?**
Sterkasta minningin er þegar ég fór að muna eftir jólunum. Mamma er svo ótrúlegur kokkur og víðfræg fyrir góðan mat. Ætli ég hafi ekki verið sex ára þegar ég fékk rjúpur, brúnaðar kartöflur og rjómasósu. Heima hjá mér var líka alltaf jólagrautur. Það sem var líka sérstakt við þessi jól var að ég fékk óvenju mikið af bókum í jólagjöf og lærði að lesa í jólafríinu. Ég var því mjög roggin með mig þegar ég mætti í skólann eftir jólin.





**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það er eiginlega svívirðilegt hvað ég hef fengið margar góðar máltíðir um ævina. Ein besta máltíðin var þegar maðurinn minn eldaði hátíðarmat í fyrsta skipti. Venjulega eldar hann bara steiktan fisk eða býr til pítsur. Þá eldaði hann önd með appelsínusósu og honum tókst svo vel upp. Hann hefur reyndar ekki eldað hátíðarmat síðan en það er önnur saga.



**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Það er til leyndarmál í fjölskyldunni. Það er terta sem við höldum að enginn kunni að búa til en hún er kölluð ungverska tertan. Þegar ég var prestur í Vestmannaeyjum kom ég inn á heimili þar sem ungverska kakan var á boðstólum. Ég fékk vægt menningarsjokk því ég hélt að mamma og móðursystur mínar gætu einar bakað þessa köku með stæl.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Allir eiga sín vandamál og ég er að vinna í þessu. Þegar mér finnst lífið vera erfitt verð ég alltaf að borða eitthvað gott. Ég er reyndar alltaf að reyna að finna eitthvað annað en mat til að gleðja mig. Ég er mjög veik fyrir súkkulaði og fæ mér það gjarnan þegar ég er þreytt. Þetta er lífstíll sem ég er að reyna að breyta.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Það er alltaf til fjörmjólk, létt drykkjarjógúrt, ávextir, skyr, ólífur og mjólkurostur.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Það skynsamlegasta væri að fara með hafram jöl því það er hægt að lifa svo lengi á því.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ætli það séu ekki súrsaðir kindafætur sem ég fékk sem unglingur í sveitinni. Mér fannst þeir afskaplega góðir.




# FOSTER'S: Formúlubjórinn ódýrasti 5% bjórinn

Eins og flestir unnendur Formúlu 1 vita er Foster's opinber bjór keppninar og þar af leiðandi einn stærsti styrktaraðilinn. Foster's ætlar að gera sitt til að menn njóti formúlunnar í ár og hefur ákveðið að halda stórlækkuðu verði út keppnistímabilið en stór dós var áður á 198 kr. en er nú á 169 kr. Þrátt fyrir að breytingar hafa orðið á áfengismagni en Fosters hefur aukist að styrkleika og er nú 5% en var 4,5% áður. Fosters er því ódýrasti 5% bjórinn í kjarnaverslunum ÁTVR. Tvær fyrstu keppnir tímabilsins hafa verið mjög spennandi og ljóst er að allt getur gerst. Svo virðist sem liðin séu jafnari enda var það hugmyndin með reglubreytingunum í vetur, allt útlit er fyrir að það hafi loksins tekist hjá stjórnendum keppninar að gera hana jafna og spennandi. Mun Ferrari koma með nýja bílinn í næstu keppni, og mun það hafa þýðingu? Hvað er að gerast hjá McLaren? Það vakna margar spurningar eftir hverja keppni en það sem mun þó að öllum líkindum skera úr á milli liða þegar líða fer á keppnina er reynslan.

**Verð í Vínbúðum 169 kr.**




# DELICATO: Páskavín frá Kaliforníu

Delicato-fjölskyldan er einn af elstu vínframleiðendum í Kaliforníu. Sikileyingurinn Gasparé Indelicato stofnaði fyrirtækið Delicato í Kaliforníu árið 1935. Undir stjórn þriggja sona hans, Tony, Frank og Vince, hefur fyrirtækið tekið stórstígum framförum og vakið verðskuldaða athygli fyrir framleiðslu sína undanfarin ár. Fyrirtækinu hlotnaðist sá heiður að vera kosið vínframleiðandi ársins 2004 í Kaliforníu. Þetta er sérstakur heiður, þar sem framleiðendur Kaliforníu kjósa hann úr sínum röðum. Sömu aðilar völdu Shiraz-vínið hið besta sinnar tegundar fjórða árið í röð. Eins má geta þess að hinn virti vínrýnir, Robert Parker sá ástæðu til að taka sérstaklega fram að Delicato vínin væru góð viðbót við gæðavínflóru Kaliforníu. Vínin þrjú hér sem hér er fjallað um kosta öll 1.220 kr. í Vínbúðum og eru það sem stundum er nefnt „allrahanda“, þ.e. henta með flestum mat og geta gengið við öll tækifæri.



**Delicato Shiraz:** Dumbrautt, með angan af grænum pipar og lakkrís. Afar góð fylling. Það er með kraftmiklu bragði með keim af leðri og í löngu eftirbragðinu kemur fram bragð af bláberjum og vanillu. Margverðlaunað vín. Vínið er kjörið með grillmat, sérstaklega grísakjöti og piparsósa á eintaklega vel við það. Vínið er afar gott með þroskuðum ostum.

**Delicato Merlot:** Djúprautt á litinn með miklu ávaxtabragði, þar sem plómur og hindber eru allsráðandi. Bragðið endist lengi og í lokin taka súkkulaði- og kaffibragð yfirhöndina Vínið passar einstaklega vel með steikarréttum sérstaklega ef tómatar, spínat og sveppir eru hluti af meðlætinu. Vínið er einnig frábært eitt og sér.





**Delicato Chardonnay:** Gullið, mikið vín með suðrænum ilmi, ferskur ananas og perur. Í eftirbragði kemur bragð af karamellu og vanillu. Vínið hefur mjög góða fyllingu og fer vel með kjötréttum jafnt sem fiski. Rjómasósur eru frábær kostur með þessu víni.



**! Kl. 12.05**

*Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur ætlar að fjalla um húsmæðrastefnuna á Íslandi á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins í Norræna húsinu. Sigríður hefur rannsakað húsmæðrafræðslu og húsmæðrastefnu á þriðja áratug síðustu aldar, en rannsóknir á henni eru án efa eitt af lykilatriðunum til að skilja stöðu kvenna í íslensku samfélagi 20. aldar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Verðum vonandi á tánum



Blúshátíðin í Reykjavík hefst í dag á Hótel Borg. Klukkan fimm verður opnunarhátíð með blúsdjammi en klukkan níu um kvöldið hefjast tónleikar þar sem hljómsveitirnar Kentár og Smokie Bay Blues Band leika. Smokie Bay Blues band hefur verið starfandi síðan 2004. Burðarstoðir sveitarinnar eru Pollockbræðurnir Danni og Mikki, sem hafa gert garðinn frægan í íslensku tónlistarlífi um áratuga skeið, meðal annars með Utangarðsmönnum.

Kentár hefur löngu sýnt og sannað að þar fer eitt mesta stuðband á Íslandi. Þeim bætist mikill og góður liðsauki sem er gítargoðsögnin Björgvin Gíslason.

„Ég kem eiginlega í staðinn fyrir gítarleikarann sem hefur verið í bandinu," segir Björgvin, sem hefur lítið spilað opinberlega undanfarin ár.

„Ég hef verið að læra ein fimmtán til tuttugu lög í einum grænum, svo þetta verður svolítið á tánum – vonandi. Það er allt í lagi að hafa það svoleiðis."

Síðast tók Björgvin gítarinn fram opinberlega í janúar síðastliðnum á minningartónleikum um félaga sinn, Pétur W. Kristjánsson.

### EKKI MISSA AF…

… dagskrá um **Passíusálmana** í Þjóðmenningarhúsinu á skírdag, þar sem **Smári Ólason** tónlistarfræðingur rekur sögu gömlu söngvanna við Passíusálmana.

… ***Jóhannesarpassíunni*** eftir Bach sem flutt verður í Langholtskirkju á föstudaginn langa. Flytjendur eru **Kór Langholtskirkju** ásamt fimm einsöngvurum og kammersveit.

… lestri **Passíusálmanna** í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa. Að þessu sinni flytja 25 ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára sálmana.





Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ kynnir

MÚLAN RÚS

„Fyrir svona sýningu er bara hægt að hrópa húrra." Mbl. 18. mars 2005

Sýningar:

| | | |
|---|---|---|
| miðvikudaginn | 23. mars | kl. 20 |
| þriðjudaginn | 29. mars | kl. 20 |
| föstudaginn | 1. apríl | kl. 20 |
| laugardaginn | 2. apríl | kl. 20 |
| þriðjudaginn | 5. apríl | kl. 20 LOKASÝNING |

í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur

Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600 frá kl. 9 - 18 virka daga

Miðaverð 1500 kr.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**

*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**HÍBÝLI VINDANNA**

*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**

*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**

*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - Aukasýning
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning
*Lokasýningar*

**HOUDINI SNÝR AFTUR**

Fjölskyldusýning um páskana.
Forsýning 22/3 kl 20 - kr. 1.000,-
Frumsýning Mi 23/3 kl 20 - UPPSELT, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15 - UPPSELT, Lau 26/3 kl 20

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**SEGÐU MÉR ALLT**

*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Fö 1/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall**

*Í samstarfi við LA.*
Fi 31/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
- *Ath: Miðaverð kr. 1.500*

**AMERICAN DIPLOMACY**

*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 1/4 kl 20
*Síðasta sýning*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Mi 23/3 kl 20 - UPPSELT,
Fi 24/3 kl 20 - UPPSELT,
Fi 31/3 kl 20
Fö 1/4 kl 20 - UPPSELT,
Lau 2/4 kl 20 - UPPSELT,
Su 3/4 kl 20 - AUKASÝNING,
Fi 14/4 kl 20 - UPPSELT,
Fö 15/4 kl 20 - UPPSELT,
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**SVIK**

*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
*Síðustu sýningar*

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga




**STRENGJAKVINTETTINN** Heldur tvenna tónleika á Mývatni um páskana ásamt söngkvartettinum Út í vorið.

# Tónlistarveisla við Mývatn

Eins og venja er orðin á páskum verður efnt til veglegrar tónlistarveislu í Mývatnssveit með tónleikum bæði á skírdag og föstudaginn langa.

„Þetta er í áttunda sinn sem við förum þangað," segir Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari, sem jafnan hefur skipulagt þessa tónlistarhátíð.

Með henni í för verða að þessu sinni fjórir aðrir strengjaleikarar, þau Sigurlaug Eðvaldsdóttir á fiðlu, Þórunn Ósk Marínósdóttir á víólu, Sigurður Bjarki Gunnarsson á selló og Hávarður Tryggvason á kontrabassa, ásamt söngkvartettinum Út í vorið sem er skipaður söngvurunum Ásgeiri Böðvarssyni, Einari Clausen, Þorvaldi Friðrikssyni og Halldóri Torfasyni. Einnig verður með þeim Bjarni Jónatansson píanóleikari, sem er aðalþjálfari söngkvartettsins.

„Fyrri tónleikarnir verða í Skjólbrekku á skírdag klukkan 20, en þeir síðari í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa klukkan 21. Á skírdag verða kammertónleikar með miklu líflegri efnisskrá en verður á föstudeginum langa, þegar haldnir verða kirkjutónleikar með hátíðlegri tónlist sem tekur mið af deginum."

Í Skjólbrekku á skírdag verður fluttur strengjakvintett eftir Dvorak og síðan mörg sönglög, þar á meðal nýjar útsetningar eftir Atla Heimi Sveinsson á vinsælum alþýðulögum fyrir karlakvartett og strengjakvintett

„Þetta verða til dæmis lög eins og Laugardagskvöld á Gili, Kirkjuhvoll eftir Árna Thorsteinsson, Nú andar suðrið eftir Inga T. og svo framvegis."

Kvartettinn syngur líka með píanóleikara sínum, Bjarna Jónatanssyni.

Á föstudaginn langa verða síðan flutt þekkt sálmalög sem hæfa deginum ásamt kirkjusónötum eftir Mozart og strengjamúsík eftir Dvorak og Carl Nielsen, auk fleiri verka.

Aðalstyrktaraðili tónleikanna í Mývatnssveit hefur jafnan verið Hótel Reynihlíð. Í ár verður engin undantekning frá því og veita hótelhaldarar þar tónlistarfólkinu ókeypis gistingu og uppihald.

„Þeir mega vera stoltir af því hvað þeir eru örlátir, því án þátttöku þeirra væri þetta ekki hægt." ■


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**
**TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í APRÍL!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
11. sýn. fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fös. 15/4.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **örfá sæti laus**, lau. 30/4 **nokkur sæti laus**, lau. 7/5, fim. 12/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 17/4 **uppselt**, sun. 24/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **örfá sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4, fim. 21/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



## TÓNLEIKAR

- 17.00 Setningarathöfn **Blúshátíðar í Reykjavík** á Hótel Borg með blúsdjammi.
- 20.30 **Sinfóníuhljómsveit unga fólksins** heldur tónleika í Reykholtskirkju í Borgarfirði. Einnig syngja sameinaðir borgfirskir kórar tvö lög með hljómsveitinni. Einleikari er **Matthías Birgir Nardeau** en stjórnandi **Gunnsteinn Ólafsson**.
- 21.00 Hljómsveitin **Kentár, Björgvin Gíslason** gítarleikari og **Smokie Bay Blues Band** með **Pollock bræður** í fararbroddi á fyrstu tónleikum Blúshátíðar á Hótel Borg.
- 21.00 Breska hljómsveitin **Dark After School** leikur á Grand Rokk ásamt **Sólstöfum, Drepi** og **Dark Harvest**.
- 22.00 **Kammerkór Seljakirkju** flytur Requiem eftir Gabriel Fauré í Seljakirkju ásamt **Sigríði Ósk Kristjánsdóttur** sópran og **Þorvaldi Þorvaldssyni** bassa. **Lenka Mateóva** leikur á orgel en stjórnandi er **Jón Bjarnason.** Þau Lenka og Jón leika einnig orgelverk eftir Bach.

## FYRIRLESTRAR

- 12.05 Á hádegisfundi Sagnfræðingafélags í Norræna húsinu flytur **Sigríður Matthíasdóttir** sagnfræðingur erindi um húsmæðrastefnu á Íslandi.
- 12.15 **Dr. Ástvaldur Ástvaldsson**, kennari við University of Liverpool, flytur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í stofu 101 í Lögbergi.

**hvar@frettabladid.is**

# Húrra Sigrún, meira! meira!

## TÓNLIST

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Sigrún Eðvaldsóttir**
Tónleikar í Salnum

Sigrún er óvenjulega skapandi túlkandi. Hún hefur það vald á tækninni að inntakið verður aðalatriði og þar hefur hún nóg að segja.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR** Hélt tónleika á laugardaginn ásamt James Lisney píanóleikara.

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari hélt tónleika í Salnum sl. laugardag ásamt með breska píanóleikaranum James Lisney. Leikin voru verk eftir Franz Schubert, André Previn, C. Saint-Saens og Dímítríj Sjostakovitsj.

Lengi hefur vitað verið að Sigrún Eðvaldsdóttir býr yfir tónlistargáfum sem eru afar fágætar svo ekki sé meira sagt. Hún hefur nú starfað um nokkurt árabil hér heima sem annar tveggja konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitarinnar auk margs annars. Á þessum tónleikum kom hún fram til þess að sýna löndum sínum, í fyllri mæli en hún hefur gert um hríð, hvers hún er megnug. Til samstarfs hafði hún frábæran píanóleikara, James Lisney. Þau hafa, ef rétt er munað, áður unnið saman með góðum árangri.

Efnisvalið var fjölbreytt og afar vandað. Rondo brilliant op. 70 eftir Schubert er glæsilegt verk, áhrifamikið og krefjandi bæði um tækni og túlkun. Úr síðrómantíkinni var valin Fiðlusónata nr.1 eftir Saint-Saens, sem einnig er mjög krefjandi verk þótt af öðrum toga sé. Það skartar m.a. gullfallegum hægum kafla. Milli þessara tveggja á efnisskránni var Tango, söngur og dans eftir André Previn. Það má kalla póstmoderniskt verk með efni úr ýmsum áttum, hugvitsamlega saman sett og skemmtilegt áheyrnar. Síðasta verkið var Sónata nr.134 eftir Sjostakovitsj. Þetta verk má, ásamt sónötu Bartoks, ef til vill telja það merkasta sinnar tegundar á tuttugustu öld. Hrífandi magnþrungið verk sem fylgir þeim sem kynnst hafa alla ævi. Öll eru þessi viðfangsefni tæknilega krefjandi fyrir flytjendur. Þó eru túlkunarkröfur enn meiri því áherslan er á tónlistarlegt vægi og dýpt.

Þegar í upphafi tónleikanna var andrúmsloftið eins og komnar væru heimsfrægar stjörnur í heimsókn, eða menn væru staddir í hásölum útlendra stórborga. Sigrún hefur fullkomið vald á öllum tæknilegum blæbrigðum venjulegs fiðluleiks. Þess utan hefur hún frábært eyra fyrir lit og tóni og óvenjulega nákvæmt hljóðfallsskyn. Tíminn sjálfur er ör í vopnabúri hennar. Mestu skiptir þó að hún er óvenjulega skapandi túlkandi. Hún hefur það vald á tækninni að inntakið verður aðalatriði og þar hefur hún nóg að segja og nóg á hún af tilfinningum, ríkum og fjölbreyttum, til að miðla áheyrendum sínum. Hvert verk var eins og sérstakur heimur, hver með sínum brag, þar sem áheyrendur dvöldu eins og í leiðslu opinmynntir með sælusvip og vöknuðu af fögrum draumi í hvert sinn sem leik lauk.

Það verður að fyrirgefast þótt púðrinu sé hér eytt á Sigrúnu. Framlag James Lisney á tónleikunum var fyrsta flokks og í fullu jafnvægi við fiðluleikinn. Öll verkin gerðu miklar kröfur til samleiks sem var afar góður og eins og einn hugur stjórnaði gerðum beggja. Þessir tónlistarmenn virðast eiga mjög vel saman og vonandi mega tónlistarunnendur búast við frekara samstarfi þeirra. Ef draga skal eitt öðru framar á þessum tónleikum var Schubert sérlega glæsilega fluttur. Þau augnablik komu einnig í Sjostakovitsj að a.m.k. sumir áheyrenda áttu erfitt með að halda aftur af sér í sætum sínum. Vonandi líður ekki á löngu þar til aftur verði boðið til svona veislu.




skovby
Borðstofuhúsgögn

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16




### Sænskunámskeið í Svíþjóð

Norræna félagið stendur fyrir 10 daga sænskunámskeiði í Framnäs í Norður-Svíþjóð dagana 24. júlí-3. ágúst n.k. Farið verður utan 24. júlí og komið heim 7. ágúst. Kennt er 6 tíma á dag en auk þess fer fram kynning á lífi og starfi fólks á Norðurkollu og farið verður í stuttar ferðir. Eftir námskeiðið er boðið uppá skemmtilega þriggja daga kynnisferð um Lappland og nyrstu svæði Norðurlanda. Námskeiðið kostar kr. 99.900. Innifalið er: ferðir báðar leiðir, fæði, húsnæði, styttri skoðunarferðir, kennsla og kennslugögn. Umsækjendum er bent á að kanna hvort vinnuveitandi eða stéttarfélag búi yfir sjóðum sem styrkja endurmenntun af þessu tagi. Skráningarfrestur er til 25. apríl. Umsóknir skal senda til skrifstofu Norræna félagsins á eyðublaði sem þar fæst. Kjörið tækifæri til að sameina sumarfrí og sænskunám.

### Halló Norðurlönd – námskeið um flutninga milli Norðurlandanna

Ertu að hugsa um að flytja til einhvers Norðurlandanna? Þarftu upplýsingar um réttindi þín og skyldur í nýja landinu? Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd heldur stutt námskeið um það sem ber að hafa í huga við flutning til hinna Norðurlandanna. Námskeiðin eru félagsmönnum Norræna félagsins að kostnaðarlausu og verða haldin sem hér segir: Danmörk - þriðjudaginn 12. apríl kl. 19.00-20.30 Svíþjóð, Noregur og Finnland - miðvikudaginn 13. apríl kl. 19.00-20.30. Allir velkomnir - skráning í síma 511 1808 eða netfang hallo@norden.is. Halló Norðurlönd – vinur í vanda – www.hallonorden.org.

### Brot af því besta

- Norræn veisla í Norræna húsinu á degi Norðurlanda, 23.3. kl. 19.00. Frábær matur frá öllum Norðurlöndunum, Einar Már Guðmundsson fjallar um H.C. Andersen o.m.fl. Verð kr. 2.400.
- Opinn fundur um þróun velferðarkerfisins á Íslandi, föstudaginn 1.4. kl. 18.00-20.00 í Deiglunni á Akureyri.
- Nordjobb vinnumiðlun fyrir 18-28 ára. Sækið um á www.nordjobb.net.
- Snorri-West ævintýri í Nýja-Íslandi í Kanada fyrir 18-26 ára.
- Dönskunámskeið í Danmörku fyrir grunnskólanema, 11.6.-25.6. 2005 í samstarfi við skóladeild Akureyrarbæjar.
- Áhugaverðar og ódýrar hópferðir til Finnlands 30.7.-6.8. og Eistlands. 15.7.-26.7. 2005.
- Ferð á Íslendingaslóðir í Norður-Dakóta og Manitóba, 27.7.-5.8. 2005.
- Tungumálanámskeiðin „Tölum saman“. Í haust: Pólska og „Skandinavisk diskussion“.
- Styrkur til lýðháskólanema, umsóknarfrestur til 1.8. 2005.
- Sumarbúðir í Danmörku og Finnlandi fyrir börn og unglinga.

Norræna félagið
STOFNAÐ 1922

ÓÐINSGÖTU 7 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 551 0165 · FAX 562 8296 · OPIÐ 9–16 ALLA VIRKA DAGA · norden@norden.is · www.norden.is

Halló Norðurlönd










## TÓNLIST



**ALICE COOPER** Sjokkrokkarinn ætlar að trylla lýðinn í Kaplakrika 13. ágúst.

# Forsala á Cooper 7. apríl

Forsala á tónleika rokkarans Alice Cooper í Kaplakrika 13. ágúst hefst fimmtudaginn 7. apríl. Alice Cooper er af flestum talinn brautryðjandi í sjokkrokki og áhrif hans má finna hjá hljómsveitum eins og Kiss, Misfits, King Diamond, Slipknot og Marilyn Manson.

Cooper, sem er þekktur fyrir skemmtilega sviðsframkomu, sló í gegn árið 1989 eftir að hafa verið fjarri sviðsljósinu í langan tíma. Þá gaf hann út plötuna Trash sem hafði að geyma lög eins og Poison, House of Fire og Bed of Nails. Miðasala á tónleikana í Kaplakrika fer m.a. fram á concert.is og í verslunum Skífunnar og BT. ■




## LEIKRIT

# Kalli á þakinu hefur sig á loft

Fjölskylduleikritið Kalli á þakinu verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu sumardaginn fyrsta en miðasalan hefst fyrsta apríl. Þó að Kalli sjálfur sé hinn mesti grallari og ólíkindatól mun ekki vera um neitt gabb að ræða.

Kalli á þakinu er eitt margra hugarfóstra sænsku skáldkonunnar Astrid Lindgren og í heimalandi sínu er hann ekki síður þekktur en sjálf Lína langsokkur. Hann hefur staðið nokkuð í skugga freknóttu ofurstelpunnar hér á Íslandi en það mun væntanlega allt breytast í sumar þegar hinn óviðjafnanlegi Sveppi mun bregða sér í hlutverk Kalla.

Leikritið um Kalla fjallar um Bróa litla sem kynnist Kalla á þakinu, skrítnum náunga sem á hús uppi á þaki og er með þyrluspaða á bakinu svo hann getur flogið um eins og fugl. Einhver kemur auga á Kalla á flugi og stórfé er heitið þeim sem getur upplýst ráðgátuna um þennan dularfulla fljúgandi furðuhlut.

Óskar Jónasson leikstýrir verkinu og leggur mikið upp úr því að skapa ekta fjölskylduskemmtun með töfrum, flugi, gríni og glensi en það er ekkert gefið eftir í gríninu þar sem tvær kynslóðir íslenskra spaugara koma mikið við sögu, fyrrnefndur Sveppi og svo sjálfur Laddi sem hefur kitlað hláturtaugar þjóðarinnar um áratugaskeið. ■



**BRÓI OG KALLI** Brói litli kynnist Kalla á þakinu sem flýgur um með þyrluspaða á bakinu.

# Útlitið blekkir ekki

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Jennifer Lopez sló fyrst í gegn í Hollywood áður en hún ákvað að reyna fyrir sér sem söngkona. Undanfarið hefur verið erfitt að sjá hvar hún eigi betur heima, því hún hefur átt nokkur ágætis lög, en miðað við þessa nýjustu plötu hennar virðist leikurinn þó eiga heldur betur við hana.

Fyrsta lagið Get Right er reyndar fínt, mikið stuðlag byggt á gömlum slagara með James Brown. Pharrell-hljómurinn leynir sér ekki í Cherry Pie sem er ágætt lag með eitísáhrifum og I Got U er einnig með betri lögum plötunnar með grípandi viðlagi.

Afgangurinn er ekkert til að hrópa húrra fyrir. Væmnin smýgur inn í hlustirnar í hverju laginu á fætur öðru og svo virðist sem hinir fjölmörgu lagahöfundar sem semja fyrir Lopez hafi orðið uppiskroppa með hugmyndir. Sykursæt lögin hljóma afar þreytandi við endurtekna hlustun og í raun er Lopez ekkert að syngja sem hefur ekki margsinnis verið sungið áður. Textarnir fjalla síðan flestir um það sama, samskiptin á milli kynjanna, og eru ákaflega yfirborðskenndir.

Fjölmargar kynæsandi myndir á umslaginu ná því miður ekki að dreifa athyglinni frá slakri tónlistinni. Rebirth á nokkur góð augnablik en þau eru allt of fá til að úr verði heilsteypt og góð poppplata.

**Freyr Bjarnason**




**JENNIFER LOPEZ**

REBIRTH

**NIÐURSTAÐA:** Fjölmargar kynæsandi myndir á umslaginu ná því miður ekki að dreifa athyglinni frá slakri tónlistinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Dannii Minogue** hefur verið boðin hálf milljón punda fyrir að koma fram í afmælisveislu hjá arabískum prins. Söngkonan er líkleg til að samþykkja boðið. „Þetta eru miklir peningar fyrir ekki svo mikla vinnu og hún væri biluð að hafna þessu,“ sagði vinur stjörnunnar.



**Gwen Stefani** segist vilja vinna með hljómsveitinni Keane fyrir næstu plötu. Söngkonan segist fíla fyrstu plötu **Keane**, Hope and Fears, í botn. „Ég dýrkaði plötuna. Þetta var síðasta platan sem ég virkilega hlustaði á frá upphafi til enda,“ sagði Stefani. Keane-liðar eru víst einnig spenntir fyrir samstarfi. „Við gætum prófað það. Það er ótrúlegt því fyrst hafði enginn áhuga á okkur. Núna eru stórstjörnur áhugasamar um tónlistina okkar,“ sagði píanóleikarinn Tim Rice-Oxley.



**Ewan McGregor** vill gera framhaldsmynd af Moulin Rouge. Hann segist hafa verið það hrifinn af óvenjulegri myndatöku og leikstjóranum **Baz Luhrman** að hann langar að leika persónuna aftur. „Ég hef aldrei gert nokkuð þessu líkt og ekkert þessu líkt hefur nokkurn tíma verið gert. Tækifærið að syngja og dansa var stórkostlegt. Mér leið eins og ég væri í sirkus,“ sagði McGregor. „Hver vinnudagur var ólíkur hinum, litirnir, tónlistin og hinn klikkaði Baz. Ég myndi hiklaust gera þetta aftur og myndi glaður taka þátt í Moulin Rouge 2.“

**Ozzy Osbourne** segir fjölskylduna hafa búið á 27 mismunandi heimilum síðustu 25 ár og segist hann vera orðinn hundleiður á sífellum flutningum. Hann segist venjulega ekkert fá að vita af flutningaáætlunum fjölskyldunnar fyrr en konan hans, **Sharon Osbourne**, segir honum frá þeim. „Það eru allir að segja mér að við ætlum að selja húsið okkar í Beverly Hills. Kannski ætlar Sharon að gera það en ég veit ekki neitt um það,“ sagði Ozzy.






■ TÓNLIST




**MEGAS** Tónlistarmaðurinn Megas verður sextugur 7. apríl.

# Megasarhátíð í Austurbæ

Í tilefni af sextugsafmæli Megasar 7. apríl næstkomandi verða haldnir hátíðartónleikar í Austurbæ. Þar koma fram fjölmargir íslenskir tónlistarmenn sem hafa valið sér lag úr brunni Megasar og munu flytja það á tónleikunum með sínu nefi.

Þeir listamenn sem koma fram eru Valgeir Guðjónsson, Pálmi Gunnarsson og Þorsteinn Magnússon, Súkkat, Mínus, Funkstrasse, Magga Stína, Barnakór Biskupstungna, Geirfuglarnir, Dr. Gunni, KK, Ensími, Hjálmar, Jón Ólafsson, Ragnheiður Gröndal, Trabant og Ellen Kristjánsdóttir.

Miðasala á tónleikana hefst þriðjudaginn 22. mars í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg, í Austurbæ og á midi.is. Aðgangseyrir er 2.900 krónur og verður selt í 500 númeruð sæti. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Justin Timberlake** er hinn fullkomni herramaður samkvæmt leikkonunni **Olivia Wilde** sem leikur með honum í myndinni Alpha Dog. Poppstjarnan bað Wilde fyrirgefningar eftir kossaatriði í myndinni. „Hann er svo sætur. Ég fékk að kyssa hann og það var hápunktur lífs míns! Þetta var mjög saklaust og hann bað mig þrisvar sinnum afsökunar eftir á. Leikstjórinn bað Justin um að kyssa mig óvænt svo ég myndi verða hissa í alvörunni og þess vegna munu áhorfendur sjá mig gjörsamlega hissa á kossinum í myndinni,“ sagði Wilde.








# VIÐ TÆKIÐ | Góður Gísli Marteinn

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** HORFÐI Á ÞÁTTINN MEÐ ATHYGLI.

Þetta Eurovisjonþema í þætti Gísla Marteins síðasta laugardag var frábært og ef þátturinn hefði verið sá síðasti í röðinni hefði Gísli Marteinn getað sagst hafa hætt á toppnum. Vona að hann leggi sama metnað í síðustu þættina. Það væri fín tilbreyting að fá fólk í þáttinn sem ekki væri að auglýsa eigin leiksýningar, bækur, geisladiska, fyrirtæki, hljómsveitir, námskeið og tónleika. Þetta plögg er sumsé að gera út af við íslenska sjónvarpsþætti. Toppurinn er samt þegar leikkonan Sigrún Waage kom í þáttinn Fólk með Sirrý. Þátturinn fjallaði um sorgina og talaði hún um missi dóttur sinnar. En hún fór yfir strikið því hún endaði á því að auglýsa eigin rope yoga námskeið. Þá var botninum náð. Aftur að Gísla Marteini. Það skapaði frábæra stemmningu að hafa salinn fullan af fólki og ekki skemmdu gömlu Eurovisjónsvipmyndirnar fyrir gleðinni. Það helltust yfir mig Eurovisjónminningar. Í mínum huga er þó ekkert sem toppar keppnina 2003 þegar ég var stödd í Riga og horfði á Birgittu úti í sal. Í fyrstu fannst mér það vond hugmynd að senda Selmu út á ný. En eftir að hafa heyrt lagið og séð myndbandið er ég algerlega á þeirri skoðun að Selma eigi heima í þessari keppni. Hún glitraði öll í þættinum og var eitthvað svo fersk og flott. Myndbandið er líka langt frá því að vera gamaldags og púkalegt. Veit ekki hvort það var dansarahjörðin, fatnaðurinn eða meiköppið? Það skiptir ekki máli því þetta var að virka. Það eina sem mér fannst ekki vera að virka var gæinn í myndbandinu. Útgeislun hans var við frostmark og fýlusvipurinn hitti ekki í mark.



SELMA BJÖRNSDÓTTIR Á ÁN EFA EFTIR AÐ NÁ LANGT Í KEPPNINNI.



**21.25** *Matur*

Matarveislan mikla 2005. Fyrri hluti þáttar um matarhátíðina Food and Fun sem fór fram í Reykjavík í febrúar.



**22.00** *Spenna*

Navy NCIS. Þátturinn fjallar um sérstaka sveit innan sjóhersins sem rannsakar mál tengd stofnuninni.



**19.15** *Nútíminn*

Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp. Hlynur Sigurðsson skoðar fasteignamarkaðinn frá ýmsum hliðum.

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Arthur (96:105)

**18.30** **Frumskógarlíf (5:6)** (Serious Jungle)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Everwood (3:22)** (Everwood II)
**20.45** **Mósaík** Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál. Umsjónarmenn eru Jónatan Garðarsson, Steinunn Þórhallsdóttir og Arnar Þór Þórisson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **21.25** **Matarveislan mikla 2005 (1:2)** Þáttur um matarhátíðina Food and Fun sem fram fór í Reykjavík í febrúar. Umsjónarmaður er Þórunn Lárusdóttir og um dagskrárgerð sér Helgi Jóhannesson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Dauðir rísa (6:8)** (Waking the Dead III)

**23.10** Örninn (7:8) **0.10** Kastljósið **0.30** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Hidden Hills (e) **13.20** Game TV **13.45** Married to the Kellys (e) **14.05** George Lopez 3 (e) **14.30** Scare Tactics (e) **14.50** Derren Brown – Mind Control (e) **15.15** Extreme Makeover (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30** **Amazing Race 6 (12:15)** (Kapphlaupið mikla)
**21.15** **Las Vegas 2 (12:22)** (When You Got To Go, You Got To Go)
▶ **22.00** **Navy NCIS (2:23)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Aðalhlutverkið leikur Mark Harmon.
**22.45** **The Wire (9:12)** (Sölumenn dauðans 3) Myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi. Stranglega bönnuð börnum.

**23.40** Twenty Four 4 (e) (Stranglega bönnuð börnum) **0.25** Nip/Tuck 2 (e) (Stranglega bönnuð börnum) **1.20** Cold Case 2 (e) (Bönnuð börnum) **2.05** Evil Woman **3.40** Fréttir og Ísland í dag **5.00** Ísland í bítið (e) **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** Malcolm In the Middle (e) **7.30** Innlit/útlit (e) **8.20** One Tree Hill (e) **9.10** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist **17.50** Cheers – 1. þáttaröð (12/22)

**18.20** One Tree Hill (e)

▶ **19.15** **Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp**
**19.30** **Allt í drasli (e)** Hver þáttur segir frá einstaklingi eða fjölskyldu, venjulegu fólki, sem hefur hreinlega gefist upp á því að þrífa í kringum sig. Stjórnendur þáttarins verða tveir, Heiðar Jónsson snyrtir og Margrét Sigfúsdóttir skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík.
**20.00** **The Mountain** Colin reynir að koma vel fram við Carver-fjöskylduna þar sem David seldi honum land. Colin borðar morgunmat með David og Max, kaupir kjól handa Mariu og býður bræðrunum í veislu.
**21.00** **Innlit/útlit**
**22.00** **Queer Eye for the Straight Guy**
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Survivor Palau (e) **0.15** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 1. þáttaröð (12/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Blow Dry **8.00** The Big One **10.00** Possession **12.00** Try Seventeen **14.00** Blow Dry **16.00** The Big One **18.00** Possession **20.00** Try Seventeen **22.00** Two Ninas **0.00** Cheats (Bönnuð börnum) **2.00** Get Well Soon (Bönnuð börnum) **4.00** Two Ninas

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** T.D. Jakes **8.30** Robert S. **9.30** Ron P. **10.00** Joyce M. **10.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **11.00** Um trúna og tilveruna **11.30** Maríusystur **12.00** Fíladelfía (e) **13.00** Í leit að vegi Drottins **13.30** Acts Full Gospel **14.00** Joyce M. **14.30** Ron P. **16.00** Robert S. **18.00** Joyce M. **19.30** Um trúna og tilveruna **20.00** Robert S. **21.00** Ron P. **21.30** Joyce M. **22.00** Dr. David Cho **22.30** Joyce M.

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Ski Jumping: World Cup Planica **13.30** Football: Eurogoals **14.30** All sports: WATTS **15.00** Curling: World Championships (women) Scotland **17.30** Trial: World Indoor Championships Rome **18.30** Ski Jumping: World Cup Planica **19.30** Boxing **20.00** Boxing **22.00** Trial: World Indoor Championships Rome **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Football: UEFA Champions League Classics **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Wildlife **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Fimbles **14.35** Bill and Ben **14.45** The Story Makers **15.05** Serious Jungle **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Bargain Hunt **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Wildlife Specials **20.00** Top Gear Xtra **21.00** The Mystery of the Jurassic **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Leonardo **1.00** Great Romances of the 20th Century

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Doctor **12.30** Emergency Vets **13.00** Natural World **14.00** Natural World – Bowerbirds **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Natural World **20.00** Natural World – Bowerbirds **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Earthquakes **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Chimp Diaries **14.00** Air Crash Investigation **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Attacks of the Mystery Shark **17.00** Battlefront **18.00** Earthquakes **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Chimp Diaries **20.00** Attacks of the Mystery Shark **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Pearl Harbour – Legacy of Attack **0.00** Interpol Investigates **1.00** Air Crash Investigation

**DISCOVERY**
**12.05** Rivals **13.00** American Casino **14.00** Battlefield **15.00** Extreme Machines **16.00** Rex Hunt Fishing Adventures **16.30** Cast Out **17.00** Big Stuff **18.00** Scrapheap Challenge **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Hindenburg Disaster **23.00** Forensic Detectives **0.00** Extreme Machines **1.00** Weapons of War

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Newlyweds **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Punk'd **22.30** SpongeBob SquarePants **23.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Whitney Houston Rise & Rise Of **21.00** Best of Whitney **21.30** Mel Gibson Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Vegging Out **13.35** Crime Stories **14.30** What Men Want **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** The Review **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Crime Stories **18.45** The Review **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Spicy Sex Files **22.50** Men on Women

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** Life is Great with Brooke Burke **12.30** Love is in the Heir **13.00** E! News **13.30** Behind the Scenes **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Sensational Crimes of Fashion **18.00** Love is in the Heir **18.30** The Soup **19.00** E! News **19.30** Love is in the Heir **20.00** 101 Sensational Crimes of Fashion **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** 101 Sensational Crimes of Fashion **0.00** E! News **0.30** Love is in the Heir

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Foster's Home for Imaginary Friends **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Johnny Bravo **16.40** Samurai Jack **17.05** Megas XLR **17.30** Tom and Jerry **17.55** Scooby-Doo **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**
**13.10** Namu, The Killer Whale **14.40** The Charge of the Model Ts **16.10** Shake Hands with the Devil **18.00** Romantic Comedy **19.40** Joseph Andrews **21.20** Return to Paradise **22.50** The Fantasticks **0.15** Juice **1.50** Savage Streets **3.25** The Last Time I Saw Archie

**TCM**
**20.00** The Shop Around the Corner **21.35** The Letter **23.10** The Public Enemy **0.30** Ringo and His Golden Pistol **2.00** The Wind **3.25** Mrs. Brown, You've Got a Lovely Daughter




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**MÓSAÍK** *Sjónvarpið* **kl. 20.45.**

## *Laugavegurinn tekinn til kostanna*

***Þátturinn er textaður á síðu 888 í Textavarpi.***

Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt tekur Laugaveginn til kostanna. Rætt er við Steinunni Helgu Sigurðardóttur myndlistarkonu, sem rekur gallerí GUK+ ásamt þremur félögum sínum í Danmörku, á Selfossi og í Berlín. Meistarabakarinn Hafliði Ragnarsson sýnir hvað súkkulaði getur verið góður efniviður í listaverk. Þorsteinn J. Vilhjálmsson slær á léttskýjaða strengi og Hljómsveit Björns Thoroddsen leikur sálmadjass í tilefni páskahátíðarinnar. Umsjónarmenn eru Jónatan Garðarsson, Steinunn Þórhallsdóttir og Arnar Þór Þórisson.



Guja Dögg Hauksdóttir

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„The Miami yacht races were never like this.“**

**Svar:** Lögregluþjóninn Ware úr kvikmyndinni The Enemy Below frá árinu 1957.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Góðan dag með Róbert Marshall. 9.03 Dagmál Odds Ástráðssonar og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. 13.01 Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

14.03 Dýraþátturinn - Umsjón: Begga og Júlía. E. 15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Rölt á milli grafa **15.03** Vísindi og fræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Á þjóðlegu nótunum **21.00** Í hosíló **22.15** Lestur Passíusálma **22.23** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Rökkurrokk

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Gettu betur **21.25** Tónlist að hætti hússins **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13:00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju **22.00** Lífsaugað með Þórhalli miðli

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** HEILSUHORN GAUJA LITLA **18.00** Meinhornið (e) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**19.45** *Íþróttir*

**Intersport-deildin. Fjögurra liða úrslit verða í beinni útsendingu í kvöld.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.00** David Letterman

**18.45 The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.15 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.45 Intersport-deildin** (4 liða úrslit) Bein útsending frá öðrum leik Fjölnis og Snæfells í undanúrslitum.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** Intersport-deildin (4 liða úrslit)

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.20** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Tvíhöfði (e) **19.30** Ren & Stimpy **2 20.00** Animatrix **20.30** I Bet You Will **21.00** Real World: San Diego **22.03** Jing Jang **22.40** Amish In the City

### HALLMARK

**12.00** I Do But I Don't **13.45** Jason and the Argonauts **15.15** A Season For Miracles **17.00** Touched By An Angel II **18.00** Apollo 11 **19.30** Law & Order **20.15** 3 A.M. **21.45** Who Killed Atlanta's Children?

### BBC FOOD

**12.00** Tales from River Cottage **12.30** Friends for Dinner **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Soul Food **14.30** The Tanner Brothers **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Sophie's Weekends **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Thirsty Traveller **18.00** Beauty and the Feast **18.30** Antonio Carluccio's Italian Feast **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Soul Food **20.30** Kitchen Takeover **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Gondola On the Murray **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.15** High 5 **12.40** Hunde på job **13.10** Lægens bord **13.40** Juulia's Sandheder **14.25** Muppet Show **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **15.30** Ungefair **16.00** Vores vilde verden **16.05** Jagten på ilden **16.30** Alt om dyr **17.00** Tvillingerne Lise og Lotte **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Fint skal det være **18.30** Jeg elsker b¢fler **19.00** Ryd op i dit liv **19.30** Tæt på Dyrene **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.35** På den anden side af paradis **22.15** Titanic – skibet der ikke kunne synke **23.40** OBS **23.45** Sorte skæbner **1.00** Boogie **1.30** Ungefair

### SV1

**12.10** Ulveson och Herngren **13.15** Kurragömma **15.00** Rapport **15.05** Mitt i naturen **15.35** Min galna familj **16.00** Mitt jobb **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Lilla röda traktorn **17.10** Klara färdiga gå! **17.20** Alice från Kina **17.30** Hjärnkontoret **18.00** Stallkompisar **18.25** Tracks video **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Orka! Orka! **20.45** 24 Nöje **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Sverige! **22.50** P.S. **23.20** Världscupen i hästhoppning **0.10** Sändningar från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fá ávextirnir úr Ávaxtakörfunni sem heimsóttu börnin á Barnaspítala Hringsins og gáfu þeim plötur og páskaegg.*

## SÉRFRÆÐINGURINN

SÉRA KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON SEGIR KYRRUVIKU FYRIR PÁSKA VERA TÍMA UMHUGSUNAR.

# Eilíft líf er ómetanleg gjöf

Í gær var pálmasunnudagur, upphaf kyrruviku fyrir páska. Flestir eru komnir með spenning í magann yfir hinum kærkomnu frídögum sem Kristur gefur, en fæstir gefa sér tíma til trúarlegs undirbúnings.

„Það er mikilvægt að fólk horfist í augu við ferli kyrruviku og geti fagnað trúarlegri upprisu af því að Kristur dó á krossinum,“ segir séra Kristján Valur Ingólfsson, lektor í guðfræði við Háskóla Íslands. „Hægt er að fara á kyrrðardaga og sækja helgihald í kirkjum, en flest erum við upptekin í erli dagsins og þá skiptir máli að taka frá tíma fyrir sjálfan sig. Á www.kirkjan.is má finna stutta texta fyrir hvern dag kyrruviku sem hugsaðir eru fyrir tímabundið fólk. Því er gott að gefa sér tíma á morgnana og skoða trúarlega innihald dagsins og fylgjast með frá degi til dags þar til páskarnir koma með allri sinni gleði.“

Kristján segir undirbúning páska mikilvægan öllum trúuðum, hvort sem menn trúa mikið eða lítið.

„Þetta er tími til að skoða hvernig maður stendur gagnvart sínu trúarlega umhverfi, alltaf frammi fyrir augliti Guðs. Reynir maður að haga lífi sínu eins og því sæmir? Að finna hið heilaga hjá sjálfum sér, rækta það og umhverfi sitt. Í öllu atinu er svo mikils virði að hugleiða hver maður er í þessu lífi; er maður að koma sjálfum sér til skila, nýta hæfileika sína og þær Guðs gjafir sem manni voru gefnar? Er maður að reynast öðru fólki eins og maður vill? Þessar spurningar vakna þegar einhver hefur gefið manni mjög mikið, eins og eilíft líf fyrir það að Jesús dó á krossinum, sem er ómetanleg gjöf sem maður vill deila með öðrum, og kannski í þakklætisskyni vera almennileg manneskja, jafnvel betri en hina dagana.“

Og séra Kristján segir gott að vera manneskja. „En hafi maður týnt gleðinni getur maður fundið hana í gegnum þau tákn sem eru allt um kring, bæði trúarlegum í textum Biblíunnar sem og náttúrunni sem er að vakna. Og fyrir þá sem standa frammi fyrir raunum og sorgum er sterkt að horfast í augu við atburði kyrruviku og geta glaðst á páskum yfir undri lífsins og því að sá sem dó, hann lifir hjá Guði.“





**Lárétt:**
**1** nærvera, **6** reyki, **7** skyldir, **8** tveir eins, **9** flýtir, **10** vandlæting, **12** maka, **14** líkamspart, **15** troðningur, **16** ær, **17** hag, **18** skordýr.

**Lóðrétt:**
**1** hluti sólarhrings, **2** kærleikur, **3** sex, **4** einstök, **5** nem, **9** flýti, **11** kenna góða siði, **13** nóa, **14** fugl, **17** rykkorn.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** návist, **6** ósi, **7** ée, **8** tt, **9** ark, **10** uss, **12** ata, **14** lím, **15** ös, **16** óð, **17** akk, **18** maur.
**Lóðrétt:** **1** nótt, **2** ást, **3** vi, **4** sérstök, **5** tek, **9** asa, **11** siða, **13** aska, **14** lóm, **17** ar.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jörmundur Ingi Hansen, Reykjavíkurgoði og fyrrum allsherjargoði.
2. Fernando Alonso á Renault.
3. Ávaxtakörfunni.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á ÞRIÐJUDÖGUM

BETSSON.COM: ÍSLENSKUR VEÐBANKI Á NETINU

# Tugir veðjuðu um Idol

Veðbankinn Betsson er farinn af stað hér á landi á íslensku á heimasíðunni betsson.com. Heimasíðan gerir kleift að veðja á leiki á móti öðrum spilurum hvar sem er í heiminum í stað þess að spila á móti veðbanka.

Betsson er enskt fyrirtæki sem er staðsett í London. Hefur það leyfi til veðmálastarfsemi sem var gefið út af rétti í London sem heyrir undir bresku ríkisstjórnina.

„Þú getur valið hvort þú kaupir miða í 1X2 eða ferð þarna og spilar bara í gegnum Betsson. Þar spilarðu við miklu stærri hóp og þú getur ráðið þínum stuðlum sjálfur,“ segir Ólafur Sigurvinsson, talsmaður veðbankans á Íslandi. „Þetta veitir miklu meira frelsi fyrir spilarann því þarna er engin fyrir fram ákveðin lengja.“ Að sögn Ólafs starfar enginn hér á landi fyrir Betsson en um þrjátíu manns vinna við heimasíðuna úti í Bretlandi og er markmiðið að setja hana á sem flest tungumál.

Íslensk stjórnvöld vita af heimasíðunni en Ólafur telur að þau geti ekki stöðvað starfsemina. „Sænsk stjórnvöld reyndu að stoppa þetta en þeim mistókst. Þau vildu að þeir myndu sækja um leyfi sem hefði væntanlega verið hafnað. Mér finnst þetta ekkert ólöglegra en t.d. áfengisauglýsingar í erlendum tímaritum eða í gervihnattasjónvarpi,“ segir hann og telur ekki að fjöldi spilasjúklinga muni aukast hér á landi vegna síðunnar. „Það getur hver sem er keypt sér lottómiða og fólk getur setið heima hjá sér og spilað póker á netinu við fólk úti um allan heim. Það er bara hægt að gera þetta í staðinn fyrir að kaupa miða úti í búð.“

Töluvert hefur verið veðjað hér á landi eftir að heimasíðan var sett á fót. Meðal annars veðjuðu tugir manna um úrslit Idol-keppninnar á dögunum og var Hildur Vala með hærri stuðul en Heiða. „Það er meiningin að setja séríslenska viðburði þarna inn. Eurovision-keppnin verður þarna með vorinu og síðan er hægt að gera þetta meira staðbundið og veðja um úrslit kosninga eða um einhver hitamál sem eru í gangi,“ segir Ólafur.

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ÓLAFUR SIGURVINSSON** Ólafur telur að íslensk stjórnvöld geti ekki lokað fyrir heimasíðuna betsson.com.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Samsæriskenningarsmiðir hafa setið sveittir við eftir að **Markús Örn Antonsson** útvarpsstjóri ákvað að ráða **Auðun Georg Ólafsson** í stöðu fréttastjóra Útvarpsins. Flestar kenningarnar tengjast Framsóknarflokknum með einum eða öðrum hætti. Framsóknartengingar nýja fréttastjórans virðast þó hafa slegið fólk ákveðinni blindu þar sem öll vötn í þessu máli renna til Safamýrar og knattspyrnufélagsins Fram en ekki Framsóknarflokksins. Allir lykilmenn í þessu máli tengjast nefnilega innbyrðis í fótboltaklúbbi blástakkanna. **Steingrímur Ólafsson**, upplýsingafulltrúi í forsætisráðuneytinu, er dyggur Framari og hefur verið virkur í starfi félagsins rétt eins og góðvinur hans Auðun Georg. Framsóknar- og útvarpsráðsmaðurinn **Pétur Gunnarsson**, sem varið hefur ráðningu Auðuns með kjafti og klóm, er einnig Framari sem og sjálfur útvarpsstjórinn, Markús Örn, en sonur hans **Anton Björn Markússon** lék á sínum tíma knattspyrnu fyrir Safamýrarliðið með slíkum tilþrifum að eftir var tekið.



Þá er **Alfreð Þorsteinsson**, borgarfulltrúi R-listans og höfuðpáfi framsóknarmanna í Reykjavík, einnig heitur Framari að ógleymdum **Finni Ingólfssyni**, fyrrverandi varaformanni Framsóknarflokksins og núverandi forstjóra VÍS, en það vill svo skemmtilega til að VÍS er einn helsti styrktaraðili Framliðsins, sem leikur knattspyrnu í búningum með merki tryggingarfélagsins. Það hefur vakið athygli að Framgengið hefur hunsað tilmæli **Boga Ágústssonar**, forstöðumanns fréttasviðs RÚV, í fréttastjóramálinu en Bogi er ákafur KR-ingur og er því síður en svo öfundsverður af því hlutskipti að þurfa að standa einn frammi fyrir þéttri Framvörninni. Gömlu Reykjavíkurliðin, Fram og KR, hafa eldað grátt silfur saman gegnum tíðina og litlir kærleikar með liðs- og stuðningsmönnum þeirra á vellinum og þannig má rifja upp að Bogi lýsti því yfir í blaðaviðtali fyrir allnokkrum árum að hann hataði Framara. Sú tilfinning hefur varla mildast eftir að Framlið RÚV einangraði hann á hliðarlínunni utan vallar.







Arzberg
GERMANY
Kynning!



Kynnum úrval af postulíni frá Arzberg.
Falleg hönnun og vönduð vara.
Kynningarverð!

Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is


# Kúrekaklappstýrur á Íslandi

Föngulegur hópur klappstýra frá bandaríska ruðningsliðinu Dallas Cowboys var staddur hér á landi um síðustu helgi til að skemmta bandarískum hermönnum í herstöðinni í Keflavík.

Klappstýrurnar notuðu tækifærið og skoðuðu sig um hér á landi og sást meðal annars til þeirra í Hallgrímskirkju. Fóru þær upp í turninn og dáðust að fögru útsýninu yfir Reykjavík og nágrenni. Að sögn þeirra sem sáu til hópsins voru þarna á ferðinni indælisstelpur sem virtust njóta dvalarinnar vel.

Íslandsferðin var lokahnykkurinn í för þeirra um Evrópu sem hófst 8. mars. Heimsóttu klappstýrurnar einnig hermenn í Þýskalandi, Belgíu og Englandi og sýndu fyrir þá skemmtidagskrá sína sem stendur yfir í 90 mínútur.

Auk þess að skemmta á leikjum Dallas Cowboys hafa klappstýrur liðsins ferðast vítt og breitt um heiminn á undanförnum 34 árum til að skemmta hermönnum. Fór meðal annars hluti þeirra til Íraks árið 2003 og einnig eyddu þær síðustu jólum hjá bandarískum hermönnum í Suður-Kóreu. ■



**KLAPPSTÝRUR** Hluti af þessum föngulega hópi klappstýra frá Dallas Cowboys var staddur hér á landi um síðustu helgi.


IMPORTED
FAXE BREWERY
SINCE 1901
FAXE
PREMIUM
Besti vinurinn
Léttur öllari

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Veldu ódýrt bensín + ávinning!
Kvittun fylgir ávinningur!
ego
Meira fyrir peninginn




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## Menning og mínímalismi

Hver getur sungið best? Hver getur lést mest? Hver er flottasta fyrirsætan? Hver getur lifað af á eyðieyju? Hverjum er hægt að breyta mest með lýtaaðgerðum? Hver getur innréttað íbúðina sína flottast? Hver kemst fyrstur á leiðarenda í kapphlaupinu mikla? Hvernig má leiðrétta óþekktarorma á mettíma? Hver getur verið lengst frá maka sínum án þess að halda framhjá? Geta fimm kraftaverkahommar breytt púkó í smart á einum eftirmiðdegi? Hver er að henda á haugana og taka upp mínímalismann inni hjá sér?

**SJÓNVARPSFLÓRAN** er svo skemmtilega fjölbreytt og uppbyggjandi. Söngelskir krakkar taka við skítkasti og hrósi frá poppurum. Harðgerðir naglar á eyðieyju standa af sér fellibyl, baktal og blóðusuguárásir. Grátandi karl í yfirvigt er rekinn af skjánum af því að hann étur í laumi og léttist ekki. Áhorfendur eru í meðferð. Um þá hríslast sælustraumur yfir eigin tilvist um leið og þeir fylgjast með hremmingum annarra. Lýtalæknar breyta þreyttri húsmóður með undirmaga og bauga í glæsikvendi. Þeir mæta eins og innanhússarkítektar og endurskipuleggja – skera hér og sjúga þar, stækka brjóst og minnka, dæla bótoxi á rétta staði og gjörið svo vel: þreytta húsmóðurdruslan er horfin. Áhorfendur anda léttar. Hvílíkur munur fyrir konuna og alla hennar ættingja, svo ekki sé minnst á eiginmanninn.

**MÍNÍMALISMINN** yfirtekur hús í úthverfi. Áhorfendur fylgjast með múrbroti og massívum innréttingum sem eiga ekki lengur samleið með eigendum. Sorpa tekur við púkó dóti sem tilheyrir maxímalismanum. Allt annað líf, dæsa þátttakendur – og áhorfendur heima líka. En hvað svo? Næst væri til dæmis hægt að senda ædolkeppendur í sörvævor, megrunarhópana í kapphlaupið mikla, lúna fólkið og lýtalæknana á fyrirsætumótið og ofurfóstruna í söngvakeppni.

**SJÓNVARPSGLUGGINN** miðlar menningunni á meðan þjóðin skeggræðir um tilgang ríkissjónvarps. Frjálsir miðlar ráða sér metnaðarfulla innkaupastjóra með menningarhlutverk sem leita vítt um veröld eftir vönduðu menningarefni. Því fer fjarri að mínímalisminn ráði þar ríkjum. Menn spyrja sig um menningarhlutverk RÚV og klóra sér í kollum því hver þarf innlenda dagskrárframleiðslu þegar úrvalið að utan er svo magnað?


MARSTILBOÐ
Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI

NISSAN
SKIPT_um væntingar

Gengið rétt fyrir lokun 21. mars
USD 58.63
JPY 0.56
EUR 77.50



EKKI LÁTA 200.000 KR. KAUPAUKA GANGA ÞÉR ÚR GREIPUM!
Dráttarbeisli, þakbogi og 33” dekk eru á öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í mars 2005.

NISSAN PATROL
Þó að hann sé nú þegar í uppáhaldi þeirra sem þekkja til fjórhjóladrifinna bíla þá eru núna sterkari rök fyrir því að þú veljir Nissan Patrol GR en nokkru sinni fyrr. Nýja 3,0 lítra túrbó dísilvélin með beinni innspýtingu er með allt að 40% meira tog og 20% meira afl en eldri vélar. Hún er um leið sparneytnari, hröðunin er meiri og dráttur eftirvagna auðveldari.

Luxury 3,0 TDI dísil
– Sjálfskiptur
– 160 hestöfl
– 5 dyra

PATROL LUXURY 3,0
Eldra listaverð: ~~4.580.000~~
Nýtt listaverð: 4.360.000

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

Fiton/SÍA FI012197

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100 | **Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230 | **Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141 | **Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808 | **Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376 | **Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | **Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453 | **Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540 | **Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960 |



100% veðsetningarhlutfall
Frjáls íbúðalán
4,15%
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is
Himinn og haf/SÍA